# FRÉTTABLAÐIÐ

153. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 30. JÚNÍ 2018




# Erum í þessu saman

Emil Hallfreðsson og Ása Reginsdóttir segja frá lífi sínu á Ítalíu og afar stífum undirbúningi fyrir HM. „Hún stendur með mér. Ég stend með henni,“ segir Emil. →20



Hótelið verður byggt að hluta inn í jörðina og í kringum hótelið verða um 20 hús í svipuðum stíl. Þetta verður svona eins og álfabyggð.

Jakob Frímann Magnússon

## Milljarða króna samfélag fútúrista í Lóni

→24







## Veður




Suðvestlæg átt. Rigning víða vestan til á landinu fram yfir hádegi en skúrir víða um land síðdegis, síst þó á Austfjörðum. Hiti 10 til 19 stig, hlýjast austanlands. SJÁ SÍÐU 34



**Reiðubúnir á hálendisvaktina.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Sjálfboðaliðar vakta hálendið

**LANDVERND** Hálendisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar þetta sumarið var ýtt úr vör í gær þegar fyrsti hópur sjálfboðaliða lagði af stað frá Norðlingaholti í gær. Hálendisvaktin er í Landmannalaugum, Nýjadal á Sprengisandi og Drekagili norðan Vatnajökuls.

„Á hverju sumri taka um 200 manns þátt í verkefninu og sinna rúmlega 2.000 útköllum, margir nýta þannig hluta af sumarfríinu sínu og standa vaktina í góðum félagsskap í viku í senn,“ segir í tilkynningu. – **gar**

## Borgin kaupir á 752 milljónir

**REYKJAVÍKURBORG** Borgarráð hefur samþykkt kaup á Arnarbakka 2-6 í Neðra-Breiðholti og Völvufelli 11 og 13-21.

Borgin greiðir 752 milljónir króna fyrir þessar eignir.

„Reykjavíkurborg hyggst endurlífga þessa hverfiskjarna,“ segir í tilkynningu. Íbúar geri kröfu um aukna fjárfestingu í hverfinu og að verslunarkjarnar þar verði gerðir upp til að festa þjónustu og verslun í sessi.

„Í Arnarbakka voru eitt sinn fjölbreyttar verslanir og þjónusta en undanfarin ár hefur verið afar lítið um að vera þar. Svipað er uppi á teningnum í Völvufelli en þar í kring hefur samt verið nokkuð líflegt starfsemi.“ – **gar**

## Stund á Hakinu



Ferðamenn sem stigu fram á Hakið í gær létu ekki hjá líða að mynda fegurð Þingvalla í grið og erg. Þótt skýjað væri og þungbúið var stillt í veðri og kyrrð ríkti í þjóðgarðinum. Talið er að 1,2 milljónir manna hafi heimsótt friðlandið í fyrra og fjöldinn er enn að vaxa ár frá ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ísland taki sæti

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar munu leysa Bandaríkjamenn af hólmi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Í frétt frá stjórnarráðinu segir að samstaða hafa náðst í ríkjahópi Vesturlanda hjá SÞ um að Ísland gefi kost á sér til að taka sætið sem losnaði í mannréttindaráði en Bandaríkin sögðu sig úr ráðinu á dögunum.



**Katrín Jakobsdóttir forsetisráðherra.**

Því sé gert ráð fyrir að Ísland verði eitt í kjöri í aukakosningum til ráðsins í allsherjarþinginu í næsta mánuði.

„Ísland hefur getið sér gott orð fyrir framgöngu sína í mannréttindamálum,“ er haft eftir Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. – **gar**

# Íslendingar flykkjast í ljósabekkina í vætutíð

**Nóg er að gera á sólbaðsstofum. Virðist mikill munur frá því í fyrra. Þeir sem ekki hafa sótt ljósabekki í áraraðir og jafnvel nýgræðingar flykkjast í ljós sökum sólarleysis á landinu. Rigningartíð heldur áfram að mestu nema á Austurlandi, þar er sól.**

**VEÐUR** Ef marka má umræður á samfélagsmiðlum undanfarnar vikur sárnar Íslendingum hversu lengi sumarið hefur látið bíða eftir sér. Höfuðborgarbúar hafa sumir hverjir flúið land eða leitað skaplegra veðurs á Austur- eða Norðurlandi.

Sumir njóta hins vegar góðs af þessari stöðugu vætutíð og það eru sólbaðsstofurnar.

„Já, já, það er brjálað að gera hjá okkur og mikið bókað. Það er eiginlega búið að vera þannig síðan í apríl,“ segir Ásrún Þóra Sigurðardóttir, starfsmaður Stjörnusólar í Hafnarfirði. „Það er bara ekkert sumar hérna, svo einfalt er það.“

Ásrún segir að mikill munur sé á umferð á sólbaðsstofuna frá því í fyrra.

„Já, það er munur. Það eru allir í sumarfríi á þessum tíma en ekki eins mikið núna. Einhverjir fara utan en þeir sem verða eftir koma til okkar. Hingað eru einnig að koma einstaklingar sem hafa ekki farið í ljós svo árum skiptir. Sumir hafa aldrei farið áður,“ segir hún og hlær. Einhvern tímann verður allt fyrst.

Sigríður Jónasdóttir, starfsmaður á sólbaðsstofunni Smart, tekur í sama streng.



**Sigríður segir oftast þéttbókað hjá þeim á Smart.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Fólk kemur hingað til að næla sér í smá lit. Það er yfirleitt rólegt á sumrin en við finnum mikinn mun frá því í fyrra.**
>
> Sigríður Jónasdóttir

„Jú, það er alveg nóg að gera. Það er mjög þétt bókað hjá okkur enda fáum við ekki að sjá neina sól. Fólk kemur hingað til að næla sér í smá lit. Það er yfirleitt rólegt á sumrin en við finnum mikinn mun frá því í fyrra.“

Þá er einnig mikið að gera hjá Sælunni sólbaðsstofu í Kópavogi.

„Það er nú alltaf töluvert mikið að gera hjá okkur, hvort sem um ræðir sumar eða vetur, en þetta er bara mjög fínt. Stórfínt,“ segir Sigurður Davíðsson, starfsmaður á Sælunni.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er ekki von á miklum breytingum á veðurfari í öllum landshlutum.

Austurland er eini landshlutinn þar sem hlýju og sól er að finna og ætla má að það haldist í einhvern tíma.

„Það er glampandi sól á Austurlandi en ekki búist við miklum breytingum á veðri neins staðar á landinu. Rigningartíðin heldur því áfram að mestu,“ segir Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

**gj@frettabladid.is**

Morgunmatur frá kl. 7



BERGSSON
MATHÚS
TEMPLARASUND 3, 101 REYKJAVÍK, TEL: 5711822, WWW.BERGSSON.IS


Kringlan
30 ára
Af öllu hjarta
ÚTSALA
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
EIN STÆRSTA ÚTSALA LANDSINS ER HAFIN!
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 24.06.2018 TIL 30.06.2018

**200** bílar óku austur eftir Hringbraut við Njarðargötu þegar leikur Íslands og Argentínu á HM stóð yfir laugardaginn 16. júní. Venjulega fara þar 1.800 bifreiðar á klukkutíma.

**900 milljónir** króna tæpar hyggst Reykjavíkurborg taka að láni til að kaupa upp fasteignir á tveimur stöðum í Breiðholti og á einum stað við Borgartún. Markmiðið er að efla svokallaða hverfakjarna.

**31** nefnd af þeim 170 nefndum sem ráðuneyti skipuðu á árinu 2017 er ekki skipuð í samræmi við lögin um að gæta skuli þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast í nefndum og ráðum á vegum ríkis og sveitarfélaga.

**1 milljón** króna verður hámark dagsekta Vinnueftirlitsins. Hámarkið var áður 100 þúsund.

**8.200** voru án vinnu og í atvinnuleit í maí samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Hlutfall starfandi af mannfjölda var 80,1% en hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 3,9%.

**30%** tekna Íslenska gámafélagins má rekja til útflutnings eða rúmlega milljarð miðað við síðasta ár.

## Þrír í fréttum
### Stolt, lækkun launa og gleymska

**Heimir Hallgrímsson**
*þjálfari karlalandsliðsins í fótbolta*



kvaðst ekki geta verið stoltari eftir frammistöðu liðsins gegn Króatíu á HM. Heimir sagði menn svekkta en að liðsheildin hefði verið frábær. „Ég er sáttur og stoltur af liðinu. Við sýndum að við eigum heima hérna og getum keppt við þá bestu.“

**Ármann Kr. Ólafsson**
*bæjarstjóri Kópavogs*



lagði til að laun hans og kjörinna fulltrúa bæjarins yrðu lækkuð um 15 prósent. Laun bæjarstjórans höfðu hækkað um 612 þúsund krónur á mánuði milli 2016 og 2017 eða 32,7 prósent. Sem bæjarfulltrúi og bæjarstjóri er hann með tæpar 2,5 milljónir króna í laun á mánuði. Nái lækkunin fram að ganga verða mánaðarlaun Ármanns rúmlega 2,1 milljón króna.

**Haraldur Sigþórsson**
*verkfræðingur*



sagðist hafa verið niðurlægður og hafa sárnað mjög þegar hann gleymdist við útskriftarathöfn hjá Háskóla Íslands. Haraldur, sem var að útskrifast með BA-próf í kvikmyndafræði, sat í hjólastól sínum á sviðinu með öðrum útskriftarnemum en nafn hans var ekki lesið upp. Kvaðst hann hafa gripið fram í þegar átti að fara að útskrifa annan hóp. Honum hafi þá verið rétt eitthvað annað en prófskírteini.

# Þurfum að breyta kerfinu svo að fólk búi ekki við sára fátækt

**Stór hópur lífeyrisþega fær skertar almannatryggingagreiðslur vegna fyrri búsetu erlendis. Þingmaður Vinstri grænna segir mikilvægt að breyta kerfinu þannig að fólk þurfi ekki að búa við sára fátækt.**




Öryrkjar mótmæltu slæmum kjörum sínum við setningu Alþingis í desember. Margir lífeyrisþegar fá skertar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis. Þingmaður VG segir aðkallandi að taka á vanda þessa hóps. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**LÍFEYRISMÁL** „Þetta er sá hópur lífeyrisþega sem býr við hvað mesta fátækt og það er að fjölga í hópnum,“ segir Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna, um þá lífeyrisþega sem fá skertar greiðslur úr almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis.

Í svari Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og jafnréttismálaráðherra, við fyrirspurn Steinunnar Þóru kemur fram að á síðasta ári hafi rúmlega 3.000 lífeyrisþegar fengið skertar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis. Ellilífeyrisþegar voru 1.762, örorkulífeyrisþegar 1.330 og endurhæfingarlífeyrisþegar 82. Af þessum rúmlega 3.000 lífeyrisþegum voru um 1.800 búsettir á Íslandi.

„Ástæða fyrirspurnarinnar er sú að það er mjög mikilvægt að kortleggja þennan hóp. Það skiptir máli að vita fjöldann til að hægt sé að reyna að breyta kerfinu þannig að fólk þurfi ekki að búa við sára fátækt vegna þess að það hefur starfað hluta ævinnar erlendis.“

Steinunn Þóra segir þetta hóp sem búi við mjög kröpp kjör. Samkvæmt upplýsingum frá Öryrkjabandalagi Íslands eru dæmi um að einstaklingar hafi allt niður í 80 þúsund krónur á mánuði í ráðstöfunartekjur. Alls voru 1.240 af þessum lífeyrisþegum með heildartekjur undir framfærsluviðmiði án heimilisuppbótar eða 39 prósent hópsins.



**Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna.**

„Það er mjög aðkallandi að leysa úr þessu þar sem við sjáum fram á að það muni fjölga enn frekar í þessum hópi á næstu árum. Það hefur lengi verið rætt um að það þurfi að taka á þessum málum en það hefur enn ekki tekist. Þetta er hópur sem við þurfum að fjalla sérstaklega um.“

Mikil fjölgun hefur orðið í þessum hópi en í honum voru alls rúmlega 1.500 manns árið 2010, þar af voru um 900 með búsetu á Íslandi.

„Almannatryggingakerfið okkar er þannig að þú vinnur þér inn rétt til greiðslna með búsetu í landinu. Þannig fá margir bara hlutabætur út úr kerfinu. Það er umhugsunarefni að það hafa verið gerðir samningar þar sem fólk heldur ýmsum réttindum sínum þegar það flytur milli landa til að starfa. En þegar eitthvað kemur fyrir, langvinnir sjúkdómar eða slys, þá erum við ekki með kerfi sem nær að tryggja framfærsluna.“

Steinunn Þóra segir kerfið gera ráð fyrir því að einstaklingar fái greiðslur frá því landi sem viðkomandi hafi búið í. Svar ráðherrans sýni hins vegar að fólk fái oft ekki neinar greiðslur frá fyrra búsetulandi. Það skýrist af ólíkum lögum og reglum, til dæmis um örorkumat. **sighvatur@frettabladid.is**






# Borgin að kaupa undan skógarbúanum

**REYKJAVÍK** „Yfirgangur er það sem ég þoli ekki við mannkynið og þess vegna fer þetta alveg sérstaklega í taugarnar á mér,“ segir Tryggvi Hansen, sem býr í skógi í Reykjavík en óttast að verða ýtt þaðan.

Lóðin sem Tryggvi hefur haft leyfi til að vera á er til sölu og Reykjavíkurborg hefur áhuga á að kaupa.

„Hér kom maður á heljarstórum jeppa og horfði löngunaraugum á allt eins og hann væri að meta hvort hann væri með réttu tækin til að fella hér þetta og hitt. Hann sagði það sitt verkefni að kaupa lönd fyrir hönd borgarinnar og ryðja niður húsum,“ segir Tryggvi.

Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi hjá borginni, segir mann frá eignasviði borgarinnar hafa heimsótt svæðið á fimmtudag til að meta aðstæður. Borgin hafi hreinsað burt talsvert af gömlum kofum á svæðinu enda eigi það að vera til útivistar.

Að sögn Bjarna er nú verið að meta hvort kaupin séu fýsileg, meðal annars út frá kostnaði við að rýma lóðina – eins og verði örugglega gert ef af viðskiptunum verður.



Tryggvi Hansen segist hálf lamaður eftir heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Tryggvi kveðst vera að gera ákveðna tilraun með búsetu sinni í skóginum og biðlar til borgarinnar um skilning. „Ef þeir ætluðu að vera kurteisir og almennilegir ættu þeir að hjálpa mér; annaðhvort að finna betri stað heldur en þann sem ég er á eða þá að þeir ættu að láta mig í friði.“ **– gar**

HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta sumarútsala frá upphafi

# Sumarútsala

## Húsasmiðjunnar og Blómavals

*Allt að*

# 50% afsláttur



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.

## Afslættir sem hitta beint í mark

Garðhúsgögn 30% · Reiðhjól og fylgihlutir 20-30% · Sláttuvélar 25-30% · Hekkklippur 30-40%
Sláttuorf 25-30% · Stigar og tröppur (Elkop) 30% · Sumarblóm 20-50%
Trjáplöntur 30-50% · Fjölærar plöntur 30% · Matjurtir 50% · Garðstyttur 50% · Útipottar 30%
Garðrósir 50% · Stanley loftpressur 25% · Skóflur, kantskerar, gafflar, klórur og hrífur (Green-it) 20-40%
Keðjusagir 30% · Greinakurlarar 20-30% · Úðabrúsar (Pulsar) 40% · Garðverkfæri frá Wolfgarten 30%
Slöngur, úðarar, slönguhjól og byssur (Claber) 25-40% · Hnífapör og eldhúsáhöld 30%
Matarstell, glös og könnur 30% · Bökunarvara 20% · Pottar og pönnur 30% · Katlar og hitakönnur 30%
Hreinsiefni og hreingerningaráhöld 25% · Plastkörfur og box 25% · Strauborð og herðatré 25%
Gjafavörur 25% · True North útivistarfatnaður 40% · Vinnufatnaður 25% · Harðparket (valdar vörur) 30-40%
Viðarvörn og pallaolía 20% · Útimálning 20% · Lady innimálning 25%
... og margt fleira

Byggjum á betra verði

SUMARÚTSALAN ER LÍKA Í VEFVERSLUN HUSA.IS

# Mánaðarlaun ríkisforstjóra hækkuðu um 1,2 milljónir

**Laun forstjóra Landsvirkjunar hækkuðu miklu meira í fyrra en áður hafði verið haldið fram. Ríkisforstjórar hækkuðu margir umtalsvert í launum í júlí í fyrra þegar stjórnir fyrirtækjanna tóku við ákvörðunarvaldi launa þeirra af kjararáði. Stjórn Landsvirkjunar kveðst hafa verið að efna ráðningarsamning forstjórans.**

**KJARAMÁL** Mánaðarlaun forstjóra Landsvirkjunar og bankastjóra Landsbankans hækkuðu um 1,2 milljónir í fyrra þegar ákvörðunarvald launakjara þeirra færðist frá kjararáði með lagabreytingum 1. júlí 2017. Stjórn Landsvirkjunar kveðst hafa verið að efna ráðningarsamning við forstjórann.

Hækkunin kemur í ljós þegar rýnt er í nýleg svör fjármálaráðherra við fyrirspurn Þorsteins Víglundssonar á Alþingi um laun forstjóra fyrirtækja í eigu ríkisins. Ljóst er að launahækkun Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar, er umtalsvert meiri en fyrirtækið hafði áður reynt að telja fjölmiðlum trú um.

Í febrúar greindu fjölmiðlar frá því að laun forstjórans hefðu hækkað um 45 prósent miðað við uppgefin árslaun í ársreikningi. Landsvirkjun sendi frá sér yfirlýsingu þar sem gerð var athugasemd við fréttir af hækkunum og bent á að miðað við meðaltal launa forstjórans hefðu þau hækkað úr 2 milljónum á mánuði árið 2016 í 2,7 milljónir á mánuði að meðaltali í fyrra. Eða um 32 prósent.

Upphæðin 2,7 milljónir er hins vegar meðaltal launa forstjórans yfir 12 mánaða tímabil þar sem þau hækkuðu um mitt árið úr tæplega 2,1 milljón sem kjararáð hafði ákvarðað forstjóranum í tæpar 3,3 milljónir frá og með 1. júlí þegar stjórn ríkisfyrirtækisins hækkaði launin.

Fyrirspurn Þorsteins afhjúpar hvaða breytingar hafa orðið á launum ríkisforstjóranna við þá tilfærslu að stjórnir fyrirtækjanna tækju við launaákvörðunarvaldi af kjararáði.

Svarið leiðir í ljós að laun forstjóra Landsvirkjunar hækkuðu um 58 prósent, laun bankastjóra Landsbankans hækkuðu um 56 prósent, forstjóra Isavia um 36 prósent og Íslandspósts um 25 prósent. Aðrir forstjórar hækkuðu umtalsvert minna og aðeins forstjóri Kadeco lækkaði í launum, eða um 16 prósent.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins bendir Landsvirkjun á að með launahækkun forstjórans hafi stjórnin aðeins verið að efna ráðningarsamning við forstjórann. Stjórnin hafi gert ráðningarsamning við Hörð árið 2009 en þegar hann var færður undir kjararáð í febrúar 2010 hafi þau lækkað verulega. Stjórnin hafi mótmælt því og lýst því yfir að hún myndi leiðrétta launakjör forstjórans í samræmi við upphaflega ráðningarsamninginn.

„Til þess að efna ráðningarsamninginn og í samræmi við samþykkt fyrri stjórnar ákvað stjórn Landsvirkjunar á síðasta ári að uppfæra laun forstjóra með hliðsjón af launaþróun og tók breytingin gildi 1. júlí 2017 […] Mánaðarlaun forstjóra voru tæp 2,1 milljón króna fyrir breytinguna en um mitt ár urðu þau tæpar 3,3 milljónir eftir breytinguna.“

Þess ber að geta að fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi stjórnum ríkisfyrirtækja tilmæli í ársbyrjun 2017 þar sem þær voru hvattar til að stilla öllum launahækkunum forstjóra í hóf eftir breytingarnar 1. júlí. Mýmörg dæmi eru nú um að þau tilmæli hafi verið hunsuð.

mikael@frettabladid.is



Enginn ríkisforstjóri hækkaði jafnmikið í launum og Hörður Arnarson við að færast undan kjararáði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Áhrif lagabreytinga 1. júlí 2017 á forstjóralaun

| | Landsvirkjun | Landsbankinn | Isavia | Íslandspóstur |
|---|---|---|---|---|
| Mánaðarlaun fyrir | 2.089.087 | 2.089.093 | 1.747.891 | 1.435.941 |
| Mánaðarlaun eftir | 3.294.677 | 3.250.000 | 2.380.000 | 1.795.000 |
| Hækkun í kr. | 1.205.590 | 1.160.907 | 632.109 | 359.059 |
| Breyting í % | 58% | 56% | 36% | 25% |



Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Birta greiðslur til fyrrverandi þingmanna

**ALÞINGI** Forsætisnefnd Alþingis hyggst birta upplýsingar um laun og greiðslur til þeirra alþingismanna sem voru kjörnir á tímabilinu 2007-2016 með sambærilegum hætti og gert er varðandi núverandi þingmenn. Upplýst var um þetta í bréfi sem var sent til þingmanna sem kjörnir voru á umræddu tímabili.

„Þetta er í samræmi við það sem hafði verið boðað og samþykkt. Við vildum vanda undirbúninginn á þessu eins og hægt væri. Við bárum framkvæmdina undir Persónuvernd og teljum okkur hafa fast land undir fótum með að þetta sé réttlætanlegt og vísum meðal annars til almannahagsmuna. “ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis. Hann segir þó að engar upplýsingar um látna þingmenn verði birtar.

Veittur er frestur til athugasemda við þessa fyrirætlan til 13. júlí næstkomandi. Samkvæmt upplýsingum frá Skrifstofu Alþingis hafa engar athugasemdir borist enn sem komið er. Forsætisnefnd mun fjalla um málið á sumarfundi sínum um miðjan ágúst næstkomandi og er stefnt að birtingu upplýsinganna fljótlega eftir það. – sar





15. - 22. september Haust 3

Fararstjóri: Ester Helgadóttir

Heillandi staðir mæta okkur í þessari yndislegu ferð um Svartaskóg, Sviss og Alsace héraðið í Frakklandi. Í ferðinni munum við kynna okkur helstu aðdráttaröfl þessara þriggja landa á þessu dásamlega svæði og sjáum m.a. kraftmestu fossa meginlands Evrópu, Rínarfossa. Gist verður í bænum Lörrach alla ferðina.

**Verð: 199.900 kr. á mann í tvíbýli.**

**Mjög mikið innifalið!**

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 RVK

spör ehf.


## Máli Jóns Þórs Ólafssonar og VR vegna ákvörðunar kjararáðs vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær frá máli Jóns Þórs Ólafssonar, þingmanns Pírata, og VR gegn íslenska ríkinu vegna ákvörðunar kjararáðs um launahækkanir til þingmanna og ráðherra árið 2016.

Kröfðust stefnendur þess að umrædd ákvörðun kjararáðs yrði ógilt með dómi en til vara að viðurkennt yrði að fyrrnefnd ákvörðun hefði verið ólögmæt.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir það vonbrigði að málið hafi ekki fengið efnislega meðferð. Þó hafi það verið viðbúið að málinu yrði hugsanlega vísað frá. Það hafi verið prinsippmál að fá úr því skorið hvort hægt væri að hrekja ákvörðun kjararáðs.

Íslenska ríkið fór fram á frávísun á þeim forsendum að hvorki þingmaður né verkalýðsfélag gæti kært ólöglegar ákvarðanir stjórnvalds, þar sem þessir aðilar hefðu ekki lögvarða hagsmuni að málinu.

„Ef stærsta stéttarfélag landsins, sem telur 10 prósent landsmanna ríflega, og Jón Þór, alþingismaður sem hefur beina hagsmuni af málinu, geta ekki orðið málsaðilar spyr maður sig um réttarstöðu almennings gagnvart stjórnsýslunni,“ segir Ragnar Þór.

Að sögn Ragnars Þórs munu þeir Jón Þór, ásamt Ragnari Aðalsteinssyni lögmanni þeirra, nota helgina til að fara betur yfir dóm héraðsdóms. Þeir ætli svo að hittast á mánudaginn og ákveða hvort farið verði lengra með málið. Hann telji það geta skipt sköpum hvort málið fái efnislega meðferð þar sem gengið verði til kjarasamninga á næstunni.

Alþingi samþykkti fyrr í júní lög um niðurlagningu kjararáðs og taka þau gildi á morgun. – dfb, sar



Ragnar Þór Ingólfsson tekur í höndina á Ragnari Aðalsteinssyni, lögmanni beggja aðila. Jón Þór Ólafsson stendur fyrir miðju. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Ef stærsta stéttarfélag landsins, sem telur 10 prósent landsmanna ríflega, og Jón Þór, alþingismaður sem hefur beina hagsmuni af málinu, geta ekki orðið málsaðilar spyr maður sig um réttarstöðu almennings gagnvart stjórnsýslunni.
>
> Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR

# Meira eftirlæti




Tilboð gilda út 1. júlí

**Ferskur maís**

**199** kr/stk

**Ungnautalundir**

**5.949** kr/kg

Verð áður 6.999 kr/kg

**Urban Accents Corn On The Cob**

Chipotle Parmesan og Spicy Lime kryddblöndur fyrir maísinn

**779** kr/stk




**Kjúklingaskankar**

Argentínu og BBQ

**1.279** kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg




**Lamba lærissneiðar**

**2.879** kr/kg

Verð áður 3.599 kr/kg

VEGAN




**NÝTT Í HAGKAUP**

**Cocomels**

Frábærar karamellur unnar úr kókosmjólk

**879** kr/pk




**STÆRRI STÆRÐ**

**Llanllyr Source**

Ginger Beer og Fiery Ginger Beer. Nú einnig í 500 ml flöskum

**399** kr/stk




**Cedar´s hummus**

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana

verð frá **399** kr/pk


24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira svona alla daga

# Capital minnist fallinna félaga á forsíðu

**„Við verðum hér á morgun, við erum ekkert á förum,“ sagði ljósmyndari Capital Gazette en fimm starfsmenn blaðsins voru myrtir í hrottalegri skotárás. Tveir aðrir særðust í árásinni. Ódæðismaðurinn var leiddur fyrir dómara í gær og var úrskurðaður í gæsluvarðhald.**



William Krampf, lögreglustjóri í Annapolis, ræðir við blaðamenn. Fyrir aftan hann stendur Pat Furgurson, blaðamaður hjá Capital Gazette. NORDICPHOTOS/AFP



Jarrod W. Ramos. Hann hefur verið ákærður fyrir morð að yfirlögðu ráði. Hann hefur lengi átt í útistöðum við blaðið. MYND/ANNEARUNDEL



The Capital

5 shot dead at The Capital

Laurel man, the suspected gunman, in custody

Capital minntist starfsmanna á forsíðu sinni í gær. MYND/CAPITAL

**BANDARÍKIN** „Fimm starfsmenn The Capital Gazette, þau Gerald Fischman, Rob Hiaasen, John McNamara, Rebecca Smith og Wendi Winters, voru myrt á fimmtudaginn þegar vopnaður maður gekk inn á skrifstofu blaðsins og hóf skothríð.“

Svona hófst forsíðufrétt bandaríska héraðsfréttablaðsins The Capital Gazette í borginni Annapolis gær. Blaðið greindi frá mannskæðri skotárás á eigin ritstjórnarskrifstofu sem kostaði fimm manns lífið en tveir aðrir særðust í árásinni.

Vígamaðurinn, hinn 38 ára gamli Jarrod W. Ramos, var handtekinn á staðnum, en hann hefur átt í útistöðum við ritstjórn blaðsins undanfarin ár, eftir að blaðið greindi frá því að hann hefði ofsótt fyrrverandi skólasystur sínar. Hann hefur verið ákærður fyrir morð að yfirlögðu ráði.

Ramos ruddist inn á skrifstofur Capital Gazette vopnaður haglabyssu eftir að hafa skotið á starfsfólk þar í gegnum rúðu. Klukkan var þá um 14.30 að staðartíma. Blaðamenn og annað starfsfólk greindi frá atburðunum er þeir gerðust á samfélagsmiðlum. William Krampf, lögreglustjórinn í Annapolis, sagði í gær að það hefði verið augljóst markmið Ramos að drepa og særa sem flesta.

Blaðamenn Capital Gazette voru staðráðnir í að láta ódæðisverkið ekki stöðva útgáfu blaðsins. „Ég get sagt ykkur eitt. Við munum gefa út blað á morgun, fjandinn hafi það.“

Ramos var leiddur fyrir dómara í gær. Hann hefur á síðustu árum haft í hótunum við blaðamenn og starfsfólk Capital Gazette. Eftir umfjöllun blaðsins árið 2011 stefndi hann blaðinu fyrir meiðyrði en málinu var vísað frá þar sem Ramos gat ekki bent á rangfærslur í fréttaflutningnum. Hann var á endanum dæmdur í 18 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að áreita blaðamennina.

Capital Gazette á sér langa og ríkulega sögu. Blaðið var stofnað árið 1884 og beinir athyglinni að málefnum Annapolis-borgar. Fjölmargir blaðamenn slitu barnsskónum hjá blaðinu og héldu þaðan til stærri miðla eins og The New York Times og The Washington Post.

„Blaðið okkar er eitt það elsta í Bandaríkjunum. Þetta er öflugt blað og líkt og öll önnur fréttablöð erum við fjölskylda sem vinnum þar,“ sagði Joshua McKerrow, ljósmyndari hjá Capital, í samtali við The New York Times.

„Við verðum hér á morgun, við erum ekkert á förum.“

kjartanh@frettabladid.is



MANNVIT
VA ARKITEKTAR
VERKÍS VERKFRÆÐISTOFA
LANDARK
ÍAV Marti Búrfell sf.




HYBRID Orkuskiptin eru hafin!

**Náttúrulega blanda**

RAV4 Hybrid er svipmikill dugnaðarforkur sem er umhugað um náttúruna. Hann er einstaklega hljóðlátur, hlaðinn nýstárlegum tæknibúnaði, með framúrskarandi aksturseiginleika og nóg rými fyrir fólk og farangur. Hybrid kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Þú þarft aldrei að stinga í samband og rafhlaðan endist og endist. Veldu umhverfisvæna ánægju – veldu RAV4 Hybrid.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Málið sem stjórnmálin skulda þjóðinni rætt

**Formenn allra flokka funduðu um breytingar á stjórnarskránni í gær. Forsætisráðherra segir þjóðina eiga það inni hjá stjórnmálamönnum að þeir reyni sitt besta til að ná samstöðu. Endurskoðuninni verður skipt í áfanga og stefnt er að víðtæku samráði við almenning.**



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



Formennirnir eyddu deginum í Þingvallabænum og ræddu stjórnarskrárbreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst þjóðin eiga það inni hjá okkur að við gerum okkar besta til að ná sem mestri samstöðu um breytingar á stjórnarskránni þó að það verði gert í áföngum eins og ég legg upp með,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra en hún stefndi formönnum allra flokka til Þingvalla í gær til að ræða stjórnarskrárbreytingar.

Þetta er fjórði fundur formannanna á kjörtímabilinu en unnið er á grundvelli minnisblaðs forsætisráðherra og fyrirheita í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Fyrstu þrír fundir hópsins fóru að mestu í að ræða fyrirkomulag vinnunnar, áfangaskiptingu, samráð við almenning og skipun sérfræðingahóps sem vinna mun með formönnunum á síðari stigum.

> Mér finnst þjóðin eiga það inni hjá okkur að við gerum okkar besta til að ná sem mestri samstöðu um breytingar á stjórnarskránni.
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

„Í dag er fyrsti umræðufundur hópsins þar sem við sitjum saman í efnislegri umræðu og við forgangsröðum henni þannig að við byrjum á þeim málum sem hafa fengið mesta umfjöllun á undanförnum misserum. Við byrjuðum á umfjöllun um umhverfis- og auðlindamál, höfum verið að ræða breytingaákvæði stjórnarskrárinnar og erum núna að ræða framsalsákvæði,“ segir Katrín. Hún segir þó enga niðurstöðu munu liggja fyrir í lok fundar en hópurinn sé að leggja línurnar; hvaða spurningum þurfi að svara og hvernig þau vilji taka málin áfram. „Ég reikna með að ég leggi til í lok dags að við tökum annan vinnudag í lok hausts þar sem við höldum áfram á þessari braut.“

Katrín segir fundinn hafa verið góðan þótt formennirnir séu ekki sammála um allt. Við því hafi ekki verið að búast.

„Sagan sýnir okkur að það hefur gengið erfiðlega að ná samstöðu á undanförnum árum og áratug um breytingar á stjórnarskrá og það er full ástæða til að við séum meðvituð um þá sögu,“ segir Katrín aðspurð um hug formannanna til verkefnisins og væntingar hennar sjálfrar. og leggur áherslu á þá skoðun sína að stjórnmálamenn geri sitt besta til að ná samstöðu um breytingar.

### Vinnan fram undan

Í minnisblaði forsætisráðherra um fyrirkomulag vinnunnar er lagt upp með að henni verði áfangaskipt og hún fari fram bæði á yfirstandandi

## Hugmyndir um almenningssamráð

Nokkrar leiðir til almenningssamráðs hafa verið ræddar á fundum formanna flokkanna.

- Umræðuskjal sett á vefinn og opnað fyrir athugasemdir.
- Kostur gefinn á rökum með og á móti tiltekinni hugmynd með möguleika á atkvæðagreiðslum með og á móti rökum.
- **Rökræðukannanir með þverskurði þjóðarinnar.**

**VW Tiguan Offroad TSI**
Fjórhjóladrifinn / Sjálfskiptur
Afsláttur
**Besta Hekluverðið 4.990.000 kr.** **800.000 kr.**
Fullt verð: 5.790.000 kr.






FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**VW Golf GTE** Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**
**Besta Hekluverðið 4.190.000 kr.**



**VW T-Roc** 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn
**Besta Hekluverðið**
**4.490.000 kr.**



**VW Passat GTE** Tengiltvinnbíll / Sjálfskiptur / **Vistvænn**
**Besta Hekluverðið**
**4.690.000 kr.**



**VW Polo** 1.0 MPI / Bensín / Beinskiptur
**Besta Hekluverðið**
**2.390.000 kr.**



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# á Þingvöllum

kjörtímabili og því næsta. Hliðsjón verður höfð af þeirri vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum áratug og kapp lagt á að starfið verði gagnsætt með víðtæku samráði við almenning.

Miðað er við að umræðuskjal verði gert fyrir hvert og eitt viðfangsefni þar sem reifaðar verði fyrri tillögur um efnið, frá stjórnlagaráði og öðrum. Efnt verði til opins samráðs um hvert og eitt skjal og að því loknu samið erindisbréf til sérfræðinganefndar sem semur frumvarp. Það fari svo í umræðu meðal formanna og í umsagnaferli til dæmis hjá Feneyjanefndinni og yrði að lokum lagt fram á Alþingi á síðasta haustþingi kjörtímabilsins.

## Rökræðukannanir

Fara þannig fram að hópi sem endurspeglar þverskurð þjóðarinnar yrðu sendar upplýsingar um tiltekið umfjöllunarefni. Könnun yrði gerð meðal hópsins og afstaða fengin til efnisins. Hópurinn yrði svo boðaður til vinnufundar í einn til tvo daga með aðkomu sérfræðinga. Í lokin yrði aftur gerð könnun meðal þátttakenda og athugað hvort viðhorfin hefðu breyst.

Þátttakendur yrðu 200 til 300

Kostnaður er að lágmarki 20 milljónir, (fundargerð 2. fundar).



**Unnur Brá Konráðsdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis, er verkefnastjóri stjórnarskrármálsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Viðfangsefnum áfangaskipt og dreift á tvö kjörtímabil

### Yfirstandandi kjörtímabil 2018–2021

**Auðlindir og umhverfisvernd**
Óumdeilt er orðið að ákvæði um þjóðareign eigi heima í stjórnarskrá en deilt er um efni þess, ekki síst um gjaldtöku fyrir nýtingu. Um náttúruvernd er helst deilt um frjálsa för fólks um landið.

**Þjóðaratkvæðagreiðslur**
Hér er helst tekist á um hversu auðvelt eigi að vera að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu og hvers konar mál geti farið í slíkan farveg.

**Framsal valdheimilda**
Hér takast á fullveldissinnar og Alþjóða- og Evrópusinnar og deila um hvernig kveða eigi á um aukið alþjóðasamstarf og með hvaða hætti aðild að Evrópusambandinu verði heimiluð.

**Forseti og ríkisstjórn**
Skiptar skoðanir eru um völd forseta, um stöðu ráðherra gagnvart Alþingi og hvort stefna eigi að auknum aðskilnaði framkvæmdarvalds og löggjafarvalds.

**Breytingar á stjórnarskrá**
Gildandi ákvæði gerir ráð fyrir því að rjúfa þurfi þing og boða til kosninga í miðju breytingarferli og nýtt þing staðfesti þannig breytingar sem fyrra þing samþykkti. Skiptar skoðanir eru um hvort erfitt eða auðvelt eigi að vera að breyta stjórnarskrá, hvort aukinn meirihluta Alþingis eigi að þurfa til og jafnvel aukinn meirihluta kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu. Því hefur verið hreyft á fundum formannanna að byrja á þessu ákvæði enda muni það hafa áhrif á framvinduna.

### Næsta kjörtímabil 2021–2025

**Alþingi og alþingiskosningar**
Margt hefur verið umdeildara í stjórnarskránni en kaflinn um Alþingi, þótt skerpa megi á ýmsu í samskiptum ráðherra og þingmanna. Um kosningar til Alþingis hefur hins vegar lengi verið deilt og þá sérstaklega um kjördæmaskipanina og vægi atkvæða.

**Dómstólar**
Í umræðu um dómstólakaflann hefur helst verið rætt um skipun dómara og hvort kveða eigi á um aðkomu Alþingis og forseta. Þá hafa allar tillögur hingað til tekið af skarið um vald Hæstaréttar til mats um hvort lög samræmist stjórnarskránni.

**Þjóðkirkjan**
Aðskilnaður ríkis og kirkju er áratugagamalt deiluefni. Þótt meirihluti hafi svarað játandi spurningu um þjóðkirkjuákvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 ættu stuðningsmenn þjóðkirkju að stilla í hóf væntingum um að umræðunni sé þar með lokið.

**Mannréttindi**
Þótt mannréttindakaflinn hafi verið endurskoðaður árið 1995 telja margir að skerpa þurfi á ýmsum ákvæðum hans og bæta við félagslegum réttindum á borð við rétt til heilsu og heilbrigðisþjónustu og réttindum ýmissa minnihlutahópa.


**VW Tiguan Allspace** Comfortlinle+ 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur / Fjórhjóladrifinn / Sjö sæta / Dráttarbeisli

**Besta Hekluverðið 6.990.000 kr.**

Fullt verð: 7.635.000 kr.

**Afsláttur**

**645.000 kr.**

Volkswagen




## Nýr Volkswagen á Besta Hekluverðinu

Nú er góður tími til að fá sér nýjan Volkswagen hjá Heklu því við vitum aldrei hvað svona frábært verð býðst lengi. **Tryggðu þér Volkswagen á besta Hekluverðinu og aktu inn í sumarið.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Hér er aðeins sýndur hluti af bílum í boði.** Fullt verð er verð hvers bíls með aukabúnaði. Aukabúnaður á myndum gæti verið annar en í auglýstum verðdæmum. 5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

# Tímaskekkja



**Kristín Þorsteinsdóttir**
kristin@frettabladid.is

Fjórir blaðamenn voru sakfelldir í Hæstarétti í vikunni fyrir meiðyrði vegna frétta af svokölluðu Hlíðamáli. Tveir karlmenn voru sakaðir um nauðgun en lögreglan vísaði málinu frá vegna skorts á sönnunargögnum.

Hæstiréttur gerir mikið úr því að ekki hafi verið rétt að íbúðin, þar sem verknaðurinn átti að hafa átt sér stað, hafi verið „útbúin“ til nauðgana líkt og sagt var í Fréttablaðinu. Vissulega var þar ofsagt, en það breytir litlu um heildarmyndina. Áhersluna á að hanka blaðamenn á smáatriðum, sem síðar reynast ónákvæm, hafa blaðamenn þurft að venja sig við í seinni tíð.

Fréttin snerist um að menn voru kærðir fyrir nauðgun, efni kærunnar og að lögreglan rannsakaði málið. Þó að málið hafi verið fellt niður liggur ekkert annað fyrir en að sannanir voru ekki nægar, enda sönnunarbyrðin erfið, þegar aðeins tveir eru til frásagnar.

Í dómi Hæstaréttar segir að rétturinn telji að við mat á því hvernig draga skuli mörk milli tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs verði að taka tillit til þess að í fámennu og opnu samfélagi eins og hér á landi, þar sem upplýsingar um fólk eru öllum aðgengilegar, sé auðvelt að finna út hver á í hlut, enda hafi mennirnir verið nafngreindir á samfélagsmiðlum og birtar af þeim myndir.

Í þessum efnum er lítill munur á smáu samfélagi og stóru. Einstaklingur sem býr í stórborg á vini, kunningja, nágranna og samferðamenn alveg eins og sá sem býr í smáþorpi. Fólk getur verið úthrópað með réttu eða röngu hvort sem er í milljónaborg eða sveit. Í þessari mótsögn, sem byggist á heimóttarskap, felst að ein regla eigi að gilda í stórum bæ en önnur þar sem fáir búa. Fréttablaðið birti aldrei nöfn eða myndir af þeim kærðu. Blaðið hélt þá reglu í heiðri í hvívetna að menn séu saklausir uns sekt er sönnuð. Blaðið getur ekki borið ábyrgð á því að fólk úti í bæ leggi saman tvo og tvo og bregðist við fréttum þannig að Hæstarétti mislíki.

Við segjum fréttir og getum ekki látið óttann við að upp komist hverjir eiga í hlut verða til þess að fréttnæmir atburðir liggi í þagnargildi. Blaðamenn verða að vanda sig. En áherslan á smáatriðin má ekki verða til þess að þeir þori ekki að segja fréttir. Fréttir eru ólíkar dómum dómstóla. Rangar frásagnir eða ónákvæmar leiðrétta sig eftir því sem atburðarás vindur fram. Fólk veit það. En vitlausir dómar standa eins og dæmin sanna.

Fréttir eru sagðar í rauntíma. Eðli máls samkvæmt liggja ekki allar staðreyndir fyrir. Dómstólar verða að eftirláta blaðamönnum sanngjarnt rými. Blaðamenn á Íslandi fá það ekki. Starfsumhverfi fjölmiðla er eitt, en annað og verra er að í niðurstöðu Hæstaréttar felast skilaboð til fórnarlamba kynferðisbrota, þar sem sönnunarbyrði er erfið, um að tjá sig ekki opinberlega um reynslu sína.

Fullyrða má, að engin metoo-bylting hefði orðið ef fjölmiðlar nálægra landa þyrftu að uppfylla kröfurnar sem Hæstiréttur gerir. Nafngreindir karlar austan hafs og vestan hafa orðið að svara fyrir ásakanir sem fyrst koma fram í fjölmiðlum. Sjaldnast liggja fyrir kærur, hvað þá opinberar ákærur. Ef Hæstiréttur Íslands réði ríkjum þyrfti að kveða upp dóma á færiböndum næstu misserin.

Niðurstaða Hæstaréttar er tímaskekkja. Blaðamenn á Íslandi líkt og í nálægum löndum verða að fá svigrúm til að fjalla um kynferðisbrot á rannsóknarstigi. Auðvitað kann að vera að gerð verði mistök á þeirri vegferð, en viðurlögin mega ekki vera slík, eins og nú, að umfjöllun þagni.

> **Ef Hæstiréttur Íslands réði ríkjum þyrfti að kveða upp dóma á færiböndum næstu misserin.**

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Gleðin við að bana fiðrildi

Velgengni hefur verið okkur Íslendingum hugleikin undanfarnar vikur. Ástæðan er afrek íslenska karlalandsliðsins í fótbolta er það komst á Heimsmeistaramótið í knattspyrnu í fyrsta sinn. Við upphaf keppninnar gerðu margir árangurinn að umtalsefni og veltu fyrir sér hvað mætti læra af honum. Var hann lexía um samstöðu og baráttuþrek? Eða kannski hugarfar, kraft, styrk og metnað? Sitt sýndist hverjum. Staðreyndin er hins vegar sú að umrætt hlaðborð mannkosta sem dúkað var upp á tyllidögum í hátíðarræðum er með öllu merkingarlaust – næringarsnautt. Því þótt velgengni sé skemmtileg er sjaldnast nokkuð af henni að læra.

Ekki er þó þar með sagt að ekkert sé hægt að læra af þátttöku Íslands í HM.

### Haugur mistaka

„Mistök bjarga mannslífum,“ fullyrðir tölfræðingurinn, Nassim Taleb. „Í hvert sinn sem flugvél hrapar minnka líkurnar á að flugvél hrapi aftur. Farþegaskipið Titanik bjargaði mannslífum því nú smíðum við stærri og stærri skip. Fjöldi fólks lést en í kjölfarið jukum við öryggi kerfisins – mistökin voru ekki til einskis.“

Heilaskurðlæknirinn Henry Marsh tekur í sama streng í metsölubók sinni Do No Harm. „Sumar aðgerðanna sem ég hef gert eru stórsigrar og þrekvirki. En þær eru aðeins stórsigrar vegna þess að aðrar hafa verið hrapalleg mistök.“

Velgengni sýnist oft fyrirhafnarlítil. Um fólk sem náð hefur árangri segjum við gjarnan að það hafi „skotist á toppinn“. En toppur þarfnast undirstöðu. Oftar en ekki hvílir velgengni á háum haug, heilu fjalli, misheppnaðra tilrauna. „Velgengni er aðeins hægt að öðlast með því að mistakast ítrekað,“ er haft eftir iðnjöfrinum Soichiro Honda. „Velgengni er það eitt prósent vinnu manns sem er afrakstur 99 prósentanna sem kallast mistök.“

### Sjálfsefjun þjóðar

Í vikunni mistókst Íslendingum að komast upp úr riðli sínum á HM. Draumurinn er úti og það er komið annað hljóð í strokkinn – og hátíðarræðurnar: „Mikilvægast er að taka þátt,“ glymur nú við. Í fyrstu kann að hljóma eins og um sé að ræða sjálfsefjun þjóðar; við erum spæld og sleikjum sárin. En ef betur er að gáð má finna í tapinu eina mikilvægustu lexíu Heimsmeistaramótsins.

Bandaríski rithöfundurinn Ann Patchett sem gerir nú garðinn frægan með skáldsögum sínum sendi frá sér fyrir nokkrum árum æviminningar í bland við leiðsögn um ritlist. Í bókinni This is the Story of a Happy Marriage segir Ann að hamingjuríkasti tími lífs hennar sem rithöfundar sé hugmyndastigið. Á því stigi er bókin sem velkist um í huganum „stórkostlegasta skáldsaga bókmenntasögunnar“, skrifar hún. „Það eina sem eftir er að gera er að koma henni niður á blað svo að allir megi sjá fegurðina sem ég sé.“

En það er þá sem babb kemur í bátinn: „Ég teygi upp handlegginn og gríp fiðrildið þar sem það flýgur um. Ég tek það úr höfðinu, þrýsti því niður á skrifborðið mitt, krem það með lófanum og bana því. Auðvitað langar mig ekki til að bana því. En þetta er eina leiðin til að koma einhverju svo þrívíðu á flata blaðsíðu. ... Þetta er eins og að keyra yfir fiðrildi á jeppa. Öll fegurðin sem bjó í þessari lifandi veru – litirnir, ljósið, hreyfingin – er farin. Aðeins þurr skel vinar stendur eftir, afskræmdur líkami, rifinn og tættur sem ég púsla saman – illa.“

### Gömul tugga

Þegar við féllum úr Heimsmeistarakeppninni snerum við baki við hetjuklisjunum, tálsýn velgengninnar, um „kraft“, „styrk“ og „samstöðu“. En hver er þá lexían?

Ann Patchett segist ekki enn hafa lært að koma fiðrildinu á blað án þess að finnast hún hafa banað því. „Ég hef hins vegar lært að standa dauðsfallið af mér og fyrirgefa sjálfri mér.“

Lexía HM er þessi: Áttu þér draum? Hrifsaðu hann úr höfðinu, stígðu um borð í jeppann og spændu upp fiðrildið á nagladekkjunum. Það er gömul tugga en sönn: Mikilvægast er að taka þátt. Því mestu mistökin eru að reyna ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




The Power to Surprise

## Tryggðu þér Kia Optima Plug-in Hybrid á HM tilboði

**Kia Optima Plug-in Hybrid** er sparneytinn 205 hestafla rafbíll, hlaðinn aukabúnaði. Kia Optima er einstaklega umhverfisvænn bíll sem kemst allt að **62 km á rafhleðslu** en er jafnframt með sparneytna bensínvél. Alls kemst bíllinn allt að 976 km á fullum tanki og hleðslu. Þessi rúmgóði og aflmikli bíll fæst nú á enn betra verði.

**Tryggðu þér Kia Optima Plug-in Hybrid í Sportswagon eða Sedan útgáfu.**

Kia Optima PHEV EX á HM tilboði:

**3.990.777 kr.**

Verð áður: ~~4.290.777 kr.~~

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland




**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**

**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*
*Verð gildir til 8. júlí 2018, eða á meðan birgðir endast.*




HÚSGAGNA
HÖLLIN



Haukur Helgi Pálsson fékk tækifæri til að tryggja Íslandi sigur á Búlgaríu í undankeppni heimsmeistaramótsins í gær en skot hans geigaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Finnst við vera með betra lið

**Íslenska karlalandsliðið í körfubolta tapaði naumlega fyrir Búlgaríu, 88-86, í undankeppni heimsmeistaramótsins í gær. Íslendingar þurfa að vinna sterkt lið Finna í Helsinki á mánudaginn til að komast í milliriðla.**

**KÖRFUBOLTI** „Við erum svekktir með úrslitin í þessum mikilvæga leik,“ sagði Martin Hermannsson í samtali við Fréttablaðið eftir tveggja stiga tap íslenska karlalandsliðsins í körfubolta, 88-86, fyrir því búlgarska í Botevgrad í undankeppni HM í gær. Ísland þarf núna að vinna Finnland í Helsinki á mánudaginn til að komast áfram í milliriðla undankeppninnar.

Búlgaría vann leikinn í gær fyrst og síðast á frábærri 50% þriggja stiga nýtingu. Það var sama hvað íslenska vörnin gerði, Búlgarar hittu lygilega vel fyrir utan.

„Það er erfitt að spila leik þar sem þú færð alltaf þrist í andlitið frá mönnum sem áttu ekkert að setja skotin niður. Það svíður rosalega. Þristarnir voru margir hverjir erfiðir og lítið sem við gátum gert meira en að vera í andlitinu á þeim. Þetta var bara þeirra dagur,“ sagði Martin sem skoraði 14 stig líkt og Haukur Helgi Pálsson. Hlynur Bæringsson var stigahæstur í íslenska liðinu með 16 stig.

Líkt og í fyrri leiknum gegn Búlgaríu í Laugardalshöllinni, sem tapaðist 74-77, fór íslenska liðið illa að ráði sínu í leiknum í gær. Staðan í hálfleik var 45-43, Búlgörum í vil og þeir byrjuðu seinni hálfleikinn svo betur, skoruðu 10 af fyrstu 12 stigum hans og komust 55-45 yfir. Þá rann hamur á Hlyn sem setti niður hvert þriggja stiga skotið á fætur öðru og dró íslenska liðið aftur inn í leikinn. Frábær frammistaða hjá fyrirliðanum.

Íslendingar komust átta stigum yfir, 58-66, þegar tvær mínútur voru eftir af 3. leikhluta en misstu svo tökin og Búlgarar náðu yfirhöndinni. Ísland gafst þó ekki upp og fékk tækifæri til að jafna eða vinna leikinn í lokasókninni. Hún var hins vegar illa útfærð og endaði með þriggja stiga skoti Hauks Helga sem klikkaði. Búlgarar fögnuðu því tveggja stiga sigri, 88-86.

„Mér finnst við vera með miklu betra lið en Búlgaría og vera með þá allan tímann. Í Höllinni vorum við svo með unninn leik en köstuðum honum frá okkur,“ sagði Martin.

„En ég var ánægður með okkur undir lokin í leiknum í dag [í gær], að gefast ekki upp. Við héldum áfram og fengum tækifæri til að vinna leikinn. Nýju strákarnir komu líka vel inn í þetta og gáfu okkur kraft.“

Sterkir Finnar eru síðasti andstæðingur Íslendinga í riðlinum. Ekkert annað en sigur í Helsinki á mánudaginn dugar til að komast áfram í milliriðla.

„Við fáum annað tækifæri og það þýðir ekki að svekkja sig of mikið,“ sagði Martin að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

## Undankeppni HM 2019

**Búlgaría 88-86 Ísland**

**Stig Íslands:** Hlynur Bæringsson 16/7 fráköst, Martin Hermannsson 14, Haukur Helgi Pálsson 14/6 stoðsendingar, Kristófer Acox 12, Tryggvi Snær Hlinason 8, Hörður Axel Vilhjálmsson 8/8 stoðsendingar, Elvar Már Friðriksson 6, Jón Axel Guðmundsson 6, Ægir Þór Steinarsson 2.

# Útsláttarkeppnin hefst með tveimur stórleikjum

**FÓTBOLTI** Útsláttarkeppnin á HM í fótbolta hefst í dag með tveimur leikjum. Í Kazan mætast Frakkland og Argentína og í Sotsjí eigast Úrúgvæ og Portúgal við.

Þrátt fyrir að vera að fastagestir á HM og hafa unnið samtals þrjá heimsmeistaratitla er leikurinn í Kazan aðeins þriðji leikur Frakklands og Argentínu á heimsmeistaramóti frá upphafi. Argentínumenn unnu leiki liðanna 1930 og 1978. Frá tapinu fyrir Argentínu á HM fyrir 40 árum hefur Frakkland ekki tapað fyrir þjóð frá Suður-Ameríku á HM.



Lionel Messi og félagar mæta Frakklandi í Kazan. NORDICPHOTOS/GETTY

Hvorugt liðanna sýndi sínar bestu hliðar í riðlakeppninni. Frakkar áttu þó ekki í neinum vandræðum með að komast áfram, öfugt við Argentínumenn sem tryggðu sér sæti í 16-liða úrslitum þökk sé marki Marcos Rojo fjórum mínútum fyrir leikslok gegn Nígeríu.

Úrúgvæ er eina liðið sem vann alla sína leiki í riðlakeppninni án þess að fá á sig mark. Portúgal fékk á sig mark í uppbótartíma gegn Íran sem kom í veg fyrir að liðið ynni B-riðilinn. Evrópumeistararnir sluppu hins vegar vel þegar Mehdi Taremi klúðraði dauðafæri fyrir Írana eftir jöfnunarmarkið. Hefði hann skorað hefðu Portúgalar fallið úr leik.

Cristiano Ronaldo skoraði fjögur mörk í riðlakeppninni og er næstmarkahæsti leikmaður HM á eftir Harry Kane. Hann á hins vegar enn eftir að skora í útsláttarkeppni á HM og vonast til að bæta úr því í Sotsjí. Það verður þó enginn hægðarleikur gegn harðskeyttri vörn Úrúgvæ.

Á morgun halda 16-liða úrslitin áfram. Þá mætast Spánn og Rússland í Moskvu og Króatía og Danmörk í Nízhníj Novgorod. Rússar unnu fyrstu tvo leiki sína á HM með markatölunni 8-1 en var skellt harkalega niður á jörðina af Úrúgvæjum í lokaumferð riðlakeppninnar. Heimaliðið þarf að eiga fullkominn leik gegn Spánverjum til að komast áfram.

Króatía vann alla sína leiki í riðlakeppninni og var mjög sannfærandi. Lykilmenn liðsins mæta ferskir til leiks eftir að hafa fengið hvíld gegn Íslendingum á þriðjudaginn. Danir spiluðu þéttan varnarleik í riðlakeppninni og eina markið sem þeir fengu á sig kom úr vítaspyrnu. Þeir eru komnir í útsláttarkeppni HM í fyrsta sinn síðan 2002 en Króatar hafa ekki komist svona langt síðan 1998. – iþs

## Nýjast

**Mjólkurbikar kvenna, 8-liða úrslit**

**Fylkir - ÍBV 3-2**

1-0 Thelma Lóa Hermannsdóttir (14.), 1-1 Shameeka Fishley (37.), 1-2 Caroline Van Slambrouck (79.), 2-2 Þórhildur Ólafsdóttir (82.), 3-2 Marija Radojicic (86.).

**Selfoss - Stjarnan 2-2 (4-5)**

0-1 Harpa Þorsteinsdóttir (53.), 1-1 Kristrún Rut Antonsdóttir (61.), 2-1 Magdalena Anna Reimus (101.), 2-2 Harpa (118.).

*Stjarnan vann í vítakeppni, 4-5.*

**Valur - Grindavík 1-0**

1-0 Stefanía Ragnarsdóttir (2.).

*Fylkir, Stjarnan og Valur eru komin í undanúrslit Mjólkurbikarsins. Það kemur í ljós á morgun hvort ÍR eða Breiðablik verður fjórða liðið í undanúrslitunum.*



Martin gerði tveggja ára samning við ALBA Berlin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Martin fer til ALBA Berlin

**KÖRFUBOLTI** Martin Hermannsson leikur með þýska stórliðinu ALBA Berlin næstu tvö árin. Liðið hefur átta sinnum orðið þýskur meistari og níu sinnum bikarmeistari.

„Þetta er klárlega skref upp á við,“ sagði Martin við Fréttablaðið í gær. Hann lék með Chalons Reims í frönsku úrvalsdeildinni á síðasta tímabili.

„Þetta lið er með frábæran þjálfara, frábæra aðstöðu og stuðningsmenn. Það er gott að vera í Berlín. Ég fer þarna til að bæta mig og koma mér á ennþá stærra svið. Ég hefði getað stokkið í enn dýpri laug en þetta er stórt skref á mínum ferli,“ bætti Martin við.

ALBA Berlin endaði í 2. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar á síðasta tímabili og tapaði fyrir Bayern München í úrslitum um þýska meistaratitilinn. – iþs

# Leikur með Toronto í sumardeildinni

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmiðherjinn Tryggvi Snær Hlinason er í 15 manna hópi Toronto Raptors sem leikur í sumardeild NBA sem fer fram í Las Vegas 6.-17. júlí næstkomandi. Öll 30 liðin í NBA taka þátt í sumardeildinni að þessu sinni. Toronto leikur fimm leiki í sumardeildinni. Fyrstu þrír verða gegn New Orleans, Minnesota og Oklahoma.

Tryggvi gaf kost á sér í nýliðavali NBA-deildarinnar á dögunum en var ekki valinn. Hann er þó greinilega enn á radarnum hjá liðum í NBA og fær tækifæri til að sýna sig og sanna í sumardeildinni. Toronto getur svo samið við Bárðdælinginn, kjósi félagið að gera það.

Nick Nurse, nýráðinn aðalþjálfari Toronto, mun stýra liðinu í sumardeild NBA á síðasta tímabili en féll úr leik fyrir Cleveland Cavaliers í undanúrslitum. – iþs


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
1800W
19.999
Háþrýstidæla
1650W
9.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
79.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

# Þingmenn nýta sumarið sitt vel

Helgarblaðið fór á stúfana og spurði þingmenn og -konur hvað þau ætluðu að brasa í sumarfríi sínu. Mörg þeirra ætla sér að njóta íslenskrar náttúru og ferðast um landið en einnig leggja sum þeirra land undir fót enda sú gula lítið látið á sér bera það sem af er sumri.



## Þórhildur Sunna Ævarsdóttir
PÍRÖTUM

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Ég mun eflaust sækja lýðræðishátíðina LÝSA sem haldin er á Akureyri og nota ferðina til þess að skoða fegurðina þar í kring.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Ég er einmitt stödd í Frankfurt en hér á ég fjölskyldu og vini. Verð í Frankfurt fram á sunnudag en þá er ferðinni heitið til Strasbourg þar sem Evrópuráðsþingið heldur þingfundi sína. Þar verð ég alla næstu viku sem fulltrúi Íslands. Þingfundir Evrópuráðsþingsins eru langir og strangir en griðarlega áhugaverðir og samsettir af þingmönnum alls staðar að úr Evrópu og því finnst mér afskaplega skemmtilegt að sinna þessu starfi. Að lokinni þingvikunni staldra ég svo við í París í örfáa daga til þess að njóta lífsins og sólar!
Systir mín útskrifaðist úr LHÍ í vor og í útskriftargjöf hef ég lofað henni ferð með stóru systur til Evrópu þegar líður á sumarið. Við eigum eftir að ákveða áfangastaðinn en við reiknum með sólríkri sælu í suðurhluta Evrópu.
***Hefurðu mótað þér einhverja hefð sem þú fylgir á hverju sumri?*** Frænka mín og strákarnir hennar frá Frankfurt koma til Íslands á hverju sumri. Ef ég ætti að nefna einhverja hefð þá væri hún að eyða eins miklum tíma með þeim og mögulegt er.



## Inga Sæland
FLOKKI FÓLKSINS

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Já, ég hef hugsað mér að fara heim í fjörðinn fagra Ólafsfjörð. Þar verður haldin mikil ættarmótagleði í lok júlí og vil ég svo sannarlega ekki láta mig vanta þar. Annars er ég ekki búin að planleggja neitt annað.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Nei, ekkert frekar, það er þó aldrei að vita hvað mér dettur í hug. Ég hef hins vegar fjárfest í risa regnhlíf, sem mætti reyndar frekar kalla sólhlíf, hún er það stór. Sem sagt ég ætla að njóta útivistar hér heima þótt hann rigni eldi og brennisteini í allt sumar.
***Hefurðu mótað þér einhverja hefð sem þú fylgir á hverju sumri?*** Nei, ekki myndi ég nú segja það, nema ef vera skyldi hefðin að njóta sumarsins og hitta fólkið mitt meira en venjulega.



## Kolbeinn Óttarsson Proppé
VINSTRI GRÆNUM

***Ætlar þú að ferðast eitthvað í sumar?*** Ég ætla alltaf að ferðast eitthvað innanlands, en er svo mest í sumarbústaðnum í Þjórsárdal. Það hentar mér líka ágætlega, því ég á afskaplega erfitt með aðgerðaleysi og hef oft verið skammaður fyrir það að vera búinn að hlaða á mig aukaverkefnum sem ég þarf svo, öllum að óvörum, að sinna í fríum, jafnvel í rómantískum utanlandsferðum. Ég er með fjölmörg verkefni að sinna í sumar, en langar að fara heim á Siglufjörð líka.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Ég var að koma úr vinnuferð til Noregs og fer þangað aftur í ágúst og þaðan til Álandseyja, á enn fleiri fundi. Það rifjaðist svo upp fyrir mér við það að svara þessari spurningu að ég er búinn að semja um íbúðaskipti í Hollandi fyrstu vikuna í ágúst, en því hafði ég nú gleymt í minni tímavillu. Ég nýt mín best í útlöndum þegar skipulagið er sem minnst og ég get vafrað um hvert sem fæturnir bera mig. Ég þarf samt líklega að fara að skipuleggja þessa ferð eitthvað, í það minnsta hvort ég fari einn eða bjóði einhverjum með. Kannski einhver sem les þetta bjóði sig fram.



## Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
VIÐREISN

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Verð að mestu í sveitinni minni sem er Ölfusið. Fer í júlíbyrjun vestur á Flateyri í brúðkaup hjá yndis eintökum af mannverum. Þær gera lífið skemmtilegra og betra. Eftirvænting mikil fyrir utan að Vestfirðir hafa endalaust aðdráttarafl. Síðan er aldrei að vita hvaða golfvellir á landinu verða sóttir heim.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Fékk þrjá daga í Englandi um daginn þar sem ég nestaði mig með þeirri „gulu“. Förum annars tvö í júlí, ég og sonur minn, til Þýskalands en hann er að flytja til þessa ágæta lands.
***Hefurðu mótað þér einhverja hefð sem þú fylgir á hverju sumri?*** Fátt um hefðir annað en að vera mikið í sveitinni, ganga, og heyja. Síðan er það auðvitað golfið. Ef þetta allt verður að veruleika er fátt sem kemur í veg fyrir gott sumar. Ekki einu sinni sjaldséð „gul“ vinkona.



## Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
SJÁLFSTÆÐISFLOKKI

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Ég ætla að ferðast talsvert innanlands þegar ég kemst í frí og hlakka mikið til. Við fjölskyldan ætlum að dvelja á Akureyri í viku með vinafólki okkar, fara í Ásbyrgi sem mér finnst undraverður staður, kíkja á Mývatn, skoða Dettifoss og margt fleira. Svo ætlum við á Hornstrandir; það er engu líkt að dvelja þar, kúpla sig frá öllu og bara vera partur af náttúrunni. Við ætlum líka á Rauðasand, ég ætla að fylgjast vel með veðurspánni og stökkva til þegar veðrið verður gott. Ég fer í dagsferð í Þjórsárdal og skoða meðal annars Hjálparfoss, Háafoss og Gjána. Til viðbótar förum við í brúðkaup í Skagafirði, keyrum á Snæfellsnes og förum svo vonandi í útilegu sem mun ráðast af því hvar veðrið verður best.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Nei, við ætlum ekki að gefast upp á íslenska sumrinu heldur nýta fríið í ferðalög hér heima. En við skruppum til Vínarborgar yfir hvítasunnuhelgina sem var algjörlega dásamlegt. Ég var þar sem skiptinemi á mínum yngri árum og held góðu sambandi við fjölskylduna mína þar.



## Ásmundur Einar Daðason
FRAMSÓKNARFLOKKI

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Ég ætla að reyna að ferðast eins mikið og ég get um landið í sumar. Í tengslum við vinnuna ætla ég að reyna að hitta nýja sveitarstjórnarmenn og bæjarstjóra víðs vegar um landið. Þess á milli er stefnan sett á ferðalög með fjölskylduna, fara með börnunum á íþróttamót og fleira.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Já, stefnan er sett á að fara til Spánar síðar í sumar með fjölskylduna. Ætli það hitti ekki á sama tíma og þegar sólin lætur sjá sig hérna heima.
***Hefurðu mótað þér einhverja hefð sem þú fylgir á hverju sumri?*** Ekkert sérstakt í þeim efnum.



## Gunnar Bragi Sveinsson
MIÐFLOKKI

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Já, eitthvað verður ferðast um landið. Fyrsta ferðin verður líklega um Vesturlandið og er meðal annars ætlunin að gista á Hótel Búðum. Einnig er planið að fara í Árneshrepp ef tími finnst í það.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Ég fer utan bæði í frí og í vinnuferð til Berlínar. Fyrst er það vika á Mallorca og svo fer stórfjölskyldan í afmælisferð til Alicante í lok sumars enda allir orðnir þyrstir í sólina.
***Hefurðu mótað þér einhverja hefð sem þú fylgir á hverju sumri?*** Ekki beint, reyni að fara einn dag í veiði og þá helst í Laxá í Skefilsstaðahreppi. Vil helst ekki missa af því. Svo reyni ég að hitta börn og barnabörn eins mikið og ég get því yfir þingtímann er oft lítill tími til þess.



## Logi Einarsson
SAMFYLKINGUNNI

***Ætlar þú að ferðast eitthvað innanlands í sumar?*** Við hjónin og dóttir okkar munum örugglega freista þess að fara í stuttar helgarútilegur með tjald og prímus. Áfangastaðir verða valdir eftir veðri, þannig að Austfirðirnir eru nú ansi líklegir.
***Er stefnan tekin út fyrir landsteinana, nú þegar sú gula hefur lítið sýnt sig?*** Í lok júlí förum við til Lissabon. Þar slæst strákurinn okkar vonandi í hópinn. Hann er í námi í Þýskalandi og það verður kærkomið að hitta hann. Á leiðinni heim förum við í sextugsafmæli systur minnar á Jótlandi, þar sem hún hefur búið í fjórutíu ár. Þar hittumst við öll systkinin með börn og barnabörn, ásamt mömmu, og það verður nú býsna fróðlegt að sjá hvernig sá viðburður mun arta sig.
***Hefurðu mótað þér einhverja hefð sem þú fylgir á hverju sumri?*** Nei, ég reyni að vera í eins miklu samneyti við fjölskylduna og ég get, þar sem við erum að mestu aðskilin yfir veturinn. Annars förum við á Hæglætishátíðina í Havarii, Berufirði, síðasta sumar. Ég gæti alveg hugsað mér að gera það að árlegri hefð.

# FÁÐU RÉTTA FÓLKIÐ Í VERKIÐ EF ÞÚ VILT NÁ ÁRANGRI



## Sigurlið Sensa í WOW Cyclothon 2018

Sensa vill óska sigurliðinu í WOW Cyclothon 2018 til hamingju með stórkostlegan árangur.

**Sensa – upplýsingatækni fyrir fyrirtæki**

sensa



KANNSKI HELDUR EINHVER AÐ ÉG SÉ EINHVER HALLELÚJAHOPPARI. EN ANNAÐHVORT ER MAÐUR TRÚAÐUR EÐA EKKI. SVO VELUR FÓLK SÉR LEIÐ TIL AÐ IÐKA SÍNA TRÚ OG Á SITT EIGIÐ PERSÓNULEGA SAMBAND VIÐ GUÐ.

„Hann grét með mér eftir leikinn við Króatíu og sagði fyrirgefðu,“ segir Ása. „Það er hann í hnotskurn. Hann hefur svo einlægan vilja til að gera vel og er svo heiðarlegur.“ FRÉTTABLADID/ERNIR

# Hlýt að vera heppnasta manneskja í heimi

Segir **Ása Reginsdóttir**, eiginkona **Emils Hallfreðssonar**, sem mætti kalla þriðja þjálfarann hans. „Ég er svo innilega með honum í þessu og samvinnan er að skila sér,“ segir Ása. Emil og Ása segja frá HM og lífi sínu á Ítalíu.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Emil Hallfreðsson á afmæli daginn sem blaðamaður lítur við á heimili hans hér heima á Íslandi sem er í Urriðaholti.

Hann og eiginkona hans Ása Reginsdóttir eru nýkomin úr dagsferð í Bláa lónið og eru afslöppuð og sæl að sjá.

Emil segist hafa átt góðan afmælisdag. „Við vorum með börnunum okkar í morgun. Strákurinn er í sumarskóla og við komum stelpunni inn á leikskóla sem er í grenndinni. Sem er frábært því þau fá að æfa sig í íslenskunni. Við höfum búið svo lengi á Ítalíu og börnin okkar eru orðnir svo miklir Ítalir, sérstaklega strákurinn okkar,“ segir Emil.

*Hvernig líður honum eftir viðureignirnar á HM?*

„Mér líður bara vel. Mér fannst við gefa allt í þetta. Fyrsti leikurinn var góður, seinni hálfleikurinn á móti Nígeríu var ekki nógu góður. Svo vil ég meina að leikur okkar gegn Króatíu hafi verið góður en við náðum þó ekki að nýta færin, það var svolítið oft stöngin út,“ segir Emil og brosir.

„Spilamennskan var fín. Við vorum að spila á móti mjög ólíkum þjóðum en það var ótrúlega gaman. Mér fannst þetta frábær lífsreynsla. Þetta var búið að vera mikið í hausnum á mér eftir EM, þar fékk ég lítið að spila og var smá svekktur með það. Annað hefði verið óeðlilegt, maður er keppnismaður. Eftir að við komumst á HM var ég staðráðinn í að standa mig. Ég talaði um það við Ásu og við gerðum plan sem við fórum eftir. Ég ákvað að gera öll smáatriðin í lífi mínu vel,“ segir hann.

## Grét eftir leikinn

„Hann grét með mér eftir leikinn við Króatíu og sagði fyrirgefðu,“ segir Ása. „Það er hann í hnotskurn. Hann hefur svo einlægan vilja til að gera vel og er svo heiðarlegur,“ segir hún. „En auðvitað sagði ég við hann að hann þyrfti ekkert að segja fyrirgefðu. Hann hefði staðið sig frábærlega. Og þeir allir. Ég er svo stolt af honum,“ segir Ása.

## Ljúft líf á Ítalíu

Emil er miðjumaður hjá Udinese á Ítalíu og samningsbundinn út sumarið 2020. Hann byrjaði í atvinnumennsku með Tottenham fyrir þrettán árum. Fór í skamman tíma til Malmö og þaðan til Reggina á Ítalíu árið 2007. Hann var með liðinu í fjögur ár. Emil lék svo með Barnsley á Englandi eitt tímabil. Hann kom aftur til Ítalíu til að leika með Hellas Verona 2011. Hann spilaði með liðinu í sex ár þar til hann samdi við Udinese árið 2016. Hann segir lífið á Ítalíu leika við sig og fjölskyldu sína.

„Við eigum mikið af ítölskum vinum og margir þeirra eru svo nánir að við lítum á þá sem hluta af fjölskyldunni okkar,“ segir Emil og tekur dæmi af konu sem varð syni þeirra sem amma í Verona.

„Það var gæfa að kynnast Antonellu. Hún er kona á sextugsaldri. Þegar við eignuðumst Emanuel þurftum við stuðning. Það getur verið erfitt að stofna fjölskyldu í ókunnugu landi þar sem tengslanetið er lítið. Antonella varð eins og amma hans Manúels. Hún á tvö börn, stelpu og strák. Laría dóttir hennar kom til Íslands þegar hún var sautján ára. Var hér í eitt ár, íslensk fjölskylda tók hana að sér. Fór í Kvennaskólann og lærði að tala íslensku,“ segir Emil frá.

„Lífið á Ítalíu er gott, þar er annar hraði og við Ása njótum þess að lifa heilsusamlegu og góðu lífi og leggjum mikið upp úr því að borða góðan mat,“ segir Emil og segir Ásu eins og þriðja þjálfarann. Mataráhuginn hefur undið upp á sig því Emil og Ása flytja meðal annars inn vín og ólívuolíu frá Ítalíu til Íslands. Vínið sem þau flytja inn heitir Allegrini en Allegrini var valinn vínframleiðandi Ítalíu árið 2016.

PABBI VANN Í ALCOA ÁÐUR EN HANN VEIKTIST AF KRABBAMEINI. HANN VANN ÞAR Í YFIR 20 ÁR EN VAR SVO SAGT UPP. ÉG MAN HVAÐ ÉG VARÐ REIÐUR ÞEGAR HONUM VAR SAGT UPP. HANN VAR YFIRVEGAÐUR YFIR ÞVÍ EINS OG YFIR ÖLLU.

„Allegrini-fjölskyldan er einn af virtari vínframleiðendum Ítalíu og við ásamt Francesco Allegrini, syni vínbóndans hans Franco, stofnuðum saman Olifa. Með Olifa höfum við sameinað undir einn hatt ítalskar hágæða jómfrúarolíur sem fást einungis á veitingastöðum úti. Ása gerði lógóið og umbúðirnar og við öll í sameiningu ákváðum hvaða olíu skyldi setja í flöskurnar. Vegna tengsla Allegrini-fjölskyldunnar á ítölskum matarmarkaði fáum við olíurnar á góðu verði sem er að skila sér heim í stórverslanir. Við erum mjög stolt af því að Íslendingar hafi nú svona góðan aðgang að hágæða ítalskri jómfrúarolíu og ég vona að Íslendingar bæti þeim inn í daglegt mataræði, enda færðu ekki hollari fitu á matinn þinn. Viðtökurnar hafa reyndar verið framar vonum og þær seldust upp í Krónunni, þannig að Íslendingar kunna gott að meta,“ segir Emil.

## „Nuddolían“

Ása hefur lagt Emil línurnar í mataræði í nokkuð langan tíma. „Hún hefur tekið þetta mjög langt. Og þetta ár fyrir keppnina borðaði ég nærri eingöngu hreint fæði. Ása hefur verið dugleg að leyfa fólki að fylgjast með ítölsku matarmenningunni og þeim pælingum sem hún er í á Instagram. Við borðum mikið af bökuðu grænmeti, notum ólívuolíuna og förum mjög ýkt í þetta. Við tókum meira að segja 50 lítra af olíunni með til Rússlands, kokkurinn notaði hana við eldamennsku fyrir landsliðið. Hún kláraðist,“ segir Emil og segir félaga sína í landsliðinu hafa verið mjög ánægða. „Það var svolítið vesen að flytja hana til Rússlands. Á endanum var þetta flutt með liðinu sem nuddolía,“ segir hann og hlær.

*Ása, hvernig mat borðið þið?*

„Maturinn sem við borðum er mjög ítalskur en Ítalir borða einfaldan og hreinan mat. Mikið bakað eða eldað grænmeti, hreint kjöt ➡

# Við tjöldum því besta

## Yfir 40 gerðir af tjöldum

HILLEBERG THE TENTMAKER Vango



Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 16.995,-
3 manna verð kr. 18.995,-




Vango F10 Xenon UL
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 59.995,-
2 manna+ verð kr. 69.995,-



Vango Banshee Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 29.995,-
3 manna verð kr. 40.995,-



Vango Spey
3000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 20.995,-
4 manna verð kr. 19.995,-



Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 30.995,-
3 manna verð kr. 35.995,-



Vango Pulsar Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 37.995,-
3 manna verð kr. 45.995,-



Vango Winslow
3000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 43.995,-
5 manna verð kr. 49.995,-
6 manna verð kr. 59.995,-



Vango Amalfi Airbeam
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 109.995,-
6 manna verð kr. 139.995,-



Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 33.995,-
4 manna verð kr. 37.995,-
5 manna verð kr. 49.995,-



Vango Taiga XL
4000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 169.995,-



Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
8 manna verð kr. 89.995,-



Vango Woburn
4000mm vatnsheldni
**4 manna tilboðsverð kr. 46.995,-**
**5 manna tilboðsverð kr. 52.995,-**

Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum

MAMMUT PRIMUS OR OUTDOOR RESEARCH HILLEBERG THE TENTMAKER Vango TERNUA GREGORY EVEREST

**Skeifunni 6 · www.everest.is**

➡ eða fisk og hágæða ítalskri olíu er sáldrað yfir. Við notum engin fæðubótarefni, drekkum ekki gosdrykki eða orkudrykki og sælgæti er í algjöru lágmarki. Ég dreg svo Emil með mér í föstur öðru hvoru en rannsóknir sýna að þær hafi afar jákvæð áhrif á líkamann og við erum sammála því,“ segir Ása.

**Góðir vinir**

„Verona hefur haft mikil áhrif á okkur Ásu. Þetta er svo falleg borg. Ég get vel sagt að heimili mitt sé bæði Hafnarfjörður og Verona. Við förum mjög oft þangað þótt ég sé kominn til Udinese og gistum þá hjá vinum okkar,“ segir Emil.

*Hvernig kynntust þið Ása?*

„Við erum bæði úr Hafnarfirði. Ég hef vitað af henni síðan ég var ungur. Hún átti kærasta og ég var ekki mikið kenndur við stelpur á mínum yngri árum. En svo þegar ég vissi að hún væri hætt með kærastanum sínum, þá tékkaði ég á henni, það gekk ekki. Ég prófaði aftur ári seinna þegar ég var staddur hér á landi fyrir landsliðið. Sem betur fer ákvað hún að svara mér og hitta mig. Við höfum verið saman síðan,“ segir Emil og segir ástina hafa blómstrað öll árin sem þau hafa átt saman síðan þá. „Við erum mjög góðir vinir og traust saman. Hún stendur með mér. Ég stend með henni,“ segir Emil.

„Ég er ekkert feimin við að segja: Við erum í þessu saman,“ segir Ása. „Ég er svo innilega með honum í þessu og samvinnan er að skila sér,“ segir Ása.

„Ég er mikill fjölskyldumaður og við erum eining. Við gerðum þetta saman og skipulögðum lífið á Ítalíu þannig að þetta myndi ganga upp núna fyrir HM. Þetta var nú á smá manísku leveli,“ segir hann og brosir. „Ég fékk lítið að spila, þjálfarinn fílaði mig bara ekki. Það getur gerst og það er lítið við því að gera, segir Emil. „En þá er bara að æfa meira. Ég get ekki ætlast til þess að allir fíli mig. Ég fann traust hjá Heimi og kann vel að meta það. Mér finnst ég hafa náð að endurgjalda traustið sem hann sýndi mér,“ segir hann.

*Fannst þér erfitt að vera ekki með gegn Nígeríu?*

„Ég vissi það fyrir að ég yrði ekki með. Heimir talaði við mig um þetta og ég var sáttur og fór bara að undirbúa mig undir næsta leik. Það var taktísk breyting en svo þróaðist leikurinn öðruvísi en við áttum von á.“

*Fannst þér erfitt að horfa á?*

„Nei, það er auðvelt að vera vitur eftir á. Það gagnast hins vegar ekki í fótbolta. Ef maður tekur ekki vissa áhættu þá gerist ekki neitt.“

Emil segist hafa fyllst enn meiri ástríðu eftir HM. „Mér fannst svo gaman á HM og hugsaði: Vá, ég er að fara að gera þetta áfram. Ég ætla að gera allt til þess að verða betri leikmaður. Ég er 34 ára gamall en ef maður hugsar vel um sig þá getur maður haldið sér í leiknum. Mér finnst ég enn vera að bæta mig. Reynslan vegur svo þungt. Ég er alltaf að bæta mig í kollinum,“ segir Emil.

**Trúði á kraftaverk**

Móðir Emils er Kristín Björg Hákonardóttir. Faðir hans, Hallfreður Emilsson, lést fyrir aldur fram í september árið 2014. „Ég er alinn upp í Hafnarfirði uppi á Holti. Gettóinu í Hafnarfirði. Ég er alinn upp við ást og umhyggju. Mamma er leikskólakennari í Hafnarfirði en hún er hálfur Þjóðverji. Mamma hennar fluttist til Íslands í stríðinu. Kom hingað í raun sem flóttamaður. Hún giftist afa og eignaðist með honum fimm börn. Við erum fjögur systkinin. Ég á tvær systur og einn bróður. Bróðir minn væri að öllum líkindum í landsliðinu hefði hann ekki meiðst illa. Hann reyndi í fimm ár að ná sér en það gekk ekki. Hann er þjálfari í FH.

Pabbi vann í Alcoa áður en hann veiktist af krabbameini. Hann vann þar í yfir 20 ár en var svo sagt upp. Ég man hvað ég varð reiður þegar honum var sagt upp en hann sjálfur var yfirvegaður yfir því eins og yfir öllu. Svo stuttu eftir það veikist hann og greinist með krabbamein. Hann var farinn eftir sjö mánuði. Þetta gerðist ótrúlega hratt. Ég var úti og þetta var erfitt áfall að takast á við. Ég hefði viljað koma fyrr heim, ég kom til landsins rétt áður.

Stundum kemur upp í kollinn á mér, hefði ég átt að gera eitthvað öðruvísi? Ég var nefnilega svo viss um að hann myndi ekki fara. Ég trúi á kraftaverk og hélt hann myndi lifa. En mér finnst gott að minnast hans,“ segir Emil. Hann lét húðflúra andlitsmynd af föður sínum á handlegginn á sér. „Ég á honum margt að þakka. Ekki síst viðhorfið sem ég hef til lífsins,“ segir Emil sem var metnaðarfullur þegar hann æfði fótbolta á unglingsárum og var einbeittur í því að byggja upp feril sinn sem atvinnumaður.



„Líf okkar utan boltans er yndislegt og ég hugsa nánast daglega að ég hljóti að vera heppnasta manneskja í heimi.“



Emil á æfingu landsliðsins í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> STUNDUM KEMUR UPP Í KOLLINN Á MÉR, HEFÐI ÉG ÁTT AÐ GERA EITTHVAÐ ÖÐRUVÍSI? ÉG VAR NEFNILEGA SVO VISS UM AÐ HANN MYNDI EKKI FARA. ÉG TRÚI Á KRAFTAVERK OG HÉLT HANN MYNDI LIFA.

**Fékk ekkert gefins**

„Ég hafði voðalega lítinn áhuga á öðru en fótbolta. Mig langaði að verða atvinnumaður. Vissi ekki hvort það myndi takast eða ekki. Ég var með rosalegan metnað. Ég kláraði stúdentspróf frá Flensborg en fór aldrei á böll eða var að pæla í stelpum.

Það komst ekkert annað að en boltinn, þetta var ástríðan mín. En nú hef ég þroskast og veit að lífið snýst um miklu meira. Fótbolti er enn ástríða mín en fjölskyldan mín og lífið sem ég lifi er það líka.

Það er alveg hægt að segja að ég hafi ekki fengið neitt gefins. Ég vil láta verkin tala. Ég var mjög lítið fyrir fjölmiðla á tímabili, hef kannski vaxið upp úr því. Fólk þekkti mig ekki og vissi ekki alveg hver ég var. Ég spilaði kantmann, var á kantinum í landsliðinu í mörg ár. Á Ítalíu var ég í miðjunni. Ég var ekkert að kvarta yfir því. Ég geri það sem þjálfarinn telur best og geri gott úr því. Ég reyni að gera mitt besta þar sem ég er settur,“ segir Emil.

**Ástin kemur til baka**

*Hvaða gildi finnast þér mikilvægust í lífinu?*

„Þetta hljómar kannski væmið en ég held að maður verði að gefa frá sér ást og kærleika. Það kemur til baka. Það má hins vegar ekki vera ástæða fyrir kærleikanum að vænta einhvers til baka frá öðrum. Það gerist bara. Þannig virkar ástin. En mér finnst líka mikilvægt að bera virðingu fyrir öðru fólki. Ég kýs að sýna öðrum bæði virðingu og væntumþykju. Það eru sterkustu gildin sem mér finnst mikilvægt að fara eftir. Og að vinna. Vinna að því sem manni þykir vænt um, hvort sem það er fótbolti eða eitthvað annað,“ segir hann.

*Eru karlmenn í boltanum duglegir að ræða tilfinningar sínar, þetta er óhemju álag. Heimir virðist eiga auðvelt með það. Þú líka?*

„Ég hef opnað á tilfinningar mínar og rætt opinskátt um líf mitt. Og mér finnst allt í lagi að tala um lífið. Ég vil vera góð manneskja og láta gott af mér leiða. Mér finnst það skipta meira máli en að vera bara fótboltamaður. Manneskjan framar fótboltanum,“ segir Emil.

*Hvað segir þú, Ása, um þetta? Er lífið meira en boltinn?*

„Já, að sjálfsögðu. En líf okkar snýst mjög mikið um fótbolta engu að síður en þá alls ekki um stöðuna í ensku deildinni, þú skilur. Þetta er vinnan hans Emils og hún skiptir okkur máli. Við erum bæði þannig manneskjur að það sem við gerum gerum við af öllu hjarta og af heilindum og því er boltinn stór partur af okkar lífi. Líf okkar utan boltans er yndislegt og ég hugsa nánast daglega að ég hljóti að vera heppnasta manneskja í heimi,“ segir Ása.

**Trúin spilar stórt hlutverk**

Trúin skiptir Emil miklu máli. Hann er meðlimur í Fíladelfíusöfnuðinum í Reykjavík. „Ég er alinn upp þar og trúin spilar stórt hlutverk í mínu lífi. Mér finnst pínku fyndið þegar fólk gerir mikið úr því að ég sé mikið trúaður og svona. Kannski heldur einhver að ég sé einhver hallelújahoppari. En annaðhvort er maður trúaður eða ekki. Svo velur fólk sér leið til að iðka sína trú og á sitt eigið persónulega samband við Guð.

Ég hef ekki mikið náð að sækja kirkju á Ítalíu en það hefur ekki áhrif á mína trú. Ég lifi við þessi gildi. Ég er bara ofsalega eðlilegur gæi! En auðvitað skiptir engu máli hvað fólk segir. Þetta er mér bara mikilvægt,“ segir Emil.

F Sjá nánar á Fréttablaðið+
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.

# 1011 HM TILBOÐ

**KRISTALL 330 ML - 3 TEG**
**99** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~299~~ KR

**PEPSI, PEPSI MAX OG APPELSÍN 500 ML**
**129** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~399~~ KR

**DORITOS 170 G**
**169** KR/PK
VERÐ ÁÐUR: ~~349~~ KR

**GÓU HRAUN-BITAR - 200 G**
**249** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~499~~ KR

**DOVE CARAMEL - 50 G**
**99** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~199~~ KR

**SAMLOKA & GOS**
**699** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~998~~ KR
SÓMA SAMLOKA & 500 ML GOS Í PLASTI FRÁ ÖLGERÐINNI

**LANGLOKA & GOS**
**899** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~1198~~ KR
SÓMA LANGLOKA & 500 ML GOS Í PLASTI FRÁ ÖLGERÐINNI

**RIPPED TROPICAL-330 ML**
**199** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~349~~ KR

**MARCO POLO - 34 G**
**69** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~149~~ KR

**SAMBÓ LAKKRÍS 2 TEG**
**229** KR/STK
VERÐ ÁÐUR: ~~349~~KR

**MAXI POPP 70 G**
**129** KR/PK
VERÐ ÁÐUR: ~~299~~ KR






# Ævintýrið á HM

Ferðin á HM í Rússlandi reyndist ævintýralega skemmtileg fjölskyldu Emils Hallfreðssonar. Ása Reginsdóttir eiginkona Emils á mikið í undirbúningi hans undir keppnina og tók til dæmis ríkulegan þátt í að skipuleggja mataræðið. Sonurinn fékk að fara með.

















„Ég geng ekki lengur með þrenn gleraugu. Ég er frjáls“
Ég sé mig í speglinum og sé andlitin í kringum mig. Allur prentaður texti er Augljós í dag. Alúð, hlýja, traust, fagmennska og fáguð vinnubrögð með fullkominni eftirfylgni eru eftirsóknarverð þegar stór ákvörðun er tekin. Starfsfólk Augljóss skartar öllum þessum kostum.
Áslaug Blöndal
AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR
Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík • Sími 414 7000 • augljos@augljos.is • www.augljos.is



Álfaland, sem er fyrsti áfangi af þremur, er verkefni sem senn fer í framkvæmd. Þar verður umfangsmikil heilsulind þar sem gestir fá tækifæri til að göfga líkama og sál. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Lúxusupplifun á *landsbyggðinni*

**Hreyfingin ONE reisir 120 manna lúxushótel á Austurlandi fyrir milljarða króna. Hótelið verður að hluta til byggt inn í jörðina og mætti líkja við álfabyggð að sögn Jakobs Frímanns, framkvæmdastjóra verkefnisins. Áslaug Magnúsdóttir athafnakona og erlendir fjárfestar standa að baki verkefninu.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Á næstunni mun Jakob Frímann Magnússon, tónlistar- og athafnamaður og miðborgarstjóri til tíu ára, taka við framkvæmdastjórn í nýju þróunarfélagi. Þróunarfélagið, sem nefnist ONE, hefur keypt víðfeðmt land í Austur-Skaftafellssýslu en þar stendur til að reisa sjálfbært hátæknivætt framtíðarsamfélag í sátt við umhverfið fyrir milljarða króna.

Nú þegar er fyrsti áfangi af þremur tilbúinn til framkvæmda og hefur hlotið nafnið Álfaland. Um er ræða 120 manna lúxushótel ásamt um 20 minni húsum í svipuðum stíl á lóðum í kring um hótelið. Um hina tvo áfangana segir Jakob Frímann að ekki sé tímabært að upplýsa um þá að svo stöddu.

„Þetta er nýtt og metnaðarfullt verkefni sem verið er að innleiða á landsbyggðinni. Þetta er margra ára ferli,“ segir Jakob Frímann sem eftir tíu ár sem miðborgarstjóri og setu í ýmsum stjórnum hefur sagt starfi sínu lausu líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir viku og tekur nú að sér þetta stóra og spennandi hlutverk. Hann verður þó áfram formaður fulltrúaráðs miðborgarinnar. „Ég er að fara að stýra þessu verkefni ásamt fleirum þessu tengdum, bæði á landsbyggðinni og í Reykjavík.“

Jakob Frímann segir að byrjað hafi verið á því að ræða við heimamenn, nágranna, bæjarstjórn og skipulagsyfirvöld sem hafi gengið vel. „Það er búið að vinna þetta náið með heimamönnum. Leyfisumsóknir eru í farvegi og framkvæmdir hefjast að öllum líkindum með haustinu en fara ekki af stað af fullum krafti fyrr en að snjóa leysir í vor.“ Fjármagnið sem fer í framkvæmdirnar í þessari fyrstu lotu nemur um fimm milljörðum króna.

„Hótelið verður byggt að hluta inn í jörðina og í kringum hótelið verða um 20 hús í svipuðum stíl. Þetta verður svona eins og álfabyggð,“ segir hann. „Það sem við sjáum fyrir okkur í þessu er ekki bara íslensk orka, hrein náttúra og svalt loftslag heldur er þetta ekki síst upplifun og slökun fyrir líkama og sál.“

Áslaug Magnúsdóttir, athafnakona og fjárfestir í New York, er meðal þeirra sem fara fyrir þessu nýja þróunarfélagi og er í hópi stærstu innlendra fjárfesta, ásamt bandaríska arkitektinum og fjárfestinum John Brevard. Fleiri erlendir fjárfestar koma einnig að verkefninu.

Áslaug er annar stofnandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri tískufyrirtækisins Moda Operandi en hún hefur notið mikillar velgengni í tískuheiminum ytra fyrir það. Áslaug hlaut viðurnefnið „tískunnar góða álfkona“ hjá tískutímaritinu Vogue fyrir störf sín í Moda Operandi.

> ÞAÐ VAR EINHVER FEIKILEGA MIKIL ORKA Í KRING UM JOHN OG HANN FÉKK EINHVERJA SÝN. ÞETTA VAR EINSTÖK STUND.

„Við Áslaug höfum verið vinir í langan tíma. Áslaug er frumkvöðull, gríðarlega einbeitt og eldklár. Ég og Birna Rún, eiginkona mín, sem er einnig vinkona Áslaugar, höfum heimsótt hana nokkrum sinnum til New York og það er alveg magnað hvað hún hefur náð langt í sínu starfi. Hún fær hugmyndina að Moda Operandi sem varð á örfáum mánuðum að 15 milljarða fyrirtæki sem öll helstu tískufyrirtæki heims fjárfestu í,“ segir Jakob Frímann. Fyrirtækið er í dag metið á 70 milljarða.

Hann segir það spennandi að vinna náið með Áslaugu og hrinda þróunarfélaginu í framkvæmd en hugmyndina segir hann hafa komið fyrir nákvæmlega tveimur árum. ONE sé í raun hugsmíð Brevards sem kviknaði þegar hann var staddur á landinu.

„Við vorum öll í boði hjá Áslaugu ásamt fleira fólki. Það var feikilega mikil orka í kring um John og hann fékk einhverja sýn. Hann fer að lýsa öllu mjög ítarlega fyrir okkur, þetta var einstök stund. Þarna verður í rauninni ONE til sem meðal annars er ætlað að vera vettvangur fyrir framtíðarhugsuði að koma saman og fjalla um brýnustu mál hvers tíma. Þá mun nýjustu tækni og vísindum ætlaður griðastaður á þessum slóðum í framtíðinni ef Guð lofar.“

Farið var af stað með hugmyndina og um mitt síðasta ár keypti Áslaug landið í Össurárdal í Austur-Skaftafellssýslu, sem er mitt á milli Eystrahorns og Vesturhorns í Lóni, um 20 mínútur frá Höfn í Hornafirði. „Það var ferðast víða um landið í leit að viðeigandi stað fyrir ONE-samfélagið. En John er næmur. Hann vissi nákvæmlega hvar staðurinn var. Þarna í Lóni er svört strönd og svanir, gríðarlega fallegt landslag. Lóðin var keypt og síðan var byrjað að teikna og útfæra þetta þriggja fasa verkefni,“ segir Jakob Frímann að lokum. Stefnt er að því að lúxushótelið Álfaland verði opnað og tekið í notkun árið 2020.



## Ráðstefnan Fire in the Sky á vegum ONE í Hörpu

Sumir þeirra sem koma að Álfalandi koma hingað til lands í næsta mánuði og heldur ráðstefnu þann 23. júlí í Hörpu og hefst hún klukkan 9. Ráðstefnan ber nafnið Fire in the Sky og verður kynnt almenningi í næstu viku en miðasala hefst 10. júlí. „Þar verður fremstur í flokki einn helsti forkólfur fjórðu iðnbyltingarinnar, Bill Tai, sem er kínversk-bandarískur athafnamaður og fjárfestir og mjög áberandi í Silíkondalnum. Hann sér Ísland sem einhvers konar miðpunkt bálkakeðjutækninnar eða „block-chain“,“ segir Jakob Frímann.

Bálkakeðjur er ný tækni sem meðal annars varðar rekjanleika allra hluta þar sem trausts er vant. Bálkakeðjutæknin útilokar að hægt sé að eyða gögnum og hefur verið að ryðja sér hratt til rúms undanfarið í tæknigeiranum.

„Okkur Íslendingum stendur það nú til boða að gerast virkir þátttakendur í þessari spennandi nýju tækni,“ segir Jakob Frímann.


SUMAR MARKAÐUR
20–50% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR NIKE
30% AFSLÁTTUR MOUNTAIN HARDWEAR
30% AFSLÁTTUR MILLET
20% AFSLÁTTUR HOUDINI
30% AFSLÁTTUR Columbia
20% AFSLÁTTUR DEVOLD
20% AFSLÁTTUR Bergans OF NORWAY
20% AFSLÁTTUR DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
30% AFSLÁTTUR Columbia
30% AFSLÁTTUR zamberlan
50% AFSLÁTTUR TRESPASS
20% AFSLÁTTUR NIKE
20% AFSLÁTTUR MERIDA
20% AFSLÁTTUR Coleman Útileguvörur
20% AFSLÁTTUR PRIMUS
20% AFSLÁTTUR Coleman Útileguvörur
20% AFSLÁTTUR Coleman Útileguvörur
Verð birt með fyrirvara um prentvillur
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
WWW.ELLINGSEN.IS

# Sackler-fjölskyldan græðir á tá og fingri á OxyContin

**Álfgeir Logi Kristjánsson** dósent starfar við Ríkisháskóla Vestur-Virginíu þar sem ópíóðafaraldurinn í Bandaríkjunum er hvað skæðastur. Hann segir fíkn í lyf hafa stökkbreyst með komu OxyContin á markað en félagslegir þættir hafi ýtt undir vandann.



„Á sama tíma og lyfin voru kynnt sem skaðlaus og ólíkleg til að leiða til fíknar kviknaði umræða um að verkir væru að miklu leyti ómeðhöndlaðir í bandarísku samfélagi," segir Álfgeir og segir fleiri þætti skipta máli. MYND/M.G. ELLIS

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Auður Sackler-fjölskyldunnar er að mestu leyti kominn til af sölu á verkjalyfinu OxyContin. Lyfinu sem hefur leitt marga notendur í Bandaríkjunum til neyslu á heróíni. Lyfi sem er talið eiga þátt í því að yfir 200 þúsund Bandaríkjamenn hafa látið lífið.

Fjölskyldan er ein sú ríkasta í Bandaríkjunum. Tímaritið Forbes mat eignir fjölskyldunnar á sem nemur tæpum 1.500 milljörðum íslenskra króna árið 2015.

Sackler-fjölskyldan er valdamikil og styrkir ríkulega starf helstu listasafna heimsins, stórir og virtir háskólar njóta dyggilegs stuðnings hennar og einnig sjúkrahús.

Sérstök Sackler-álma er í Metropolitan-listasafninu í New York og í Louvre í París. Þá er sérstakt Sackler-safn í Harvard-háskóla og nafn fjölskyldunnar er einnig tengt Smithsonian, Tate Modern, Guggenheim og Oxford-háskóla, svo nokkrar stofnanir séu nefndar. Nafnið er hins vegar hvergi sjáanlegt í tengslum við fyrirtæki fjölskyldunnar, Purdue Pharma, sem framleiðir lyfið OxyContin.

Lyfið var sett á markað árið 1996. Tímaritið The New Yorker fjallaði um völd fjölskyldunnar og lyfjaframleiðsu í nóvember í fyrra. Í greininni The Family that Built an Empire of Pain, er ítarlega fjallað um fjölskylduna og Purdue Pharma. Og markaðssetningu lyfsins. Það var markaðssett sem öruggara form ópíóða, með notkun þess væri lítil hætta á ávanabindingu. Læknum var talin trú um að hér væri komið rétta lyfið við krónískum verkjum.

Álfgeir Logi Kristjánsson, dósent við Ríkisháskóla Vestur-Virginíu, hefur fylgst með ópíóðamarkaðnum og segir fíkn í lyfseðilsskyld hafa stökkbreyst með tilkomu lyfsins. „Læknar fóru þá í auknum mæli að skrifa upp á þetta nýja lyf fyrir sjúklinga sína sem glímdu við verki. Enda var það kynnt fyrir þeim sem áhættulaust lyf. Hættan á ávanabindingu væri hverfandi," segir Álfgeir og á helst við lyfið OxyContin.

Annað kom í ljós. Misnotkun lyfsins varð fljótt mikil, þeir sem tóku lyfin við verkjum þróuðu sumir með sér mikinn fíknivanda og bera fór á dauðsföllum vegna öndunarbælingar. Purdue Pharma beindi helst auglýsingum sínum að læknum og auglýsti lyfið í vísinda- og læknaritum.

Bandaríska lýðheilsustofnunin, Centers for Disease Control, greindi frá því að árið 2016 hefðu 53 þúsund Bandaríkjamenn látist úr ofneyslu ópíóða.

Ópíóðafaraldurinn í Bandaríkjunum segir Álfgeir eiga sér rót í bandarísku heilbrigðiskerfi. „Hér er einkatryggingakerfi og heilbrigðisþjónusta rekin eins og hver önnur kapítalísk þjónusta. Það er mikil samkeppni og mikil þjónusta í boði. Fólk vill fá öruggar lausnir við sínum vanda og er kröfuharðir neytendur ef það er vel tryggt," útskýrir Álfgeir. „Þetta er hákapítalískur markaður og notendur heilbrigðisþjónustunnar eru þeir tryggðu, sem og þeir sem nota opinbera kerfið, Medicare og Medicaid. Hið opinbera er þannig stór kaupandi heilbrigðisþjónustu," segir hann.

Álfgeir segir félagslega þætti hafa ýtt undir vandann. „Atvinnuöryggi í Bandaríkjunum er ekki mikið og styrkur stéttarfélaga hefur minnkað umtalsvert síðustu 30 ár. Fólk hefur lítið öryggi þegar það missir vinnuna. Fyrir vikið leggur það meira í sölurnar til þess að vera í vinnunni, leggur heilsuna að veði. Er ginnkeyptara fyrir skjótvirkum lausnum við verkjum, til dæmis með lyfjum eins og OxyContin," segir hann og segir almenning og lækna hafa verið grandalausa þegar lyfjafyrirtækið Purdue Pharma markaðssetti þetta sterka verkjalyf sem öruggt lyf.

Grandaleysið er ekki að ástæðulausu. Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna (FDA) samþykkti OxyContin sem lyf við verkjum árið 1995. Engar klínískar rannsóknir höfðu þó verið gerðar um hættu á ávanabindingu. Þrátt fyrir það stóð á fylgiseðli lyfsins að lyfið væri öruggara en önnur verkjalyf og minni líkur á ávanabindingu.

„Á sama tíma og lyfin voru kynnt sem skaðlaus og ólíkleg til að leiða til fíknar kviknaði umræða um að verkir væru að miklu leyti ómeðhöndlaðir í bandarísku samfélagi," segir Álfgeir og segir fleiri þætti skipta máli.

„Það er lítið rætt um dreifingu lyfjanna, það eru þrjú stór fyrirtæki sem dreifa yfir 80 prósentum verkjalyfja í landinu. Þau hafa mikið að segja um hvert lyfin dreifast," segir hann.

Lyfjafyrirtækin þrjú eru McKesson, Cardinal Health og AmerisourceBergen og hafa orðið uppvís að því að senda sérstaklega mikið magn OxyContin og fleiri lyfseðilsskyldra ávanabindandi lyfja í smábæi þar sem dauðsföll vegna ópíóðaneyslu eru hæst.

„Þá er langstærsti greiðandi heilbrigðisþjónustu hið opinbera. Notendur Medicare og Medicaid eru þeir sem eru einnig líklegastir til að nota þessi lyf. Aldraðir og svo illa tryggt fólk sem vinnur líkamlega erfiðisvinnu og er líklegast til að vera með stoðkerfisvanda," bendir Álfgeir á. „Það er því óhætt að segja að almennir skattborgarar borgi fyrir notkunina að miklu leyti," segir hann.

Álfgeir bendir á félagslegar aðstæður í heimafylki sínu Vestur-Virginíu þar sem ópíóðafaraldurinn er einstaklega erfiður viðureignar. „Þar hefur lengi verið einhæfur iðnaður, kolanámugröftur. Iðnaður sem menningarlega á margt sameiginlegt með sjómennsku á Íslandi. Það er borin mikil virðing fyrir námuverkamönnum sem leggja mikið á sig, leggja heilsu sína að veði.

Kolanámuiðnaðurinn er nú hruninn, þörf fyrir kol hefur minnkað og aðferðir við vinnslu breyst. Það er minni þörf fyrir mannafla og meira um stórvirkar vinnuvélar. Fyrir vikið eru margir bæir og samfélög í niðurbroti. Þar er ekki mikið fyrir fólk að hafa og erfiðar félagslegar aðstæður. Í einmitt þessum bæjum hefur grasserað gríðarleg neysla og fíkn," segir Álfgeir og tekur dæmi um tvo smábæi í Vestur-Virginíu, fylkinu sem hann býr í, Williamson og Kermit.

„Í Williamson búa um 3.000 manns og á rúmum áratug hafa tvö apótek í bænum leyst út 20,8 milljón töflur af ávanabindandi og róandi lyfjum. Það eru 6.500 töflur á hvern íbúa bæjarins, menn, konur og börn. Í annan bæ, Kermit, þar sem dauðsföll eru mörg vegna ópíóðalyfja, voru sendar 9 milljón töflur. Í eitt apótek. Þetta voru þessi þrjú lyfjadreifingarfyrirtæki sem ég nefndi áður," segir Álfgeir frá.

„Það verða til svo kallaðar pillumyllur í þessum bæjum. Þar sem starfa óheiðarlegir læknar sem skrifa út ómælt magn af töflunum og taka svo hluta söluágóðans," segir Álfgeir.

Bandarísk heilbrigðisyfirvöld réðust í aðgerðir til að reyna að sporna við ástandinu en mega sín lítils. Þó að ávísanir á OxyContin séu færri hefur lyfjafíkn leitt fólk á svartan markað fyrir lyfseðilsskyld lyf og ódýrt heróín. American Society of Addiction Medicine segir fjóra af fimm sem prófa heróín hafa byrjað neyslu sína á lyfseðilsskyldum lyfjum.

„Það er bara lógískt að fólk færi sig yfir í heróín. Það er orðið háð sterkum ópíóðum. Svarti markaðurinn sér sér auðvitað leik á borði þegar yfirvöld draga úr lyfjaávísunum. Efnið skiptir fíkilinn ekki meginmáli," segir Álfgeir og varar við svipaðri þróun hér.

„Þessi tilhneiging er að færast yfir til Evrópu. Og eitt af því sem ég hef tekið eftir af því ég hef rannsakað vímuefnaneyslu ungs fólks í mörg ár á Íslandi. Það er að viðhorf þeirra er ekkert ólíkt því sem er hér í Bandaríkjunum. Fólk heima á Íslandi hefur einnig tilhneigingu til að horfa á lyfseðilsskyld lyf með öðrum hætti. Þegar raunverulega er hægt að færa rök fyrir því að slík lyf séu hættulegri en þau ólöglegu. Þau eru af fullum styrkleika og ekki búið að drýgja þau til sölu. Það þarf að vinna í rót vandans, það þarf að breyta lyfjamenningunni og það þarf að þróa fleiri og betri meðferðarúrræði fyrir þá sem hafa ánetjast ávanabindandi lyfjum," segir Álfgeir.



# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 30. JÚNÍ 2018



**Helga Thoroddsen myndlistarkona vinnur með misskildar kvenhetjur í verkum sínum. Sýning á verkum hennar verður opnuð á morgun á Reykjavík Fringe undir yfirskriftinni Monstress.**

→4

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ APP
FRÉTTABLAÐIÐ.IS



„Með því að demba hóteli ofan í þennan reit er verið að fórna mikilvægu, sögufrægu svæði fyrir einkahagsmuni. Þetta er ekki aðeins siðlaust heldur er þetta líka stórslys í skipulagslegu og sögulegu tilliti og algjör skortur á virðingu fyrir fortíðinni, sögunni og forfeðrum okkar,“ segir Friðrik. MYND/ERNIR

# Sögufrægu svæði fórnað fyrir einkahagsmuni

Friðrik Ólafsson, fyrrverandi skrifstofustjóri Alþingis, segir mikla vá steðja að söguslóðum og skipulaginu í miðborg Reykjavíkur, ef svo illa tækist til að áform um firnamikið hótel á Landssímareit yrðu að veruleika. Fyrirhuguð er nýbygging við Kirkjustræti sem yrði hluti hótelsins, en sú bygging mundi að miklu leyti fara út í Víkurgarð, hinn forna kirkjugarð Reykvíkinga. →2



„Við hljótum að krefjast þess að borin sé virðing fyrir sögulegri arfleifð borgarinnar, staðaranda og menningarlegu hlutverki hennar. Verði þessi byggingaráform að veruleika yrðu unnin óbætanleg spjöll á helgasta reit höfuðstaðarins, Víkurgarðinum,“ segir Friðrik. MYND/ERNIR

**Framhald af forsíðu ➪**

Friðrik er formaður Kvosarinnar, félags sem hefur þann tilgang að stuðla að umhverfisvernd í Kvosinni í Reykjavík og leitast við að vernda sögulegar minjar sem þar er að finna.

„Víkurgarður er helgidómur í hjarta borgarinnar, sameign okkar borgarbúa og raunar landsmanna allra. Hann er elsti kirkjugarður Reykvíkinga og á upphaf sitt að rekja til þess tíma þegar kristni var lögtekin á Íslandi. Og nú stendur til að byggja hótel í Víkurgarðinum. Okkur sem stöndum að Kvosinni ofbýður þessi framkvæmd,“ segir Friðrik Ólafsson, stórmeistari í skák, fyrrverandi skrifstofustjóri Alþingis og núverandi formaður Kvosarinnar.

Hann hefur frá árinu 2013, ásamt fleirum, barist ötullega gegn því að hótel eða aðrar byggingar rísi á þessum merka reit og nú hefur Kvosin kært þá ákvörðun byggingaryfirvalda borgarinnar; að veita leyfi til nýbyggingar í austurhluta Víkurgarðs við Kirkjustræti.

## Hugnast ekki að kirkjugarður sé notaður undir hótelbyggingu

„Þetta mál á sér langan aðdraganda, sem hófst með því að nýtt deiliskipulag var samþykkt árið 2013. Þar er gert ráð fyrir því að hluti af kirkjugarðinum, þ.e. austurhlutinn, verði notaður undir nýbyggingu. Okkur hugnaðist ekki að níu hundruð ára gamall kirkjugarður, þar sem þrjátíu kynslóðir Reykvíkinga hafa verið lagðar til hinstu hvílu, væri notaður sem grunnur undir hótelbyggingu – og raunar ekki byggingar af neinu tagi. Talað er um að vera lagður til hinstu hvílu, en það á ekki við í þessu tilviki. Okkur sem stöndum að Kvosinni var einfaldlega misboðið. Í félaginu eru hátt í hundrað manns og í þeirra röðum er margt málsmetandi fólk og þjóðþekktir einstaklingar,“ segir Friðrik.

## Vill sýna svæðinu virðingu

Hann þekkir þetta sögufræga svæði í miðbænum mjög vel og segir að sér þyki afar vænt um það. „Talið er að bær fyrsta landnámsmannsins, Ingólfs Arnarsonar, hafi verið á þessum slóðum og þótt ekki væri nema bara fyrir það ætti að sýna svæðinu tilhlýðilega virðingu,“ segir Friðrik sem er allt annað en sáttur við borgaryfirvöld og þá sem standa að byggingu hótels á þessum reit.

„Þegar deiliskipulagið var samþykkt árið 2013 mætti það strax mikilli andstöðu og því var harðlega mótmælt. Eigandi fasteignanna á Landssímareitnum reri að því öllum árum að þarna yrði búið til skipulag fyrir þennan tiltekna reit, enda jók það verðgildi hans eigna. Deiliskipulagið var í raun klæðskerasniðið í kringum hann og borgin féllst á það,“ segir Friðrik.

„Með því að demba hóteli ofan í þennan reit er verið að fórna mikilvægu, sögufrægu svæði fyrir einkahagsmuni. Þetta er ekki aðeins siðlaust heldur er þetta líka stórslys í skipulagslegu og sögulegu tilliti og algjör skortur á virðingu fyrir fortíðinni, sögunni og forfeðrum okkar,“ segir Friðrik og bætir við að græðgin sé orðin allt of mikil.

> **Okkur hugnaðist ekki að níu hundruð ára gamall kirkjugarður, þar sem þrjátíu kynslóðir Reykvíkinga hafa verið lagðar til hinstu hvílu, væri notaður sem grunnur undir hótelbyggingu – og raunar ekki byggingar af neinu tagi. Talað er um að vera lagður til hinstu hvílu, en það á ekki við í þessu tilviki. Okkur sem stöndum að Kvosinni var einfaldlega misboðið.**

## Borgaryfirvöld hlusta ekki á rök

„Frá upphafi hefur ekki verið neinn áhugi hjá borgaryfirvöldum á að hlusta á rök gegn þessum framkvæmdum. Þar er algjörlega talað fyrir daufum eyrum. Borgarstjórnarmeirihlutinn lét samþykkja það sem honum sýndist því hann er með meirihluta atkvæða og hirðir ekki um að fara eftir lögum og reglum. Það er mín reynsla,“ segir Friðrik.

Hann segir að því hafi fljótlega verið ljóst að farið yrði út í málaferli en Friðrik vonast til að nýr borgarstjórnarmeirihluti skoði þetta mál frá grunni og að hægt verði að snúa frá áformum um hótelbygginguna. „Rótin að þessu öllu eru mikil mistök sem einhver vígreifur embættismaður framdi fyrir rúmum þrjátíu árum, eða 1987, þegar samþykkt var deiliskipulag Kvosarinnar. Þá voru mörk Víkurgarðs ranglega færð og sett miklu vestar, svo það lítur ekki út fyrir að þessi tiltekni reitur sé hluti af garðinum. Þetta er lögleysa en því miður er enginn vilji til að láta þetta ganga til baka, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar,“ segir Friðrik.

## Vonar að sem flestir láti í sér heyra

Inntur eftir því hver séu næstu skref segir Friðrik að Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hafi tekið að sér að gæta hagsmuna Kvosarinnar og nú sé málið búið að fara í gegnum öll kærustig innan borgarkerfis og utan. „Kæran er núna komin til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og var sett á dagskrá hjá skipulags- og samgönguráði borgarinnar núna í vikunni. Sennilega tekur einar 3-4 vikur að fá niðurstöðu um þá kröfu okkar að framkvæmdir við nýbygginguna verði stöðvaðar til bráðabirgða á meðan kæran er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.“

Friðrik segist vona að sem flestir skoði þetta mál og láti í sér heyra því að fram undan blasi við skelfileg eyðilegging á sögulegum minjum ef ekki er spyrnt við fótum. „Ég held að borgarbúar og landsmenn allir kæri sig ekki um að ráðamenn borgarinnar hegði sér með þessum hætti. Við í Kvosinni erum heldur ekki ein í þessari baráttu, sóknarnefnd Dómkirkjunnar er einnig búin að kæra þessa aðför að Víkurgarði, enda á hún hagsmuni að verja,“ segir hann.

Ef nýbyggingin fengi að rísa mundi hún reka fleyg í hina fallegu götumynd milli Austurvallar og Aðalstrætis og koma í veg fyrir frjálst flæði hjólandi og gangandi vegfarenda sem svo mjög var rómað í kynningarritum um nýja deiliskipulagið, að sögn Friðriks.

„Við hljótum að krefjast þess að borin sé virðing fyrir sögulegri arfleifð borgarinnar, staðaranda og menningarlegu hlutverki hennar. Verði þessi byggingaráform að veruleika yrðu unnin óbætanleg spjöll á helgasta reit höfuðstaðarins, Víkurgarðinum. Hann myndi lokast inni á milli hárra bygginga í litlum skika í miðborginni, og verða ofurseldur ágangi og umferð. Mergurinn málsins er sá að þessi sögufrægi staður þolir ekki eitt hótel enn, til viðbótar við öll þau hótel sem þegar eru til staðar. Ekki þarf neinn sprenglærðan skipulagsfræðing til að sjá að þetta gengur engan veginn upp,“ segir Friðrik.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Laus við magavandamál og orkan hefur margfaldast

Meltingarensímin frá Enzymedica eru afar öflug en þau bæta meltinguna, gefa aukna orku og betri líðan ásamt því að losa fólk við fjölmörg vandamál tengd erfiðri meltingu.



Anna Gréta öðlaðist nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin.

Hver kannast ekki við að verða þreyttur eftir þunga máltíð? Sumir fá líka óþægindi, uppþembu og vindverki en þetta tengist að öllum líkindum skorti á meltingarensímum. Líkaminn framleiðir sjálfur meltingarensím sem brjóta niður fæðuna en margt getur orðið til þess að hann framleiði ekki nóg

## Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefndur fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkursykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensíms sem brýtur niður laktósann. Meltingarensímin eru af mörgum tegundum og hafa öll mismunandi hlutverk en hjá öllum hefst meltingin í munninum. Þar eru fyrstu meltingarensímin sem fæðan kemst í snertingu við og hefja þau niðurbrot á kolvetnum. Í maganum taka svo fleiri tegundir af ensímum við og brjóta m.a. niður prótein, fitu og laktósa. Þar drepast einnig flestar örverur sem geta fylgt með matnum en magasafinn sem er mjög sterk saltsýra sér um þá vinnu. Hvert ensím hefur svo mjög sérstakt (afmarkað) hlutverk og þau virkjast hver við sitt hita- og sýrustig (pH-gildi).



„Stundum gerist það að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Það er t.d. ef við borðum of mikið og/eða að samsetning matarins er slæm en þá nær líkaminn ekki að „lesa skilaboðin rétt“. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem maturinn (eða bætiefnin) á að skila okkur,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

## Margföld orka og laus við magavandamál

Anna Gréta öðlaðist nýtt líf eftir að hún fór að nota Enzymedica meltingarensímin en það var ekki bara meltingin sem varð betri, heldur náði hún betri svefni og því varð hún orkumeiri og glaðari eins og gefur að skilja. Hún hafði þetta að segja:

„Ég hef haft psoriasis gigt í meira en 20 ár og hef tekið töluvert af lyfjum þess vegna. Fyrir nokkrum árum fór ég að eiga við magavandamál sem eru líklegast tilkomin vegna lyfjanotkunar en fyrir utan magaónot og uppþembu var ég alltaf þreytt og orkulaus. Ég hef prófað svo margt gegnum tíðina en fundið lítinn mun, þar til ég kynntist Enzymedica ensímunum. Þvílíkur munur og það besta er að ég fann muninn strax. Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.“

## Hverja vantar meltingarensím?

Afleiðingar vegna skorts á meltingarensímum geta verið víðtækar og hugsanlega finnum við fyrir öðrum einkennum en meltingarónotum. Einkenni skorts á ensímum geta verið:

- Brjóstsviði
- Vindverkir
- Uppþemba
- Kviðverkir og ógleði
- Bólur
- Nefrennsli
- Krampar í þörmum
- Ófullnægt hungur
- Exem
- Höfuðverkur
- Skapsveiflur




- Liðverkir
- Húðkláði
- Húðroði
- Svefnleysi

Einnig ættu allir þeir sem eru að taka inn mjólkursýrugerla að skoða hvort meltingarensím geti ekki hjálpað til við að koma meltingunni í gott horf og auka þar með almennt hreysti og vellíðan.

> Ég er ekki lengur útblásin eftir máltíðir, hægðir urðu fljótt reglulegar, orkan margfaldaðist og ég er ekki að kljást við magavandamál lengur.
>
> Anna Gréta, 67 ára

## Nokkrar staðreyndir um ensím

- Ensím taka þátt í hverju einasta efnafræðilega ferli sem á sér stað í líkamanum.
- Ensím hámarka upptöku næringarefna og hjálpa til við að breyta mat í orku.
- Ensím á bætiefnaformi geta dregið úr einkennum fæðuóþols.
- Ensím á bætiefnaformi geta haft margvísleg jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina umfram bætta meltingu.
- Ensím geta hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr.

Með inntöku ensíma getur fólk skilað meira frá sér en áður og reglulegar og hungurtilfinning minnkar því næringin úr fæðunni nýtist líkamanum betur. Orkan eykst og geta ensím hreinlega hjálpað heilbrigðu fólki að verða enn heilbrigðara.

## Byltingarkennd ensím

Enzymedica meltingarensímin vinna á mismunandi pH-gildum í meltingarveginum og ná þau þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Ensím sem unnin eru með þessari aðferð hafa mælst á bilinu 5-20 sinnum öflugri og vinna meira en sex sinnum hraðar en önnur leiðandi meltingarensím.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana og stórmarkaða.



# Fegurð í öllum kvenmyndum

**Helga Thoroddsen myndlistarkona vinnur með misskildar kvenhetjur í verkum sínum. Sýning á verkum hennar er opnuð á morgun á Reykjavík Fringe undir yfirskriftinni Monstress.**



Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Helga Thoroddsen myndlistarkona skoðar konur og birtingarmyndir kvenna í sögunni í nýju ljósi á myndlistarsýningunni Monstress sem er hluti af opnunarhátíð Reykjavík Fringe á morgun. MYND/ANTON BRINK

Helga er alin upp á Selfossi en lærði málun í Camberwell College of Art í London. „Ég kom heim 2016 og fékk inni á Listastofunni og hélt mína fyrstu einkasýningu þar í maí í fyrra,“ segir Helga sem hefur einnig tekið þátt í samsýningum. „Ég verð svo með sýningu á opnunarhátíð Reykjavík Fringe Festival á sunnudaginn undir yfirskriftinni Monstress þar sem ég fjalla um alls konar konur; forynjur, gyðjur og þess háttar.“

Helga vinnur mikið með konur úr trúarbrögðum og goðsögnum. „Mér finnst mjög áhugavert að endurskoða kvenpersónur úr fortíðinni, goðsögum og ævintýrum sem hafa breytt um merkingu gegnum tíðina og hvernig sjálfstæði kvenna hefur verið skrímslavætt,“ segir Helga og nefnir Medúsu sem dæmi en Medúsa er persóna úr grískri goðafræði sem var með slöngur í stað hárs og breytti mönnum í stein með augnaráðinu einu saman. „Það sem heillaði mig við Medúsu er að hún hefur alltaf verið sýnd sem skrímsli og forynja en þegar sagan um hana er skoðuð kemur í ljós að það var hún sem var fórnarlamb, henni var nauðgað og svo refsað fyrir það en ekki þeim sem framdi glæpinn. Og svo var henni breytt í skrímsli,“ segir Helga og tekur annað dæmi.

„Lillith er úr gyðingdómi og við heyrum ekki mikið um hana í kristninni. Hún var fyrsta kona Adams, sköpuð úr jörðinni eins og hann en af því hún neitaði að beygja sig undir vilja hans og vildi vera jafningi var henni kastað úr Eden og Eva var sköpuð í staðinn til að vera undirgefin. Lillith var svo skrímslavædd, varð að forynju sem rændi ungbörnum. Og í þessu samhengi má líka líta á hvaða afleiðingar það hafði fyrir Evu að taka sjálfstæða ákvörðun.“

Helga notar sjálfa sig sem fyrirmynd þegar hún málar. Hún segir ástæðuna vera margþætta. „Það er mikilvægt fyrir mig þegar ég er að mála myndir að ég geti tengst því sem ég er að mála,“ segir hún. „Svo er ég oft að mála nakið fólk og það er ekki auðvelt að finna einhvern sem er tilbúinn til að sitja fyrir þannig en ég er alltaf til staðar.“

Hún er ekkert hrædd við að sýna persónurnar á myndunum sem „ljótar“ eða „gróteskar“ miðað við hefðbundin gildi. „Mér finnst mikilvægt að sýna alls konar kvenskrokka og birtingarmyndir kvenna og sjá fegurðina í öllu. Ég mála líka hefðbundnari fegurð en það er fegurð í öllum líkömum. Allir helstu myndlistarmenn sögunnar voru karlar og konan var alltaf sýnd gegnum augu þeirra. Mér finnst mikilvægt að taka völdin til baka og sýna kvenlíkamann gegnum kvenaugu. Ég elska gömlu meistarana, da Vinci og Rubens og allt þetta en ég sé ekki síðri fegurð í Venus frá Willendorf en Venus frá Milo. Ég vil taka völdin til baka og mála konur sem eru ekki alltaf að líta undan heldur horfa beint á áhorfandann.“



Helga er heilluð af sögunni um Medúsu sem var beitt ofbeldi en í stað þess að refsa gerandanum breyttu goðin henni skrímsli. MYND/HELGA TH ART

Helga hefur þreifað fyrir sér í öðrum listgreinum en hún er nýkomin frá Prag þar sem hún var á námskeiði í hefðbundinni tékkneskri brúðugerðarlist og einnig hefur hún lagt stund á burlesque með sýningarhópnum Dömur og herra. „Ég byrjaði í burlesque til að auka sjálfstraustið og reyna að valdefla mig en síðan sé ég alltaf fleiri hliðstæður milli þess sem ég geri í málverkinu og þess sem ég geri í burlesque-inu sem snýst um að taka valdið til mín og vera eins og ég vil vera en ekki eins og mér er sagt að vera.“

Sýningin er á Hlemmur Square, verður opnuð annað kvöld klukkan átta samhliða opnunarhátíð Reykjavík Fringe Festival og er opin allan sólarhringinn til 8. júlí þegar Fringe-hátíðinni lýkur og Helga kemur einnig fram með Dömum og herra á Gauknum þann 5. júlí.

Hægt er að sjá fleiri verk á helgathor.com og Helga Th art á Facebook.

20-50%
afsláttur
af völdum vörum
Stærðir 38-58
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

20%
afsláttur
af völdum vörum
Stærðir 38-52
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464


SUMARÚTSALA
20 - 60% AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM
-40%
Feston Barstóll kr. 58.300
NÚ KR. 34.980
-25%
Brit Stóll kr. 48.500
NÚ KR. 35.625
10% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
-30%
Grace motta kr. 69.900
170x240 cm
NÚ KR. 48.930
-50%
Bond Circle kr. 24.600
NÚ KR. 12.450
-25%
Recast Svefnsófi kr. 119.900
NÚ KR. 89.925
-30%
Koparspegill kr. 27.900
NÚ KR. 19.530
60 CM
20 - 50%
AFSLÁTTUR
AF PÚÐUM
OMG Stóll kr. 33.900
NÚ KR. 16.950
-50%
-30%
Brooklyn Sófaborð kr. 69.800
NÚ KR. 48.860
Marocco Pulla kr. 43.700
NÚ KR. 32.772
-25%
Freux stóll kr. 85.700
NÚ KR. 34.280
-60%
LÍNAN
BÆJARLIND 14 - 16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 553 7100 | LINAN.IS f / linanehf / linan.is
Opið mánudaga - föstudaga 11 - 18 / Laugard. 11 - 16

# Einfaldir og góðir pastaréttir

Pastaréttir þurfa ekki að vera flóknir. Það er hægt að útbúa pasta á mjög einfaldan hátt og með fáum hráefnum. Engu að síður fær maður dásamlega máltíð.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Hér eru nokkrar einfaldar uppskriftir að pastaréttum. Þær eiga það sameiginlegt að allir geta gert þær. Passa verður að ofsjóða ekki pastað. Uppskriftirnar miðast við fjóra.

## Pasta með tómat og beikoni

**400 g pasta**
**300 g beikon**
**4 tómatar**
**1-3 chilli-pipar, fræhreinsaðir og smátt skornir**
**1 hvítlauksrif**
**1 laukur, mjög fínt skorinn**
**1 dl hvítvín**
**1 dl ólífuolía**
**1 dl parmesanostur**
**Salt**

Skerið beikonið smátt. Takið húðina af tómötunum og skerið þá í bita. Steikið beikonið í olíu þar til það verður stökkt, bætið þá lauk, hvítlauk og chilli út í. Hafið meira eða minna af chilli eftir smekk. Bætið síðan víninu og tómötum út á pönnuna ásamt smávegis salti. Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum á umbúðum en þó einni mínútu of lítið því það heldur áfram að eldast á pönnunni. Setjið það út í tómatsósuna og setjið rifinn parmesanost yfir.

## Spagettí með chilli, hvítlauk og ólífuolíu

Þetta er uppáhaldsuppskrift margra. Hún hentar vel fyrir þá sem borða ekki fisk eða kjöt. Það má breyta þessari uppskrift og setja út í hana til dæmis ólífur eða sólþurrkaða tómata. Fyrir þá sem vilja rækjur henta þær vel í þetta pasta og sömuleiðis beikon.

**300 g spagettí**
**1 msk. þurrkaðar chilli-flögur**
**4 hvítlauksrif**
**0,5 dl jómfrúarolía**
**2 msk. fersk basil**
**70 g rifinn parmesanostur**
**Salt og svartur pipar**

Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum á umbúðum. Hitið upp steikarpönnu á meðalhita og steikið hvítlaukinn með chilli-flögum og ólífuolíu. Blandið pasta saman við olíuna og bragðbætið með salti og pipar, basil og rifnum parmesanosti.



Einfaldur pastaréttur með hvítlauk og chilli-pipar.



Það er ýmislegt þægilegt hægt að gera með pasta.



Pasta með túnfiski úr dós finnst mörgum mjög gott.

## Pasta með túnfisk og kapers

Fljótlagað pasta fyrir þá sem elska túnfisk úr dós. Notað er pappardelle eða tagliatelle í þennan rétt.

**500 g pasta**
**1 dós túnfiskur í olíu**
**2 hvítlauksrif**
**1 laukur**
**1 dl kapers**
**150 g sykurbaunir**
**Klettasalat**
**1 sítróna**
**1,5 dl parmesanostur, rifinn**
**Salt og pipar**
**Ólífuolía**

Skerið lauk og hvítlauk smátt. Sjóðið pasta eftir leiðbeiningum. Skerið kapers smátt niður. Steikið lauk og hvítlauk í olíu. Bætið kapers saman við. Takið olíuna frá túnfiskinum og setjið út á pönnuna. Bragðbætið með salti og pipar. Rífið niður sítrónubörk og dreifið yfir ásamt klettasalati.
Pastað er sett út á pönnuna og öllu hrært saman. Setjið rifinn parmesanost yfir og rétturinn er tilbúinn.

20% afsláttur
af öllum bolum og toppum



fimmtudag til laugardag
Str. 36-56
Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

# Verkir eftir nætursvefn

Margir kannast við að vakna stífir eða verkjaðir á morgnana eftir nætursvefn. Af hverju er þessi verkur, er eitthvað til ráða?

Morgunverkir geta verið margvíslegir, fylgt okkur út daginn eða horfið þegar við höfum komið okkur af stað út í daginn. Þessir verkir geta verið við háls, bak eða jafnvel axlir en eiga það eitt sameiginlegt að vera mest áberandi í morgunsárið eða truflað svefn. En hvað er til ráða?

Guðmundur Freyr Pálsson, B.Sc. D.C. kírópraktor hjá Kírópraktorstofu Íslands, segir að fyrsta skrefið sé að horfa gagnrýnum augum á rúmið sitt. „Sagt er að flest rúm sem við sofum í missi hönnunareiginleika sína eftir sjö ára aldur, sama hversu frábært við teljum rúmið vera. Sem dæmi má nefna að rúm sem hannað var til að vera stíft en er orðið slitið við sjö ára aldur skapar ákveðið ójafnvægi. Það myndast í stífleika þess frá hvorum enda og miðsvæði þess þar sem mestur hluti þyngdar líkamans dvelur. Auk þess er mjög mikilvægt að hafa gott samræmi á þykkt kodda og stífleika rúms,“ segir Guðmundur. „Ef dýnan er mjúk og sofið er með þykkan kodda er staða hálsins of há miðað við stöðu líkamans. Staða sem þessi getur leitt til mjög algengra háls- og mjóbaksverkja. Þetta er ein af þeim algengu „svefnvillum“ sem við sjáum og auðvelt getur verið að bæta úr,“ bætir hann við.

„Þessir háls- og mjóbaksverkir virðast vera sérstaklega algengir hjá þeim sem sofa á maganum. Við að sofa á maganum liggjum við með andlitið til annarrar hliðar í langan tíma sem setur meira álag á aðra hlið hálsins og fettir mjóbakið. Margir einstaklingar sem sofa á maganum eru einnig gjarnir á að setja aðra hönd undir höfuð sem einnig getur leitt til nýtilkominna eða langvarandi axlarverkja. Ýmsar rannsóknir hafa leitt í ljós að færri svefntímar á maganum geti leitt til minni verkja á umræddum svæðum. Þá má nefna einstaklinga sem hafa átt í stríði við langvarandi verki sem orsakast ekki af slæmri svefnstöðu, en verða fyrir því að þeir verkir draga úr gæðum svefns. Fyrir þá er jafn mikilvægt að leita sér hjálpar og leita úrlausnar. Endurheimt svefns er afar mikilvægt skref í átt að bættri andlegri og líkamlegri líðan.“



Guðmundur Pálsson er kírópraktor og kann ráð við ýmsum verkjum.

> Þessir háls- og mjóbaksverkir virðast vera sérstaklega algengir hjá þeim sem sofa á maganum.

RARIK

## Verkefnastjóri liðaverndar

*RARIK ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins með meginstarfsemi í dreifingu raforku auk þess að reka fimm hitaveitur.*

*Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.*

*RARIK hefur á undanförnum áratugum unnið jafnt og þétt að uppbyggingu rafdreifikerfisins og er nú svo komið að um 60% þess er jarðstrengir.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða verkefnastjóra liðaverndar. Meginverkefni eru uppsetning liðabúnaðar og tengsl við fjargæslukerfið.

Leitað er að drífandi og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna að þessum verkefnum. Starfsstöð verkefnastjóra er í Reykjavík.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Undirbúningur og áætlanagerð vegna liðaskipta
- Uppsetning liðabúnaðar og tengsl við fjargæslukerfið
- Yfirferð og prófun liðabúnaðar með reglulegum hætti
- Utanumhald með skráningu á rekstrartruflunum
- Undirbúningur pantana frá birgjum
- Önnur verkefni þar sem sérþekking verkefnastjóra nýtist fyrirtækinu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af rafveitustörfum æskileg
- Nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góðir samstarfshæfileikar

Um fullt starf er að ræða. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

*Nánari upplýsingar veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí 2018. Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir










# Talar þú fjármál?

## FJÁRMÁLASTJÓRI NOVA

Við leitum að framúrskarandi fjármálastjóra í stjórnendateymi Nova.

Draumaumsækjandinn er kraftmikill og skemmtilegur leiðtogi sem býr yfir miklum stjórnunarhæfileikum og getu til að byggja upp öfluga liðsheild. Viðkomandi þarf að vera með háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærilega menntun og hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af fjármálastjórnun. Reynsla af framsetningu upplýsinga og yfirferð uppgjöra ásamt þekkingu á IFRS og jafnlaunavottun koma þér framar í röðina.

Helstu verkefni eru dagleg fjármálastjórn, áætlanagerð og uppgjör, umsjón með bókhaldi, tekju- og kostnaðareftirlit, samningagerð og samskipti við stjórn. Fjármálastjóri tilheyrir stjórnendateymi Nova og heyrir undir forstjóra fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is), ráðgjafar hjá Intellecta, í síma 511 1225.

Umsóknir óskast fylltar út á **intellecta.is** ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi. Umsóknarfrestur er til og með **6. júlí 2018**. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

## STARFSMAÐUR Á FJÁRMÁLASVIÐ NOVA

Við leitum að talnaglöggum starfsmanni í fjölbreytt störf á fjármálasviði.

Hinn fullkomni umsækjandi er með menntun sem nýtist í starfi og haldgóða reynslu af sambærilegum störfum. Góð almenn tölvukunnátta, geta til að læra á ný upplýsingakerfi og skipulögð vinnubrögð eru allt eiginleikar sem skila þér stjörnu í kladdann.

Helstu verkefni eru afstemmingar, greiðsla innlendra og erlendra reikninga, útskriftir reikninga, aðstoð við launafulltrúa, samskipti við birgja og innheimta ásamt öðrum tilfallandi störfum.

Þú finnur frekari upplýsingar og sækir um á **nova.is.** Umsóknarfrestur er til og með **6. júlí 2018.** Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

**Nova er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki með sterka fyrirtækjamenningu sem einkennist af mikilli þjónustulund og þjónustugæðum. Nova á og rekur eigið 3G/4G og 4,5G fjarskiptakerfi, býður ljósleiðaraþjónustu til heimila og alhliða fjarskiptaþjónustu til fyrirtækja. Hjá Nova starfa 150 manns og voru tekjur félagsins á síðasta ári um 9 milljarðar króna.**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2017

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Spennandi störf á nýju sviði

EFLING

## SVIÐSSTJÓRI FÉLAGSSVIÐS

Efling-stéttarfélag óskar eftir að ráða drífandi einstakling með brennandi áhuga á félagsmálum í starf sviðsstjóra félagssviðs.
Félagssvið er nýtt svið sem er ætlað að efla vitund, virkni og þátttöku félagsmanna og gera félagið að sterkari baráttusamtökum. Meðal verkefna sviðsins er stórefling trúnaðarmannakerfis, tengslamyndun við félagsmenn og vinnustaði og öflugur stuðningur við starf kjörinna fulltrúa félagsins á ýmsum vettvangi.
Í boði eru fjölbreytt og krefjandi verkefni í lifandi starfsumhverfi.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6874**

Starfssvið
- Áætlanagerð og eftirfylgni fyrir störf sviðsins.
- Dagleg stjórnun og rekstur sviðsins, þ.m.t. verkstýring annarra nýráðinna starfsmanna.
- Samskipti og samvinna við aðra stjórnendur.

Hæfniskröfur
- Reynsla af starfi félagasamtaka; reynsla af uppbyggingarstarfi og umsjón stórra verkefna kostur.
- Áhugi og þekking á verkalýðsmálum er kostur.
- Áhugi á að vinna í fjölmenningarlegu umhverfi; reynsla kostur.
- Leiðtogahæfileikar og góð samskiptafærni.
- Frumkvæði, drifkraftur og elja.
- Ögun í vinnubrögðum og geta til að vinna undir álagi.
- Góð tök á ensku í ræðu og riti; góð íslenskukunnátta kostur. Önnur tungumálakunnátta sér í lagi pólsku er kostur.

## HEAD OF ORGANIZING

Efling – trade union is looking for a driven individual with a passion for social organizing for the position of Head of Organizing.
The purpose of the newly established Department of Organizing is to increase member awareness, participation and involvement and to strengthen the union in the advocacy for its members. The department's tasks include greatly strengthening the union representative system, establishing relationships with our members and workplaces, and providing strong support to our elected representatives on various platforms.
We offer varied and challenging tasks in a vibrant work-environment.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6875**

Job Description
- Planning and follow-up of the department's projects.
- Day-to-day management and operations, including the supervision of new personnel.
- Communication and collaboration with other managers.

Qualifications
- Experience in the field of non-governmental organizations; experience in developmental work and/or management of large projects is an advantage.
- Interest and knowledge in the labour movement is an advantage.
- Interest in working in a multicultural environment; experience is an advantage.
- Leadership skills and good communication skills.
- Initiative, drive and diligence.
- Disciplined work methods and the ability to work under pressure.
- Good command of spoken and written English; good command of Icelandic is an advantage. Knowledge of other languages, especially Polish, is an advantage.

Efling-stéttarfélag er annað stærsta stéttarfélagið hér á landi. Í félaginu eru um 28.000 félagsmenn sem starfa á ólíkum sviðum atvinnulífsins við margvísleg störf.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags www.efling.is

Efling – trade union is the second largest trade union in Iceland. Efling has 28,000 members from different areas of the labour market, doing a wide variety of jobs.

For further information, see Efling's website www.efling.is

Umsóknarfrestur
**8. júlí**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Ef þú ert með rétta starfið — erum við með réttu manneskjuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

# Sveitarstjóri

Tálknafjarðarhreppur óskar eftir að ráða sveitarstjóra til starfa.

Leitað er að jákvæðum, heiðarlegum og kraftmiklum einstaklingi sem er reiðubúinn til að leggja sig allan fram í krefjandi starf. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri reynslu af því að starfa með fólki og hafa brennandi áhuga á að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf líka að eiga auðvelt með samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins og að vera talsmaður þess, hvort sem er í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, viðskiptavini, íbúa eða fjölmiðla.

Umsóknarfrestur
**16. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6878**

Starfssvið sveitarstjóra er:
- Framkvæmdarstjórn sveitarfélagsins og umsjón með framkvæmd ákvarðana sem teknar eru af sveitarstjórn.
- Undirbúningur og seta funda sveitarstjórnar þar sem sveitarstjóri hefur málfrelsi og tillögurétt.
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og sveitastjórnarmálum er æskileg.
- Þekking og reynsla af stefnumótun er kostur.
- Framúrskarandi leiðtogahæfni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar og metnaður til árangurs.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Á Tálknafirði búa um 250 íbúar. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt, grunnskóli, leikskóli og tónskóli. Gott íþróttahús og sundlaug.

Sveitarstjóri þarf að eiga góð samskipti fyrir hönd sveitarfélagsins og vera talsmaður þess í samskiptum við íbúa, fjölmiða, viðskiptavini og opinbera stjórnsýslu.

Sveitarstjóri þarf að hafa áhuga á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun þar sem framundan er stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í öllum málaflokkum.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Spennandi störf á nýju sviði

EFLING

## FÉLAGSFULLTRÚI

Efling-stéttarfélag óskar eftir að ráða starfsmann með brennandi áhuga á félagsmálum til starfa á nýstofnuðu Félagssviði. Um er að ræða nýtt starf sem felur í sér fjölbreytt verkefni í lifandi starfsumhverfi.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6876**

Starfssvið
- Uppbygging og viðhald trúnaðarmannakerfis.
- Undirbúningur, framkvæmd og úrvinnsla vinnustaðafunda og félagsfunda.
- Þjálfun og námskeiðahald.
- Samskipti og stuðningur við trúnaðarmenn og aðra virka félagsmenn.
- Undirbúningur og skipulagning kosninga.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við sviðsstjóra.

Hæfniskröfur
- Þekking og áhugi á félagsmálum; þekking og áhugi á verkalýðsmálum kostur.
- Jákvætt viðmót og afburða samskiptahæfni.
- Áhugi á að vinna í fjölmenningarlegu umhverfi; reynsla kostur.
- Staðgóð enskukunnátta; kunnátta í öðrum tungumálum s.s. íslensku og pólsku er kostur.
- Hæfni til að vinna undir álagi.
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun.
- Góð almenn tölvufærni.

## ORGANIZER

Efling trade-union is looking for an individual with a passion for social organizing for a position in the newly established Department of Organizing. This new position entails varied tasks in a vibrant work-environment.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6877**

Job Description
- Development and maintenance of a union representative system.
- Preparation, execution and processing of work place meetings and general meetings.
- Training and education.
- Communication and support to union representatives and other active members.
- Preparation and organization of elections.
- Other tasks, arranged in consultation with Head of Organizing.

Qualifications
- Knowledge and interest in the field of organizations; knowledge and interest in the labour movement is an advantage.
- A positive attitude and exceptional communication skills.
- Interest in working in a multicultural environment; experience is an advantage.
- Good command of English; knowledge of other languages, e.g. Icelandic and Polish, is an advantage.
- Ability to work under pressure.
- Initiative and a solution oriented mindset.
- Good, general computer skills.

Efling-stéttarfélag er annað stærsta stéttarfélagið hér á landi. Í félaginu eru um 28.000 félagsmenn sem starfa á ólíkum sviðum atvinnulífsins við margvísleg störf.

Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Eflingar-stéttarfélags www.efling.is

Efling – trade union is the second largest trade union in Iceland. Efling has 28,000 members from different areas of the labour market, doing a wide variety of jobs.

For further information, see Efling's website www.efling.is

Umsóknarfrestur
**8. júlí**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Grindavík er 3.360 manna bær sem hefur vaxið hratt í seinni tíð. Íbúafjölgunin er um 20% undanfarin 10 ár. Grindavík er einn öflugasti útgerðarbær landsins með kraftmiklum og vel reknum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum. Ferðamönnum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár í takt við aukna ferðaþjónustu og Bláa Lónið, fjölsóttasti ferðamannastaður landsins, er í anddyri bæjarins. Grindavík leggur áherslu á fjölskyldugildi, er einn öflugasti íþróttabær landsins með niðurgreiddan skólamat og hagstæð leikskólagjöld. Grindavík er landmikið bæjarfélag, náttúrufegurð er mikil, stutt í margrómaðar gönguleiðir, fuglalíf mikið í klettum meðfram ströndinni við Reykjanestá, og góður 18 holu golfvöllur í skemmtilegu umhverfi við sjóinn.

# BÆJARSTJÓRI GRINDAVÍKUR

Leitað er að öflugum og framsýnum bæjarstjóra til starfa hjá ört vaxandi bæjarfélagi. Sóknarfærin eru mörg og framundan er áframhaldandi uppbygging á ýmsum sviðum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Ábyrgð á stefnumótun og áætlanagerð
- Ábyrgð á og stjórnun daglegs reksturs
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar
- Þátttaka í uppbyggingu samfélagsins

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af fjármálum, stjórnun og rekstri er skilyrði
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, er kostur
- Reynsla af vinnu við og eftirfylgni stefnumótunar
- Leiðtogahæfileikar
- Stefnumótandi hugsun og áhugi á uppbyggingu samfélagsins
- Frumkvæði og metnaður
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

**Upplýsingar veitir:**
**Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is**
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**
**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.**
**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# MÁ BJÓÐA ÞÉR RAFMAGNAÐA FRAMTÍÐ?

**Við hjá Landsneti höfum það hlutverk að halda ljósum landsins logandi og erum að leita að framúrskarandi samstarfsmanni í hópinn.**

## Starf við fjár- og áhættustýringu

Hjá okkur er laus staða við fjár- og áhættustýringu. Í starfinu felst þátttaka í mótun stefnu á sviði fjárstýringar, fjármögnunar, áhættumats og áhættustýringar á fjármálasviði. Ábyrgð á daglegri fjárstýringu og eftirliti með framgangi hennar. Umsjón með stýringu fjármálalegrar áhættu og áhættumati. Þá felst í starfinu samræming á vinnulagi við gerð áhættumats fyrirtækisins og vinna með öðrum starfsmönnum að mati á áhættuþáttum. Virk þátttaka í verkefnum sem lúta að fjármögnun og framgangi lánasamninga og greiðslna og umsjón með tenglsum við fjárfesta félagsins og aðra lánveitendur.

**Menntunar- og hæfniskröfur** eru háskólapróf á sviði fjármála, viðskiptafræði, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi og reynsla af fjár- og áhættustýringu. Þekking á samskiptum við fjárfesta er kostur.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júlí 2018.**
Nánari upplýsingar um starfið veita **Guðlaug Sigurðardóttir**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, **gudlaugs@landsnet.is** og **Ólafur Kári Júlíusson**, sérfræðingur mannauðsmála, **olafurk@landsnet.is**.

Allar upplýsingar um Landsnet er að finna á **www.landsnet.is**, Facebook, LinkedIn eða Instagram.

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, **www.landsnet.is**. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur hverju þú gætir bætt við okkar frábæra vinnustað.

LANDSNET

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

## Aðalbókari hjá þjónustufyrirtæki

Traust þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða aðalbókara.

Leitað er að aðila með menntun sem nýtist í starfi, reynslu af bókhaldi og þekking á Navision er æskileg. Sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og góð tölvukunnátta eru skilyrði.

***Nánari upplýsingar á www.intellecta.is***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

---

Skagafjörður

Sveitarfélagið Skagafjörður er framsækið og metnaðarfullt samfélag. Kraftmikið atvinnulíf, góðir skólar á öllum skólastigum, fjölbreytt þjónusta, öflugt íþróttalíf, auðugt félags- og menningarlíf, veðursæld og mikil náttúrufegurð er á meðal þess sem gerir Skagafjörð að fýsilegum búsetukosti. Sveitarfélagið Skagafjörður er landmikið, fjölkjarna sveitarfélag og eru íbúar um 4.000 talsins. Þar af búa um 2.600 á Sauðárkróki sem er einn öflugasti byggðakjarni landsbyggðarinnar en þéttbýli er einnig á Hofsósi, Hólum í Hjaltadal og í Varmahlíð. Um fjórðungur íbúanna býr í dreifbýli.

## SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR AUGLÝSIR LAUST TIL UMSÓKNAR STARF SVEITARSTJÓRA

**Starfssvið:**

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Sveitarfélagsins Skagafjarðar út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Helstu kostir:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Reynsla af stjórnun, rekstri og fjármálum
- Reynsla af mannauðsmálum
- Þekking á sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Upplýsingar veitir:**

**Þórir Þorvarðarson,** thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí nk.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

---

Í Ásahreppi búa um 250 íbúar. Atvinnulíf í sveitarfélaginu er fjölbreytt og skólastarf öflugt. Nánari upplýsingar um Áshrepp er að finna á vefsíðunni www.asahreppur.is

## SVEITARSTJÓRI ÁSAHREPPS

Starf sveitarstjóra í Ásahreppi er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 50-60%.

**Starfssvið:**

- Daglegur rekstur sveitarfélagsins og ábyrgð á framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar
- Yfirumsjón með skipulagi og virkni stjórnsýslu sveitarfélagsins og starfsmannamálum
- Náið samstarf við sveitarstjórn, undirbúningur og upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar
- Annast upplýsingamiðlun og samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, samtök, fyrirtæki og íbúa
- Að gæta hagsmuna Ásahrepps út á við, vera talsmaður sveitarstjórnar og vinna að framfaramálum
- Stefnumarkandi vinna og mótun framtíðarsýnar í ólíkum málaflokkum

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins, kynningarmálum, ímynd og stefnumótun
- Reynsla af bókhaldi, stjórnun og rekstri
- Reynsla af sveitarstjórnarmálum og opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

**Upplýsingar veitir:**

**Þórir Þorvarðarson, thorir@hagvangur.is**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. júlí nk.**

**Umsóknum skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



# Rafvirki - sunnanverðir Vestfirðir

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfsmann í spennandi framtíðarstarf á veitusviði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Starfsmaðurinn verður hluti af vinnuflokki veitusviðs Orkubús Vestfjarða með höfuðstöðvar á Patreksfirði. Starfsumhverfið er sunnanverðir Vestfirðir. Næsti yfirmaður er svæðisstjóri Orkubús Vestfjarða á Patreksfirði.

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 70 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill. Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt!

**Helstu verkefni:**

- Fjölbreytt verkefni í flutnings- og dreifikerfi
- Nýframkvæmdir
- Viðhald á háspennu- og lágspennubúnaði
- Reglubundið eftirlit í veitukerfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Almenn tölvufærni
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Færni í samskiptum
- Reynsla af veitustarfsemi er kostur

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreint starf.



Lind Einarsdóttir

FAST Ráðningar

Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur er vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí nk.



# Rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstæknifræðingur

Orkubú Vestfjarða óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfsmann í spennandi framtíðarstarf á veitusviði. Í boði er áhugavert starfsumhverfi með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum.

Starfsmaðurinn verður með aðsetur á aðalskrifstofu Orkubús Vestfjarða á Ísafirði en starfsumhverfið er allir Vestfirðir. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri veitusviðs.

Orkubúið sinnir alhliða orkuvinnslu á Vestfjörðum ásamt dreifingu orkunnar til kaupenda hennar. Starfsmenn eru um 70 talsins og er hópurinn samheldinn og metnaður mikill.

Ef þú vilt starfa hjá traustu og framsýnu fyrirtæki og búa í návígi við ægifagra náttúru er þetta tækifærið þitt!

**Helstu verkefni:**

- Hönnun og undirbúningur verka
- Verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Uppsetning og eftirlit með liðabúnaði
- Önnur fjölbreytt verkefni á veitusviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun, rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Metnaður, nákvæmni og góð skipulagshæfni
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Jákvæðni og góð samstarfshæfni
- Reynsla af rafveitustörfum æskileg

Orkubúið vill fjölga konum í störfum hjá fyrirtækinu. Konur sem og karlar eru því hvött til að sækja um ofangreint starf.



Lind Einarsdóttir

FAST Ráðningar

Allar nánari upplýsingar veitir Lind hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða lind@fastradningar.is

Umsækjendur er vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.fastradningar.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí nk.





lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

# Erum við að leita að ykkur?

Akraneskaupstaður auglýsir tvær nýjar stöður lausar til umsóknar.
Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með rúmega sjö þúsund íbúa.
Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð.

Akraneskaupstaður

## Persónuverndarfulltrúi óskast til starfa hjá Akraneskaupstað

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar nýja stöðu persónuverndarfulltrúa Akraneskaupstaðar.
Starfið er til komið vegna nýrrar löggjafar um persónuvernd og er 100% starf, tímabundið til eins árs með möguleika á framlengingu.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið**

- Innleiða nýja persónuverndalöggjöf hjá Akraneskaupstað.
- Framfylgja stefnu Akraneskaupstaðar í persónuvernd.
- Veita starfsmönnum Akraneskaupstaðar ráðgjöf á sviði persónuverndar.
- Vinna að verkefnum vegna innleiðingar nýju löggjafarinnar, m.a. innri úttektir, áhættustýringu, þjálfun starfsmanna, gerð vinnsluskráa o.fl.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og/eða starfsreynsla á sviði persónuverndar er nauðsynleg.
- Reynsla og/eða þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Skilningur á öryggis- og upplýsingatæknimálum er kostur.
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð samskipta- og leiðtogahæfni.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir **Steinar Adolfsson***
*sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs **stjornsysla@akranes.is**.*





## Verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði óskast til starfa hjá Akraneskaupstað

Akraneskaupstaður auglýsir lausa til umsóknar nýja stöðu verkefnastjóra á skipulags- og umhverfissviði.
Starfið sem um ræðir er 100% framtíðarstarf og heyrir starfið beint undir sviðsstjóra sviðsins.

**Starfsemi sviðsins**

- Skipulags- og byggingarmál.
- Rekstur og framkvæmdir á fasteignum, götum, gangstéttum, stígum, opnum svæðum og stofnanalóðum í eigu Akraneskaupstaðar.
- Umhverfismál, brunamál, dýraeftirlit, sorphreinsun, vinnuskóli og grænn flokkur.

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið verkefnastjóra**

- Stýring og eftirlit með verkefnum sem honum er falið að vinna.
- Tæknivinna og gerð útboðsgagna.
- Skipulagsverkefni.
- Rekstrarverkefni sem honum er falið að vinna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, m.a. verkfræði.
- Þekking og reynsla af cad teikniforritum ásamt færni í notkun Microsoft office hugbúnaðar.
- Reynsla og þekking á málaflokknum er kostur.
- Rík þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

*Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigurður Páll Harðarson***
*sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs **sigurdurp@akranes.is***





Umsóknarfrestur um störfin er til og með **26. júlí** næstkomandi.
Sótt er um í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar, **www.akranes.is.**
Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá ásamt greinargerð þar sem fram koma ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til starfsins.

Í samræmi við mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um störfin.




JÁKVÆÐNI - METNAÐUR - VÍÐSÝNI

*www.akranes.is*

LJÓNSDÓTTIR

# Lögfræðingur
## á innheimtusviði

TOLLSTJÓRI

**Tímabundin staða lögfræðings á innheimtusviði Tollstjóra er laus til umsóknar**
Tollstjóri leitar að lögfræðingi til starfa á innheimtusviði í 12 mánuði. Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.



### Starf lögfræðings felur m.a. í sér:

- Hagsmunagæslu við aðfarargerðir í fyrirtöku hjá sýslumanni.
- Hagsmunagæslu við nauðungarsölur.
- Hagsmunagæslu í tengslum við gjaldþrota- og greiðsluaðlögunarmál.
- Svörun stjórnsýsluerinda sem berast embættinu í tengslum við innheimtu opinberra gjalda.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking á fullnusturéttarfari, kröfurétti og stjórnsýslurétti.
- Þekking á innheimtu skatta og gjalda er kostur.
- Gott vald á textagerð og hæfni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Kurteisi, þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Nákvæmni, traust og sjálfstæð vinnubrögð.
- Staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt körlum sem konum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Tollstjóri er með jafnlaunavottun ÍST 85:2012.

**Umsóknarfrestur er til 16. júlí nk.** Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf.

Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni og eru þau höfð að leiðarljósi við ráðningar hjá embættinu.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Edda Símonardóttir, forstöðumaður innheimtusviðs, í síma 560-0300.**

---

DeaMedica

## Hjúkrunarfræðingur

Við hjá Dea medica (Lýtalækningastöð Reykjavíkur) óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing í hlutastarf frá og með 1.9. '18.

**Umsóknir sendist til Dea medica,**
**Álfheimum 74,104 Reykjavík**
**eða thordis@deamedica.is**

---

ARNARSKÓLI

## Viltu taka þátt í metnaðarfullu og krefjandi starfi?

Í Arnarskóla er lögð rík áhersla á faglegt starf í kennslu barna með einhverfu og önnur þroskafrávik.
Þar sem starfsemi okkar fer vaxandi getum við bætt við okkur að minnsta kosti 4 starfsmönnum. Við leitum að áhugasömum og metnaðarfullum starfsmönnum til að vinna við þjálfun og kennslu barna ásamt því að taka þátt í uppbyggingu og þróun á nýjum skóla.

**Við leitum að:**

- kennurum
- sérkennurum
- þroskaþjálfum
- uppeldisfræðingum
- tómstundafræðingum
- einstaklingum með BS í sálfræði
- öðrum uppeldisfræðimenntuðum
- eða öðrum sem hafa brennandi áhuga á starfinu

Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja dýpka þekkingu sína á hagnýtri atferlisgreiningu í starfi með börnum.

Umsóknir ásamt ferilsskrá og fyrirspurnir sendist á arnarskoli@arnarskoli.is.
**Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2018.**

---

Rangárþing eystra

# Skipulags- og byggingarfulltrúi

*Í Rangárþingi eystra búa tæplega 2000 manns. Sveitarfélagið er mikið landbúnaðarhérað en jafnframt er ferðaþjónusta vaxandi atvinnugrein. Þar er að finna einstakar náttúruperlur og þekkta sögustaði eins og Þórsmörk, Tindfjöll, Eyjafjallajökull, Skógarfoss, Seljalandsfoss og Paradísarhelli.*

*Sögusvið Brennu-Njáls sögu teygir sig um allt svæðið. Þar er einnig afþreying af ýmsu tagi og hentar öllum aldurshópum s.s. söfn, sýningar, sundlaugar, hestaleigur, gönguleiðir, íþróttamiðstöð, golf, gallerí, veiði o.fl.*

*Hvolsvöllur er þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og þar er stjórnsýslan ásamt grunnskóla og leikskóla, heilsugæslu, apóteki, sundlaug, íþróttahúsi, verslun, banka, veitingastöðum o.fl. Helstu atvinnuvegir eru iðnaður, verslun og þjónusta.*

*Nánari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á heimasíðu þess **www.hvolsvollur.is***

Laust er til umsóknar starf skipulags- og byggingarfulltrúa sem jafnframt er sviðsstjóri framkvæmda- og þjónustusviðs Rangárþings eystra. Um er að ræða fjölbreytt starf í sveitarfélagi þar sem mikil uppbygging á sér stað.

Skipulags- og byggingarfulltrúi ber ábyrgð á skipulagsgerð í sveitarfélaginu í samræmi við lög nr.123/2010 og reglugerðir og á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög nr. 160/2010 og reglugerðir. Starfið heyrir undir sveitarstjóra Rangárþings eystra.

Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið. Skipulags- og byggingarfulltrúi/sviðsstjóri framkvæmda- og þjónustusviðs ber ábyrgð gagnvart sveitarstjóra í öllum störfum sínum og ákvörðunum. Starfshlutfall er 100%. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með skipulagsgerð á vegum sveitarfélagsins
- Eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi
- Yfirferð og samþykkt aðaluppdrátta, verkfræði- og séruppdrátta
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu
- Eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins.
- Ábyrgð og umsjón með útgáfu byggingaleyfa, vottorða og skráningu mannvirkja
- Umsjón með rekstri þjónustumiðstöðvar, eignasjóði, fráveitu og leiguíbúðum
- Umsjón með viðhaldi mannvirkja og eigna sveitarfélagsins
- Gerð fjárhagsáætlana í samvinnu við verkstjóra áhaldahúss, skrifstofustjóra og sveitarstjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi t.d. byggingarfræði, verkfræði, tæknifræði eða arkitektúr
- Æskilegt er að umsækjandi uppfylli skilyrði 8. og 25. gr. mannvirkjalaga og 7. gr. skipulagslaga
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum bygginga- og skipulagsmálum er æskileg
- Þekking/reynsla af opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Góð tölvukunnátta og þekking á forritum skilyrði
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð
- Leiðtogahæfni og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

*Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# Ráðgjafi varahluta og þjónustu hjá MAX1 | Vélalandi

**MAX1 | Vélaland óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku að Dalshrauni 5 í Hafnarfirði.**

**STUTT LÝSING Á STARFI:**
- Móttaka og ráðgjöf viðskiptavina
- Móttaka viðskiptavina í sal, síma og vef

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Framhaldsskólapróf/iðnmenntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Almennur áhugi og þekking á bílum
- Gilt bílpróf
- Framúrskarandi þjónustulund
- Almenn tölvuþekking

Vinnutími er frá 08:00-17:15 alla virka daga.
Einstaka laugardaga frá 09:00-13:00.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí. Sæktu um í dag.

MAX1 BÍLAVAKTIN | VÉLALAND bílaverkstæði




# BIFVÉLAVIRKI FYRIR MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan bifvélavirkja á fólksbílaverkstæði Mazda, Citroën og Peugeot að Bíldshöfða 8 í Reykjavík

## STUTT STARFSLÝSING
- Vinna við viðgerðir á bifreiðum
- Greina bilanir
- Þjónusta bifreiðar

## HÆFNISKRÖFUR
- Sveinspróf í bifvélavirkjun
- Gilt bílpróf
- Stundvísi
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Góð þjónustulund

Vinnutími kl. 8.00-17.15 og föstudaga 8.00-16.15.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 15. júlí næstkomandi.

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppítaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.




# SÉRFRÆÐINGUR Í TEKJUSTÝRINGU

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88870 6/18

Við leitum að eldklárum sérfræðingi í tekjustýringardeild sölu- og markaðssviðs Icelandair.

Tekjustýringardeild leitast við að hámarka arðsemi leiðakerfis Icelandair með því að fylgja viðeigandi stefnu og aðferðafræði í verðlagningu og birgðastýringu á öllum mörkuðum félagsins. Sérfræðingar í tekjustýringu vinna í einu eða fleiri af eftirfarandi teymum: Spálíkönum, birgðastýringu og verðlagningu.

Þetta er krefjandi og gefandi starf í síbreytilegu umhverfi, sniðið að einstaklingum með framúrskarandi greiningar- og samskiptahæfileika.

**STARFSSVIÐ:**
- Greina og túlka þróun markaða, samkeppni og hreyfingu fargjalda, innflæði bókana og tekna
- Stýra tekjumyndun og ná settum markmiðum fyrir ákveðnar vörur og/eða flugleiðir
- Þróa leiðir og aðgerðir á sviði verðlagningar og birgðastýringar með það að markmiði að hámarka tekjur félagsins, ásamt því að fylgja eftir og mæla árangur aðgerða
- Notkun og þróun líkana við ákvörðunartöku
- Skýrslugjöf og dagleg samskipti við helstu hagsmunaaðila í tekjustýringardeild og á sölu- og markaðssviði til að tryggja hámarksárangur
- Þróa og endurskoða reglulega verkferla og stuðla að stöðugum umbótum

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Færni og reynsla af notkun gagna og líkana við ákvörðunartöku og úrlausnir verkefna
- Háskólamenntun í raungreinum, verkfræði, fjármálum eða sambærileg menntun
- Vönduð vinnubrögð, forgangsröðun verkefna og tímastjórnun
- Reynsla af tekjustýringu og ferðaiðnaði er kostur
- Þekking á bókunarkerfinu Amadeus er kostur
- Frumkvæði og færni í mannlegum samskiptum
- Færni í ensku, bæði í ræðu og riti

Við leitumst eftir að fá í lið með okkur jákvæða einstaklinga með brennandi áhuga á verkefnum dagsins og metnað til að ná góðum árangri til lengri tíma.

**Nánari upplýsingar veita:**
Þórdís Anna Oddsdóttir | forstöðumaður | tao@icelandair.is
Bylgja Björk Pálsdóttir | mannauðsráðgjafi | bylgjap@icelandair.is

+ Umsóknir ásamt ferilskrá óskast fylltar út á **www.icelandair.com/is/um-okkur/storf-i-bodi** eigi síðar en 9. júlí nk.

ICELANDAIR

## Fjársýsla ríkisins óskar eftir sérfræðingi á Þróunar- og þjónustusvið

fjs

**Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins**

### Um starfið

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur samið við Microsoft um kaup á Office 365 fyrir stofnanir ríkisins. Fjársýslu ríkisins hefur verið falið að hafa umsjón með þessum samningi og viðhalda upplýsingum um rétthafa leyfa. Leitað er eftir áhugasömum, jákvæðum og þjónustuglöðum einstaklingi til að sinna verkefninu. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Hlutverk þróunar- og þjónustusviðs er ráðgjöf, stefnumótun og þróun á tölvukerfum sem stofnunin hefur umsjón með.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Samskipti við Microsoft og Advania um leyfamál
Samskipti við stofnanir vegna leyfamála
Úttektir og ráðgjöf vegna hugbúnaðarleyfa
Viðhalda upplýsingum um rétthafa leyfa
Umsjón reikninga og eftirfylgni

### Hæfniskröfur

Háskólapróf eða önnur menntun/reynsla sem nýtist í starfi
Þekking á leyfismálum er æskileg
Þekking á Microsoft hugbúnaði skilyrði
Mikil þjónustulund og hæfni í samskiptum
Góð enskukunnátta bæði skrifleg og munnleg
Góð Excel þekking er skilyrði

### Nánari upplýsingar veita:

Stefán Kjærnested forstöðumaður á þróunar- og þjónustusviði - sími 545-7500
Pétur Ó. Einarsson mannauðsstjóri - sími 545-7500

Starfshlutfall er 100% og umsóknarfrestur er til og með 16.07.2018.
Sótt er rafrænt um störfin á www.starfatorg.is
Laun skv. gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag (Háskólamenntaðra) starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert.
Fjársýsla ríkisins er staðsett í Vegmúla 3, 108 Rvk
Vefsíða er www.fjs.is

---

unicef

# Verkefnastjóri

## Innanlandsstarf UNICEF á Íslandi

UNICEF á Íslandi vill ráða öflugan verkefnastjóra, sem brennur fyrir mannréttindum barna, í fjölbreytt og skemmtilegt starf í innanlandsteymi samtakanna. Starf verkefnisstjóra felst meðal annars í því að vinna með Réttindaskólum UNICEF og þróa fræðsluefni um Barnasáttmálann. Um er að ræða fullt starf.

### Menntun og reynsla

Leik- eða grunnskólamenntun, tómstunda- og félagsmálamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Að minnsta kosti 3 ára reynslu af starfi með börnum er krafist og reynsla af innleiðingarverkefnum er kostur.

Starfssvið

- Vinna að innleiðingu Réttindaskóla og Réttindafrístund UNICEF á Íslandi.
- Gerð kynningar- og fræðsluefnis um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Þróun réttindamiðaðs námsefnis fyrir leik- og grunnskóla, félagsmiðstöðvar og frístundaheimili.
- Verkefnastjórn og gerð fræðsluefnis fyrir UNICEF – Hreyfinguna.

Hæfniskröfur

- Þekking á mannréttindum barna.
- Þekking á formlegu og óformlegu námi.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku og ensku.
- Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

**Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um.**
Frekari upplýsingar um starfið veitir Lóa Magnúsdóttir rekstrarstjóri UNICEF í síma 578-6317, loa@unicef.is . Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á unicef@unicef.is til og með 15. júlí.

---




---

Samhjálp

# Ráðgjafi í Hlaðgerðarkot,

## meðferðarheimili Samhjálpar

Samhjálp óskar eftir að ráða áfengis- og vímuefnaráðgjafa á meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot. Um er að ræða fullt starf. Við leitum að einstaklingi sem hefur áhuga og metnað til að sinna endurhæfingu áfengis- og vímuefnaneytenda. Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynslu af meðferðarstarfi.

**Nánari upplýsingar veitir Vörður Leví Traustason í 561 1000 eða framkvaemdastjori@samhjalp.is Umsóknir sendist fyrir 9. júlí nk. á netfangið samhjalp@samhjalp.is merkt Ráðgjafi í Hlaðgerðarkoti.**

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu heilbrigðisþjónustu.

Meginhlutverk velferðarráðuneytisins er að stuðla að heilbrigði og félagslegri velferð landsmanna. Ráðuneytið hefur virðingu, fagmennsku, framsýni og árangur að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu heilbrigðisþjónustu. Skrifstofan annast verkefni varðandi skipulag heilbrigðisþjónustu og undir hana heyra starfsemi sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana, heilsugæslu sem og heilbrigðisþjónusta utan stofnana, á hjúkrunar- og dvalarheimilum, auk sjúkratrygginga.

Starfið felst meðal annars í að vinna að stefnumörkun í heilbrigðismálum og fylgja eftir faglegri þróun heilbrigðisþjónustu. Starfið krefst lausnamiðaðrar og skapandi hugsunar sem gerir ríka kröfu um skipulag, faglega þekkingu á heilbrigðisþjónustu og framúrskarandi samskiptahæfni.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sálfræði eða öðrum klínískum greinum á sviði heilbrigðisvísinda.
- Framhaldsmenntun æskileg.
- Starfsreynsla úr heilbrigðisþjónustu.
- Þekking og reynsla af greiningarvinnu.
- Hæfni til að miðla upplýsingum á skýran hátt.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum, auk hæfni til að taka virkan þátt í teymisvinnu.
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Mjög gott vald á íslensku í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg.

Um er að ræða fullt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsferil og starfsheiti, ásamt rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, skulu berast velferðarráðuneytinu, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, eða á postur@vel.is eigi síðar en 16. júlí 2018. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Upplýsingar um starfið veitir Elsa B. Friðfinnsdóttir, skrifstofustjóri, (elsa.fridfinnsdottir@vel.is).

*Velferðarráðuneytinu, 30. júní 2018.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2017 - 2020

pearl

## SAP ráðgjafar óskast

**Er íslenska sumarið farið að reyna á langslundargeðið? Ertu með reynslu í SAP?**




**Pearl Consulting Group AS hefur höfuðstöðvar í Osló Noregi og auk þess skrifstofur í Riga, Kiev og Singapore.**
**Við leitum eftir reyndum SAP ráðgjöfum til að styrkja liðsheildina.**

**Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Árnadóttir, gudbjorg.arnadottir@pearlconsulting.no**
**www.pearlconsulting.no**

## STARFSMAÐUR ÓSKAST Á MÓTORHJÓLAVERKSTÆÐI SUZUKI

**Leitum að vinnusömum, jákvæðum og metnaðarfullum einstakling á Mótorhjólaverkstæði Suzuki.**

**Hæfniskröfur:**
Almennur áhugi og þekking á mótorhjólum, utanborðsmóturum og fjórhjólum eða reynsla sem nýtist í starfi.

Um er að ræða fullt starf og óskað er eftir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá fyrir 16. júlí á netfangið gylfi@suzuki.is fyrir 16. júlí.**

Suzuki Þjónustan • Skeifunni 17
108 Reykjavík • 568 5100

SUZUKI

## Starfsmenn óskast



### Járniðnaðarmenn og aðstoðarmenn

Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur 10–15 faglærða og ófaglærða járnsmiði í framleiðslu og uppsetningu.

Upplýsingar eru gefnar á staðnum og í síma **587 5650** eða **arentsstal@arentsstal.is**.

arents stál
Krókhálsi 5g, Járnhálsmegin • 587 5650
arentsstal.is • arentsstal@arentsstal.is

## Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**www.capacent.is**

# Skrifstofa Alþingis auglýsir

Til þess að efla löggjafar-, fjárstjórnar- og eftirlitshlutverk Alþingis auglýsir skrifstofa þingsins þrjú störf laus til umsóknar. Auglýst er eftir hagfræðingi á nefndasvið og tveimur lögfræðingum, öðrum á nefndasvið og hinum á lagaskrifstofu. Um ný stöðugildi er að ræða og því tækifæri fyrir kraftmikla sérfræðinga til að móta ný störf og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni í lifandi umhverfi.

ALÞINGI

## Lögfræðingur á lagaskrifstofu

Lögfræðingur á lagaskrifstofu mun sinna verkefnum á sviði lögfræði fyrir forseta Alþingis, forsætisnefnd og yfirstjórn þingsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Úrlausn sérhæfðra verkefna á sviði lögfræði fyrir forseta, forsætisnefnd og yfirstjórn skrifstofu þingsins.
- Stuðningur við aðrar starfseiningar skrifstofunnar til stuðnings í einstökum málum.
- Ráðgjöf um lagasetningu sem varðar starfsemi Alþingis og stofnanir þess.
- Umsjón með hagsmunaskráningu alþingismanna.
- Ráðgjöf og aðstoð við landskjörstjórn í störfum hennar.
- Rannsóknir á sviði stjórnskipunarréttar, einkum hvað varðar starfsemi þjóðþinga.

**Nánari upplýsingar veitir** Þórhallur Vilhjálmsson, sími: 563-0500, netfang: thorhallurv@althingi.is

## Hagfræðingur á nefndasviði

Hagfræðingur á nefndasviði mun m.a. sinna nýjum verkefnum í samræmi við breyttar áherslur með tilkomu laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Fagleg aðstoð við fastanefndir þingsins, m.a. við eftirlitshlutverk þeirra, greiningar, samantektir, tölfræðilega vinnslu gagna og úrvinnslu.
- Aðstoð við þingnefndir við mat á stefnumörkun stjórnvalda og þróun útgjalda í einstökum málaflokkum.
- Úrvinnsla og tölfræðigreining innlendra og alþjóðlegra gagna.
- Mat á stefnumörkun fjármálaáætlunar og einstakra frumvarpa.
- Aðstoð við kostnaðarmat á breytingartillögum nefnda og frumvörpum.
- Gerð ýmiss konar samantekta, t.a.m. um þróun útgjalda, tekna og ársverka.

**Nánari upplýsingar veitir** Hildur Eva Sigurðardóttir, sími: 563-0500, netfang: hildureva@althingi.is

## Lögfræðingur á nefndasviði

Lögfræðingur á nefndasviði mun sinna verkefnum í tengslum við eftirlitshlutverk stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar og annarra fastanefnda þingsins.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Fagleg aðstoð við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og aðstoð við aðrar fastanefndir þingsins við að rækja eftirlitshlutverk sitt með framkvæmdarvaldinu.
- Faglegt rýni og greining á skýrslum Ríkisendurskoðunar.
- Lögfræðileg ráðgjöf.
- Gerð og yfirferð lagafrumvarpa og annarra þingmála.

**Nánari upplýsingar veita** Hildur Eva Sigurðardóttir, sími: 563-0500, netfang: hildureva@althingi.is, og Elín Valdís Þorsteinsdóttir, sími 563-0500, netfang: elinvaldis@althingi.is

**Lagaskrifstofa Alþingis** sinnir verkefnum fyrir forseta, forsætisnefnd og yfirstjórn skrifstofu Alþingis. Hún er jafnframt öðrum starfseiningum til ráðgjafar auk þess sem skrifstofan sinnir verkefnum tengdum alþingismönnum og kosningum.

**Nefndasvið Alþingis** sinnir sérfræðiaðstoð og -þjónustu við þingnefndir og þingmenn. Meginmarkmið starfs sviðsins er að tryggja gæði lagasetningar. Fastanefndir Alþingis undirbúa alla löggjöf en sinna auk þess eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu. Sérfræðingar nefndasviðs eru um 30 og starfa þeir fyrir nefndir Alþingis, aðstoða þingmenn við gerð þingmannamála og sjá um útgáfu þingskjala.

– – –

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi forseta Alþingis og Félags starfsmanna Alþingis. Nánari upplýsingar um störfin og hæfnikröfur þeirra er að finna á Starfatorgi og þar er jafnframt sótt um hvert starf. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt prófskírteini og kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir um starfið gilda í sex mánuði frá auglýsingu þessari.

Skrifstofa Alþingis hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfshlutfall er 100%.

Gildi skrifstofu Alþingis eru: Þjónustulund - Fagmennska - Samvinna

**Umsóknarfrestur er til og með 13.08.2018.**

# VÉLSTJÓRI

Björgun ehf. óskar eftir að ráða vélstjóra til afleysinga í sumar.

Viðkomandi þarf að hafa réttindi sem 1. vélstjóri á 2020 kw vél.

Tímabil ráðningar frá 16. júlí - 26. júlí og 13. ágúst - 18. ágúst.

Upplýsingar um starfið veitir Jóhann Garðar, johann@bjorgun.is eða í síma 843-5640.

BJÖRGUN




## meiraprófsbílstjórum

Vegna aukningar í rekstri óskar EAK eftir meiraprófs-bílstjórum til starfa hjá fyrirtækinu. Starfið felst í afgreiðslu á flugvélaeldsneyti. Unnið er á 12 tíma vöktum 5-5-4

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf er skilyrði
- Hreint sakavottorð er skilyrði
- Stundvísi
- Æskilegt að viðkomandi sé reyklaus

Upplýsingar veitir Melkorka Sigurðardóttir í netfang: melkorka@eak.is

*EAK er fyrirtæki sem tekur á móti, geymir og afgreiðir flugvélaeldsneyti á Keflavíkurflugvelli fyrir olíufélögin. Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli sen þar starfa á vegum fyrirtækisins 60 starfsmenn.*

**EAK ehf.**

**Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland**

# Aðstoð á Tannlæknastofu

Óskum eftir að ráða aðstoð í 50% starf á Tannlæknastofu á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími er kl. 13-17.

Á Tannlæknastofunni er rekin fjölbreytt starfsemi.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. ágúst n.k.**

**Vinsamlegast sendið umsóknir á hrannar@frettabladid.is**

# Súðavíkurskóli

## Laus störf næsta skólaár 2018 -2019

Súðavíkurskóli er samrekinn leik- grunn-, og tónlistarskóli með u.þ.b. 40 nemendur, þar sem unnið er eftir Uppyggingarstefnunni og starfið hverfist um einkunnarorðin: **Vellíðan - Virðing – Framfarir – Heiðarleiki.** Þá er lögð áhersla á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, vellíðan nemenda og samvinnu starfsmanna.

Núna eru lausar tvær stöður leikskólakennara við leikskóladeildina og tvær stöður kennara við grunnskóladeildina. Helstu hæfniskröfur eru kennarmenntun, leikskólamenntun eða sambærileg menntun. Hæfni í mannlegum samskiptum. Frumkvæði og sjálfstæði í starfi. Reynsla af sambærilegum störfum. **Umsóknarfrestur er til 18. júlí 2018.**

Súðavíkurhreppur greiðir laun eftir kjarasamningi KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélag.
Allar nánari upplýsingar veitir Anna Lind Ragnarsdóttir skólastjóri.

Umsóknir, ásamt ferilskrá, meðmælum og umsagnaraðilum sendist á annalind@sudavikurskoli.is sími. 893 4985



# Alltaf gott veður á Akureyri!

Spennandi störf á fræðslusviði Akureyrarbæjar, m.a.:

- **Verkefnastjóri á fræðslusviði – leikskólar**
- **Sérkennsluráðgjafar grunnskóla**
- **Sálfræðingur í skólaþjónustu**

Kynntu þér málið á **www.akureyri.is** og athugaðu hvaða starf hentar þér.

Akureyrarbær

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Samhjálp

# Samhjálp

## Starfsmaður á stuðningsheimili

Samhjálp leitar að jákvæðum starfsmanni á stuðningsheimili á Miklubraut 18, en Samhjálp rekur heimilið fyrir Reykjavíkurborg. Á heimilinu eru 8 karlmenn.

**Hæfniskröfur:**

- Eiga auðvelt með að umgangast fólk og hafa vilja og getu til að vinna undir álagi
- Þekking á 12 spora kerfinu
- Reynsla af heimilishaldi
- Góð íslensku – og tölvukunnáttu

**Nánari upplýsingar veitir Tryggvi K. Magnússon, studningsheimili@samhjalp.is**
**Umsóknir sendist fyrir 9. júlí nk. á netfangið samhjalp@samhjalp.is merkt M18**

EFLA

# EFLA leitar að öflugum tækniteiknara

**Vegna aukinna umsvifa er Byggingasvið EFLU að leita að tækniteiknara.**

**Hæfniskröfur**

- Menntun í tækniteiknun í Revit og AutoCad
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/laus-storf, fyrir 6. júlí næstkomandi.
Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir eru geymdar í 6 mánuði, nema umsækjandi óski eftir því að umsókn verði eytt fyrr.

**Umsóknarfrestur**
6. júlí 2018

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild tæplega 400 samhentra starfsmanna.

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

atelier

## ARKITEKTAR

**Vegna aukinna verkefna leitar Atelier að starfsmönnum í eftirfarandi stöður.**
Leitum eftir framsæknum einstaklingum til að starfa með okkur að skemmtilegum verkefnum.

**Arkitektar.**
**lykil hæfnisþættir:**

- Góð kunnátta í Revit og autocad forritum
- Reynsla af hönnun bygginga, verkteikningar, deili, innréttingateikningar
- **Arkitekt 1.** Æskilegt að viðkomandi hafi hið minnsta 5 ára starfsreynslu
- **Arkitekt 2.** Æskilegt að viðkomandi hafi hið minnsta 2 ára starfsreynslu og hafi góða kunnáttu í gerð þrívíddarmynda
- Innanhúsarkitekt. Æskilegt að viðkomandi hafi hið minnsta 3 ára starfsreynsla

**Byggingafræðingar.**
**lykil hæfnisþættir:**

- Góð kunnátta í Revit, Autocad forritum, gerð útboðsgagna, magntaka, excel
- Reynsla af hönnun bygginga, verkteikningar, deili.
- **Byggingafræðingur 1.** Æskilegt að viðkomandi hafi hið minnsta 5 ára starfsreynslu
- **Byggingafræðingur 2.** Æskilegt að viðkomandi hafi hið minnsta 2 ára starfsreynslu

Leitað er að umsækjendum sem geta unnið sjálfstætt, séu sveigjanlegir á álagstímum og vinna vel í hóp.

**Áhugasamir sendi ferilskrá á info@atelier.is fyrir 1. ágúst 2018.**

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

**Öllum umsækjendum verður svarað.**

RAFÞEKKING

## Rafvirki óskast!

**Rafþekking ehf**, óskar eftir rafvirkja með sveinspróf og/eða með starfsreynslu.

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, vera góður í samskiptum, lausnamiðaður og geta unnið sjálfstætt.

Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg. Bílpróf skilyrði.

Fyrirspurnir og ferilskrá sendist á netfangið rafthekking@rafthekking.is

**www.rafthekking.is**

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**

- Aðstoðarforstöðumaður frístundar í Hörðuvallaskóla
- Aðstoðarforstöðumaður frístundar í Snælandsskóla
- Aðstoðarmatreiðslumaður í Kópavogsskóla
- Deildarstjóri sérúrræða í Álfhólsskóla
- Forfallakennari í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinendur í dægradvöl Hörðuvallaskóla
- Kennari í Kópavogsskóla
- Skólaliðar í Hörðuvallaskóla
- Skólaliði í Kópavogsskóla
- Umsjónarkennari á miðstigi í Álfhólfsskóli

**Leikskólar**

- Aðstoðarmatráður í Kópahvol
- Aðstoðarmaður í eldhúsi í Álfatúni
- Deildarstjóri í Baugi
- Deildarstjóri í Kópahvol
- Deildarstjóri í Kópasteini
- Deildarstjóri í Læk
- Leikskólakennari í Arnarsmára
- Leikskólakennari í Baug
- Leikskólakennari í Dal
- Leikskólakennari í Efstahjalla
- Leikskólakennari í Kópasteini
- Leikskólakennari í Læk
- Leikskólakennari í Núp
- Leikskólakennari í Álfatúni
- Leikskólakennari/þroskaþjálfi í Efstahjalla
- Leikskólasérkennari í Kópahvol
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi í Kópasteini
- Matráður í Kópahvol
- Starfsfólk í Núp
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari í Álfatúni

**Velferðarsvið**

- Sérkennari/þroskaþjálfi í sérdeild einhverfra
- Starfsmaður á áfangaheimili fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi á áfangaheimili fyrir fatlað fólk

**Ýmis störf**

- Frístundaleiðbeinendur í félagsmiðstöðvum Kópavogs
- Starfsmaður í sértæka stuðningsþjónustu
- Starfsmaður í Þjónustumiðstöð við almenna þjónustu

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is



## Staða skólastjóra í Smáraskóla er laus til umsóknar

**Smáraskóli er heildstæður grunnskóli í Smárahverfi í Kópavogi. Í skólanum eru 396 nemendur í 1. til 10. bekk. Fjölgun nemenda í skólanum er fyrirsjáanleg vegna þéttingar byggðar í Smárahverfi. Við skólann er starfrækt frístund fyrir börn í 1. til 4. bekk.**

Smáraskóli er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi grunnskólar og markvisst unnið er að heilsueflingu í skólanum. Skólinn starfar samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og hefur hlotið Grænfánann tvisvar sinnum. Smáraskóli er í góðu samstarfi við leikskóla í hverfinu. Mikil áhersla er á upplýsingatækni og fjölbreytta kennsluhætti í kjölfar innleiðingar á spjaldtölvum.

**Gildi skólans eru virðing, vöxtur, viska og víðsýni.**
Leitað er að stjórnanda sem hefur hæfni til að vera faglegur leiðtogi og hefur reynslu af að skipuleggja krefjandi skólastarf í samvinnu við kennara, foreldra og skólayfirvöld.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi og kennslureynsla á grunnskólastigi skilyrði
- Framhaldsmenntun (M.A., M.Ed., MBA eða diplóma að lágmarki) á sviði uppeldis-og menntunarfræða, stjórnunar eða sambærilegra greina skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri skóla skilyrði
- Hæfni til að leiða faglega forystu og góð færni í mannlegum samskiptum skilyrði
- Góð þekking og áhugi á upplýsingatækni í skólastarfi

**Ráðningartími**
Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2019 eða eftir nánara samkomulagi.
Umsókn skal skila með ferilskrá á vef bæjarins: www.kopavogur.is

**Frekari upplýsingar:**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og KÍ.

**Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí.**
Nánari upplýsingar veita Anna Birna Snæbjörnsdóttir, sviðstjóri Menntasviðs Kópavogs, **annabs@kopavogur.is** og Ragnheiður Hermannsóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar Kópavogs, **ragnheidur@kopavogur.is.**

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar: **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær

kopavogur.is

## Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

## Kærunefnd útlendingamála

### Starf rekstrar- og mannauðsstjóra hjá kærunefnd útlendingamála.

Kærunefnd útlendingamála úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli laga um útlendinga. Langstærsti málaflokkur nefndarinnar varðar umsóknir um alþjóðlega vernd. Kærunefnd útlendingamála er metnaðarfullur vinnustaður með öflugt teymi starfsmanna sem náð hefur verulegum árangri við að stytta málsmeðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd og bæta verkferla. Hjá kærunefndinni starfa nú um 20 manns.

Nefndin leitar að kraftmiklum og skapandi rekstrar- og mannauðsstjóra sem mun sinna verkefnum tengdum fjármálum, mannauðsmálum, upplýsingamálum auk annarra rekstrartengdra verkefna. Um er að ræða nýja stöðu með fjölbreyttu ábyrgðarsviði.

Frekari upplýsingar um stöðuna og hæfniskröfur má finna á Starfatorgi (**www.starfatorg.is**).

grafika.is / Guðrún Anna

## ARNARSKÓLI

### Viltu taka þátt í metnaðarfullu og krefjandi starfi?

Í Arnarskóla er lögð rík áhersla á faglegt starf í kennslu barna með einhverfu og önnur þroskafrávik.
Þar sem starfsemi okkar fer vaxandi getum við bætt við okkur að minnsta kosti 4 starfsmönnum. Við leitum að áhugasömum og metnaðarfullum starfsmönnum til að vinna við þjálfun og kennslu barna ásamt því að taka þátt í uppbyggingu og þróun á nýjum skóla.

**Við leitum að:**

- kennurum
- sérkennurum
- þroskaþjálfum
- uppeldisfræðingum
- tómstundafræðingum
- einstaklingum með BS í sálfræði
- öðrum uppeldisfræðimenntuðum
- eða öðrum sem hafa brennandi áhuga á starfinu

Frábært tækifæri fyrir þá sem vilja dýpka þekkingu sína á hagnýtri atferlisgreiningu í starfi með börnum.

Umsóknir ásamt ferilsskrá og fyrirspurnir sendist á arnarskoli@arnarskoli.is.
**Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2018.**

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Grunnskólar**

» Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
» Baðvörður - Hraunvallaskóli
» Dönskukennsla á unglingastigi - Hraunvallaskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Hraunsel - Hraunvallaskóli
» Kennari í upplýsingatækni - Hraunvallaskóli
» Kennsla í náttúru- og stærðfræði - Hraunvallaskóli
» Nýbúakennsla - Hraunvallaskóli
» Sérkennari - Hraunvallaskóli
» Skólaliði - Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
» Textílkennari - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Aðst.verkefnastj. tómstundamiðstöðvar - Hvaleyrarskóli
» Deildarstjóri UT - Hvaleyrarskóli
» Skólaliði - Hvaleyrarskóli
» Starf með nemendum með fjölþættan vanda - Lækjarsk.
» Ensku- og dönskukennari - Setbergsskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Krakkaberg - Setbergsskóli
» Skólaliði - Setbergsskóli
» Stuðningsfulltrúi í Krakkaberg - Setbergsskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Setbergsskóli
» Dans- eða leiklistarkennari - Skarðshlíðarskóli
» Frístundaleiðbeinandi í Skarðssel - Skarðshíðarskóli
» Stuðningsfulltrúi í Skarðssel - Skarðshlíðarskóli
» Frístundaleiðbeinandi - Víðistaðaskóli
» Skólaritari - Víðistaðaskóli
» Umsjónarkennari á miðstigi - Víðistaðaskóli

**Málefni fatlaðs fólks**

» Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn
» Starfsmaður á heimili fólks með fötlun
» Framtíðarstarf á heimili fyrir fólk með geðfötlun
» Þroskaþjálfi - Smárahvammur

**Leikskólar**

» Leikskólakennari - Arnarberg
» Matráður - Arnarberg
» Þroskaþjálfi - Arnarberg
» Leikskólakennari - Bjarkalundur
» Leikskólakennari - Hlíðarberg
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hvammur
» Þroskaþjálfi - Hvammur
» Leikskólakennari - Hörðuvellir
» Þroskaþjálfi - Hörðuvellir
» Leikskólakennari - Norðurberg
» Aðstoðarleikskólastjóri - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Tjarnarás
» Leikskólasérkennari - Tjarnarás
» Leikskólakennari - Vesturkot
» Aðstoð í eldhús - Víðivellir
» Leikskólakennari - Víðivellir
» Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Önnur störf**

» Daggæslufulltrúi - Fræðslu- og frístundaþjónusta
» Þjónustufulltrúi - Fjölskylduþjónusta

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201806/1323 |
| Sérfræðingur | Fjársýsla ríkisins | Reykjavík | 201806/1322 |
| Rekstrar- og mannauðsstjóri | Kærunefnd útlendingamála | Reykjavík | 201806/1321 |
| Ráðgjafi | Fjölmenningarsetur | Ísafjörður | 201806/1320 |
| Forstöðumaður fjármálainnviða | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201806/1319 |
| Barnalæknir | HH Sólvangi lækningar | Hafnarfjörður | 201806/1318 |
| Hagfræðingur á nefndasviði | Alþingi | Reykjavík | 201806/1317 |
| Lögfræðingur á nefndasviði | Alþingi | Reykjavík | 201806/1316 |
| Ráðgjafi/stuðningsfulltrúi | Landspítali, SEG | Reykjavík | 201806/1315 |
| Sjúkraliði | Landspítali, SEG | Reykjavík | 201806/1314 |
| Deildarstjóri, kennslusvið | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1313 |
| Verkefnisstjóri rafræns prófhalds | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1312 |
| Verkefnisstjóri fjármála | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1311 |
| Doktorsnemi, þróunar- og stofne. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1310 |
| Nýdoktor, þróunar- og stofne. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1309 |
| Doktorsnemi, uppeldis- og m. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1308 |
| Doktorsnemi, umhverfis- og auðl. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201806/1307 |
| Lögfræðingur á lagaskrifstofu | AL lagaskrifstofa | Reykjavík | 201806/1306 |
| Lögfræðingur á innheimtusviði | Tollstjóri | Reykjavík | 201806/1305 |
| Starfsmaður á heimag.vakt | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsv. | Kópavogur | 201806/1304 |
| Sérfræðingur á heimag.vakt | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsv. | Kópavogur | 201806/1303 |
| Löglærður fulltrúi á heimag.vakt | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsv. | Kópavogur | 201806/1302 |
| Starfsmaður | Landspítali, þjónustudeild rekstrarsv. | Reykjavík | 201806/1301 |
| Hjúkrunarfræðingur í geðhvarfat. | Landspítali, Laugarásinn | Reykjavík | 201806/1300 |
| Deildarstjóri eldhúss og matsala | Landspítali | Reykjavík | 201806/1299 |
| Sjúkraliði á skurðlækningadeild | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201806/1298 |
| Mannauðsstjóri/lögfræðingur | Ríkisendurskoðun | Reykjavík | 201806/1297 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, vöknun | Reykjavík | 201806/1296 |
| Framhaldsskólakennari í rafiðn. | Fjölbrautaskólinn á Vesturlandi | Akranes | 201806/1295 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201806/1294 |
| Gjaldkeri | Sýslumaðurinn á Vesturlandi | Akranes | 201806/1293 |
| Deildarritari á fæðingadeild | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201806/1292 |
| Verkefnastjóri í lögreglufræði | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201806/1291 |
| Framhaldsskólakennari | Fjölbrautaskólinn á Vesturlandi | Akranes | 201806/1290 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201806/1289 |
| Sjúkraliðar í heimahjúkrun | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201806/1288 |

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is



# Icepharma leitar að metnaðarfullum og drífandi einstaklingum í spennandi störf á Heilbrigðissviði

## Viðskiptastjóri

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Markaðssetning og sala á hjúkrunarvörum og lækningatækjum
- Myndun og viðhald tengsla við viðskiptavini
- Fundir og ráðstefnur innanlands og erlendis
- Samskipti við erlenda birgja
- Útboðsgerð og verðfyrirspurnir
- Þátttaka í viðskiptaþróun og greining vaxtartækifæra
- Fræðsla og innleiðing auk eftirfylgni
- Aðkoma að áætlanagerð og eftirfylgni við áætlanir
- Þátttaka í teymisvinnu og uppbyggingu sviðsins

### Hæfniskröfur

- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda t.d. hjúkrunarfræði æskileg
- Reynsla af markaðsstarfi og sölu heilbrigðisvara er mikill kostur
- Greiningarhæfni og tölvulæsi
- Þjónustulund, fagmennska og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

## Vörustjóri í Rekstrardeild

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka og afgreiðsla pantana á vörum og þjónustu
- Umsjón með birgjum Rekstrardeildar og dagleg verkefni sem tengjast þeim
- Þjónusta við viðskiptavini
- Samstarf og samskipti við birgja og dreifingaraðila
- Tilboðsgerð vegna verðfyrirspurna

### Hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af vörustjórnun í heilbrigðisgeiranum er mikill kostur
- Mikil greiningarhæfni og tölvulæsi
- Þekking á innkaupum og innkaupaferlum
- Þjónustulund, fagmennska, skipulagshæfni og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og tengslamyndun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hjörtur Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðissviðs Icepharma, hjorturg@icepharma.is, 520-4323.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

**Icepharma** er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 100 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

icepharma

Umsóknarfrestur: **9. júlí**

Sótt er um á á vef Icepharma: **www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna** eða á **atvinna@icepharma.is**

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?

**Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

KELDUR

## Líffræðingur, lífeindafræðingur - Keldum

Á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er starf líffræðings eða lífeindafræðings laust til umsóknar.

**Starfssvið:**
- Vinna við bóluefnisframleiðslu
- Gæðaeftirlit tengt bóluefnisframleiðslu
- Aðstoð við blóðtökur
- Ætagerð fyrir sýklaræktanir og vinna henni tengd
- Gæðaeftirlit með sýklaætum
- Glasaþvottur og undirbúningur áhalda
- Önnur rannsóknastörf Tilraunastöðvarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Líffræðingur, lífeindafræðingur eða önnur sambærileg menntun.
- Reynsla af rannsóknastörfum.
- Góð tölvukunnátta.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum.

Starfshlutfall er 100% og þarf umsækjandi að geta hafið störf 1.9.2018.
Unnið er samkvæmt vottuðu gæðakerfi Tilraunastöðvarinnar.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga við fjármálaráðuneytið.
Tekið er mið af jafnréttisstefnu Keldna við ráðningu starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 9.7.2018.**
Umsókn ásamt ferilskrá sendist framkvæmdastjóra Keldna (netfang keldurstarf@hi.is). Öllum umsóknum verður svarað.
Nánari upplýsingar veitir Vala Friðriksdóttir (sími 5855100, netfang valaf@hi.is).

*Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun með margþætta starfsemi.*
*Stofnunin sinnir grunn- og þjónusturannsóknum í líf- og læknisfræði dýra og manna.*
*Tilraunastöðin sinnir einnig þjónustu vegna heilbrigðiseftirlits í dýrum og eftirlits með búvöruframleiðslu.*



## Ráðgjafi varahluta og þjónustu hjá MAX1 | Vélalandi

**MAX1 | Vélaland óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumóttöku að Dalshrauni 5 í Hafnarfirði.**

**Upplýsingar í síma 892 5064.**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

# Staðan í **dag** - hvað kýst **þú** ?



Verðin hér að neðan miðast við að 1 evra = 125 kr.
Samanburðartölurnar hér að neðan miðast við nýja 3ja herb. 75 fm íbúð
Aðrar tölur byggjast á daglegum innkaupum starfsfólks Spánarheimila
Um meðaltalstölur er að ræða



| | | |
|---|---|---|
| 38.000.000 kr. | Kaupverð - Reykjavík / Torrevieja | 17.000.000 kr. |
| 220.000 kr. | Leiguverð - Reykjavík / Torrevieja | 75.000 kr. |
| 15.000 kr. | Húsfélag pr. mán | 7.000 kr. |
| 17.000 kr. | Fasteignagjöld pr. mán | 3.000 kr. |
| 16.000 kr. | Rafmagns og vatnsreikningar pr. mán | 20.000 kr. |
| 5.000 kr. | Víðtæk heimilis - eigna trygging pr. mán | 2.500 kr. |
| 150.000 kr. | Kostnaður við að mála 75 fm íbúð að innan - efni + vinna | 80.000 kr. |
| 5,9-6,5 % | Óverðtryggðir vextir íbúðalána | 2,7-3,4 % |
| 60.000 kr. | Bílaleigubíll í tvær vikur að hausti | 32.000 kr. |
| 13.000 kr. | Kaskó trygging á ársgömlum bíl pr. mán | 5.000 kr. |
| 11.000 kr. | Að fylla meðalstóran bíl - 95 oktan bensín | 7.000 kr. |
| 25.000 kr. | Út að borða fyrir 4ra manna fjölskyldu á steikarstað | 10.000 kr. |
| 10.500 kr. | Matarkarfa með helstu nauðsynjum | 3.500 kr. |
| 3.200 kr. | 16" pizza á Domino's | 1.100 kr. |

SPÁNARHEIMILI.IS spánarheimili 5-585858

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**

Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 25/6, 23/7, 3/9, 1/10, 29/10, 26/11. 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 28/5: 4weeks/ vikur x 5 days/daga. 2-6 students/ nem. Morn/Aftern/Evening.Morgna/ Síðd/Kvöld. www.iceschool.is - ff@ icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Tómstundir & Ferðir

## Gisting

**- SÓL OG SUMAR Á TENERIFE -**

Til leigu 3ja herb. íbúð á Tenerife. Uppl. í síma 893 3475.




# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 2JA HERB. ÍBÚÐ**

Til leigu góð 2ja herb. 70 fm íbúð með yfirbyggðum svölum í Krummahólum. Íbúðin laus um mánaðarmótin júní-júlí. Reglusemi áskilin.

**Svar sendist á antonben@ simnet.is**

## Húsnæði óskast

**EINBÝLI / HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 RVK**

**EÐA NÁGRENNI ÓSKAST**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

## Húsnæði til sölu

**AUSTURBRÚN - ÍBÚÐ TIL SÖLU.**

Til sölu er 50 m2 góð íbúð í vönduðu háhýsi við Austurbrún, Reykjavík. Besta útsýnið er frá þessari íbúð. Íbúðin selst á sanngjörnu verði, ef samið verður strax.

**Áhugasamir beðnir að hafa samband á netfangi : jonss15@ simnet.is og öllum verður svarað.**

## Sumarbústaðir



**STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!**

12 manns. Verð 40.000 þús kr. nóttin virka daga og 45 þús kr. nóttin um helgar, lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 & ktsumarhus@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Looking for a technician to manage windows installations and cladding. Painting workers and plasterers also needed in new hotel Keflavik. Phone: e-mail: Santon@mi.is

Firma Anton z Keflaviku (Islandia) poszukuje specjalisty od montazu okien i prac elewacyjnych, malarzy oraz gipsiarzy. Telefon: 664-5900

**- TRAILER BÍLSTJÓRA VANTAR -**

Silfri ehf óskar eftir trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Óskum eftir að ráða smiði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

**HÚSASMIÐUR - VERKSTJÓRI Á AKUREYRI**

Verktakafyrirtæki með góða verkefnastöðu óskar eftir að ráða verkstjóra.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í húsasmíði
- Reynsla af mótauppslætti
- Enskukunnátta

**Umsóknir sendist á verk.job@ gmail.com og nánari uppl. í s. 840 0609**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**






Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Tilboð**

**Indverskt höfuð og andlitsnudd, litun og plokkun á augabrúnir**
***á aðeins 5.500.-***

***Verið hjartanlega velkomin.***

Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND **Startarar og Alternatorar**

- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

**89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring**




* meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

## 60 ára



**Auður Einarsdóttir á 60 ára stórafmæli á morgun, 1. júlí.**

Fjölskyldan óskar henni innilega til hamingju með afmælið.



✝

Kær systir okkar og frænka,

**Guðrún Magnúsdóttir**

frá Engjabæ,
Kleppsvegi 40,

lést 14. júní á Landakoti. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju 3. júlí kl. 15.

**Hrefna Magnúsdóttir**
**Guðmundur Magnússon**
**og systkinabörn.**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Grétar Ólafsson**

tæknifræðingur,
Víðilundi, Akureyri,

var jarðsunginn frá Akureyrarkirkju mánudaginn 25. júní í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum ættingjum og vinum auðsýndan hlýhug og samúð. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalarheimilinu Lögmannshlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

**Helga Jónsdóttir**
**Jón Sævar Grétarsson**
**Ólafur Grétarsson** **Jenný Guðmundsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Flóvenz Ólafsdóttir**

Kópavogsbraut 88,
fædd 17.8. 1927 í Viðey,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð miðvikudaginn 27. júní.

**Ólafur G. Flóvenz** **Sigurrós Jónasdóttir**
**Brynhildur G. Flóvenz** **Daníel Friðriksson**
**Margret G. Flóvenz** **Tryggvi Stefánsson**
**Gunnar G. Flóvenz** **Bera Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Sverrir Einarsson


Margrét Á. Guðjónsd.


Kristín Ingólfsdóttir


Hannes Ó. Sampsted

**Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is**
**Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.**

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

# Að vera kóngur í einn dag

**Hreimur Örn Hilmarsson, söngvari sveitarinnar Lands og sona, verður fertugur á morgun. Þó skin og skúrir skiptist á í lífi hans verður gleðin við völd í afmælinu.**



Hreimur kveðst vera með minnstu aldurskomplexa í heimi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þjóðin þekkir hann sem Hreim í Landi og sonum, og þó minna heyrist frá honum en fyrir nokkrum árum þá kveðst hann hafa nóg fyrir stafni. „Ég er mikið bókaður í prívatpartí og spila og syng fyrir fyrirtæki úti um allt. Ég hef líka verið með pub-quiz sem ég bjó til fyrir fyrirtæki og hópa og er gamaldags spurningakeppni. Hef verið með allt frá tíu manna hóp upp í fjögur hundruð í slíkum keppnum.“

Þetta er samt aukavinnan hans Hreims. Hann vinnur líka í fyrirtækinu Hr. Jón sem flytur inn hár- og skeggvörur, Warta rafhlöður, Russell Hobbs heimilistæki og George Foreman heilsugrill. „Það er dagvinnan mín,“ segir hann og kveðst eiga fyrirtækið með Jóni Guðmundssyni, bassaleikara úr hljómsveitunum Landi og sonum og Made in sveitin. „Saman myndum við Hr. Jón,“ bætir hann við til útskýringar.

Stóra spurningin er: Ætlar hann að halda upp á afmælisdaginn?

„Upphaflega ætluðu Land og synir að efna til tónleika í dag en hljómborðsleikarinn, Njáll Þórðarson, féll frá fyrir viku, eftir erfið veikindi, svo að af þeim verður ekki. Við syrgjum hann en verðum að halda áfram lífinu. Ég var með veislu í gærkveldi (föstudag) fyrir fjölskyldu og vini en afmælið er á morgun, sunnudag, og ég ætla að vera kóngur í einn dag. Byrja á að sofa pínu út, fá mér svo eitthvað gott að borða, fara kannski í smá hlaup, einhverja sjö, átta kílómetra, og taka síðan á móti gestum og gangandi, alveg slakur og að sjálfsögðu í faðmi fjölskyldunnar þar sem mér líður best.“

Konan Hreims er Þorbjörg Sif Þorsteinsdóttir snyrtifræðingur. „Við Þorbjörg erum búin að vera gift í ellefu ár í dag, þægilegt fyrir mig að muna brúðkaupsafmælið, það er degi fyrir afmælið mitt,“ segir hann glaðlega. „Við eigum þrjú börn, eina stelpu sem er að fermast á næsta ári og er brjáluð út í pabba sinn fyrir að vera ekki búinn að bóka sal fyrir veisluna. (Ég geri stundum grín að því að ég eigi ekki eiginkonu og dóttur, heldur tvær eiginkonur sem eru harðar í horn að taka!) Svo eru tveir strákar, sá eldri er fæddur 2008 og hinn verður fjögurra ára í haust. Það er líf og fjör í kringum mig og ég nýt hvers dags. Er með minnstu aldurskomplexa í heimi og reyni ekki að fresta neinu. Ef mér dettur eitthvað skemmtilegt í hug þá geri ég það. Er afskaplega hvatvís en á góða að sem stoppa mig ef ég er á leið í einhverja vitleysu.“

> **Ef mér dettur eitthvað skemmtilegt í hug þá geri ég það. Er afskaplega hvatvís en á góða að sem stoppa mig ef ég er á leið í einhverja vitleysu.**

gun@frettabladid.is



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Jóna Kristjana Jónsdóttir**

hárgreiðslumeistari,

lést á Landspítalanum mánudaginn 25. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju þriðjudaginn 3. júlí kl. 15.00.

**Jón Kristján Johnsen** **Sigrún Gunnarsdóttir**
**Hannes Johnsen**
**Lárus Kristján Johnsen**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurveig Garðarsdóttir Mýrdal**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum þriðjudaginn 27. júní.

**Sigurjón Mýrdal** **María Sophusdóttir**
**Garðar Mýrdal** **Ingibjörg Ósk Kjartansdóttir**
**Jón Agnar Mýrdal** **Vivian Hansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Yndislegi sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

**Vignir Már Einarsson**

lést í Danmörku þann 11. júní sl. Útför fer fram frá Langholtskirkju 3. júlí kl. 15.

**Sveinbjörg Steingrímsdóttir**
**Ingvar Ellert Einarsson**
**Róbert Jónsson** **Hrefna Grétarsdóttir**
**Ragnar Ingi Einarsson** **Gunnhildur B. Jónasdóttir**
**og bræðrabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórhalla Davíðsdóttir**

Fannborg 8,

lést laugardaginn 16. júní. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Davíð Aðalsteinn Sverrisson**
**Sigríður María Sverrisdóttir** **Þorvarður Hjalti Magnússon**
**Sverrir Þórarinn Sverrisson** **María Pálmadóttir**
**Torfi Ólafur Sverrisson** **Inga Björg Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Veljum listamennina vel

**Sumartónleikar í Listasafni eru að sigla af stað þrítugasta sumarið í röð nú á þriðjudaginn. Reynir Hauksson ætlar að seiða þar fram gítartóna frá Andalúsíu á Spáni.**

Við höldum úti þessari tónleikaröð af hugsjón og gefum okkur ekki. Þeir eru almennt vel sóttir og það er réttlæting okkar fyrir að vera til. Við veljum listamennina vel,“ segir Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari um hina rótgrónu Sumartónleika Listasafns Sigurjóns Ólafssonar sem verða á Laugarnestanga á þriðjudögum næstu vikur, þrítugasta sumarið í röð. Að venju hefjast þeir klukkan 20.30 og standa í um klukkustund. Þar verður því hægt að upplifa sumarkvöld við sæinn með ljúfri tónlist innan um heimsklassa höggmyndalist – umvafin sögu staðarins, allt frá landnámi til nútíma.

Gítarhljómur verður nokkuð áberandi í tónleikaröðinni þetta árið. Reynir Hauksson gítarleikari og tónskáld ríður á vaðið næsta þriðjudag, 3. júlí, með seiðandi tónlist frá Andalúsíu, eftir spönsk tónskáld og sjálfan sig. Fleiri gítaristar koma við sögu síðar, meðal annars félagarnir í Guitar Iclancio sem fagna 20 ára starfsafmæli með tónleikum 24. júlí. Inn á milli eru svo þrennir sönglagatónleikar og forvitnileg dagskrá fyrir flautu og píanó.

Tónlistin hefur ætíð skipað sinn sess í menningarstarfi Sigurjónssafns. Heimili hjónanna Birgittu og Sigurjóns ómaði af tónlist, öll fjögur börn þeirra lærðu á hljóðfæri og þrjú þeirra lögðu tónlist fyrir sig. Ein þeirra er Hlíf sem ætlar að koma fram með danska verðlaunagítarleikaranum Søren Bødker Madsen á lokatónleikunum 14. ágúst.

Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleika og þar gefst tónleikagestum kostur á að hitta flytjendur. **gun@frettabladid.is**



**Hlíf Sigurjónsdóttir stendur fyrir tónleikahaldinu í Listasafni Sigurjóns, ásamt manni sínum Geirfinni Jónssyni og móður sinni Birgittu Spur.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

---



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Björgvin Valdemarsson**

fv. verslunarstjóri ÁTVR,

lést í faðmi ástvina mánudaginn 25. júní sl. Jarðsett verður í Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 6. júlí nk. kl. 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sólvangs, 4. hæð, fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Brynhildur Sverrisdóttir — Atli Guðmundsson**
**Júlíus Atlason — Lilja Björk Einarsdóttir**
**Jórunn Atladóttir — Albert Steinn Guðjónsson**
**Sóley Birna, Björgvin Atli, Bjarki Marinó, Gabríela og Dagur Snær**

---



Ástkær maður minn, faðir minn, afi okkar, bróðir og vinur,

**Friðrik G. Friðriksson**
**(Frissi fararstjóri)**

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 26. júní. Útför hans fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa endurhæfingarmiðstöðinni á Reykjalundi að njóta þess.

**Lísa Kristinsdóttir**
**Þorsteinn Baldur Friðriksson**
**Anna Lára Friðriksdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Áslaug Hartmannsdóttir**

sérkennari, til heimilis að Lindasmára 24,

lést á heimili sínu 23. júní síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.

**Hartmann Ingvarsson**
**Kristín Ósk Ingvarsdóttir — Emil Hjörvar Petersen**
**Ronja Áskatla Petersen og Þrándur Alvar Petersen**

---



Ástkær systir okkar,
mágkona og frænka,

**Ragnheiður Arnoldsdóttir**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Boðaþingi 7 í Kópavogi sunnudaginn 24. júní sl. Útför Ragnheiðar fer fram frá Selfosskirkju miðvikudaginn 4. júlí kl. 14.

**Guðmundur P. Arnoldsson — Hildur Einarsdóttir**
**Björn Arnoldsson — Elín Eyfjörð Guðmundsdóttir**
**Ásgeir Arnoldsson — Gunndóra Viggósdóttir**
**og systkinabörn.**

---



Ástkær móðurbróðir og mágur,

**Guðlaugur Konráðsson**

vélstjóri,

lést á Droplaugarstöðum í Reykjavík 29. maí. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Konráð Skúlason**
**Matthías Skúlason**
**Skúli Matthíasson**

---



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján H. Þórðarson**

Ytra-Krossanesi,

lést fimmtudaginn 21. júní. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 2. júlí klukkan 13.30.

**Guðmundur Kristjánsson — Manevan Yothakong**
**Laufey Kristjánsdóttir — Jósep Hallsson**
**Ingvar Kristjánsson — Sigurlaug Stefánsdóttir**
**Arnar Kristjánsson — Katrín Eiðsdóttir**
**Brynjar Kristjánsson — Freydís Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Þökkum innilega alla samúð og hluttekningu við andlát og útför

**Sigurðar Þorsteinssonar**

fyrrverandi bónda á Skúfsstöðum,

síðar skógarbónda Melum, Hjaltadal.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Maðurinn minn,

**Þórður Þórðarson**

lést á Sjúkrahúsinu í Silkeborg 10. júní 2018. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**María Ólafsdóttir**

---



Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Lárus J. Helgason**

geðlæknir
Miðleiti 7,
Reykjavík,

lést að Vífilsstöðum laugardaginn 23. júní. Jarðarförin fer fram í Bústaðakirkju, fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Geðvernd (Geðverndarfélag Íslands).

**Ragnhildur Jónsdóttir**
**Marta Lárusdóttir — Ólafur Þór Ævarsson**
**Helgi Lárusson — Hólmfríður Haraldsdóttir**
**Guðrún Lárusdóttir — Vignir Sigurðsson**
**Rafnar Lárusson — Þorbjörg Matthildur Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ingibjargar Jónu Jónsdóttur**

sérkennara á Akranesi,
Nýhöfn 4, Garðabæ.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki 11B, 11G og líknardeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun og hlýhug í veikindum hennar.

**Ingjaldur Bogason**
**Ingibjörg St. Ingjaldsdóttir — Guðmundur R. Guðmundsson**
**Sólborg Þóra Ingjaldsdóttir — Einar Geir Hreinsson**
**Guðríður Björnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Þökkum auðsýnda samúð vegna andláts og útfarar ástkærrar sambýliskonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Bjarnheiðar Gísladóttur**

Berugötu 14, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks HSV Akranesi fyrir hlýju og góða umönnun.

**Auðbjörg Friðgeirsdóttir — Úlfar Ragnarsson**
**Þórarinn M. Friðgeirsson — Ásdís H. Júlíusdóttir**
**Arnar Þ. Friðgeirsson**
**Guðjón Viggósson og fjölskylda**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Kristjón Skarphéðinsson**

rafvirkjameistari,
Borgarnesi,

lést föstudaginn 22. júní. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 14.00.

**Sigrún Dagmar Elíasdóttir**
**Guðmundur Karl Bjarnason — María Gína Bjarnason**
**Ingibjörg Elín Bjarnadóttir — Jón Ástráður Jónsson**
**Inga Vildís Bjarnadóttir — Sveinbjörn Eyjólfsson**
**Berglind Bára Bjarnadóttir — Magnús Helgi Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**F Ó T B O L T A M Ó T**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| M | A | N | N | A | L | Á | T | A | | S | | B | | U | | I | | H | |
| E | | A | | X | | L | | U | P | P | V | A | K | N | I | N | G | A | R |
| S | Í | F | E | L | L | D | A | R | | Á | | K | | D | | N | | U | |
| S | | N | | A | | Ó | | A | N | D | V | A | R | A | L | E | Y | S | I |
| A | F | T | U | R | Á | S | A | R | | Ó | | Ð | | N | | Y | | T | |
| G | | O | | B | | A | | N | | M | A | R | G | F | Ö | R | U | L | L |
| U | N | G | M | E | Y | N | N | I | | U | | A | | A | | A | | A | |
| T | | U | | I | | N | | R | Ó | M | A | R | F | R | I | Ð | I | N | N |
| T | Ö | Ð | U | N | N | A | R | | L | | T | | | A | | | | G | |
| A | | U | | | Á | | A | | M | Æ | R | Ð | A | R | L | E | G | A | N |
| R | I | M | L | A | K | A | S | S | A | | I | | Ð | | A | | Ö | | |
| | N | | E | | U | | S | | S | Á | Ð | F | R | U | M | U | N | N | I |
| H | N | E | I | G | Ð | U | M | | T | | U | | E | | P | | G | | L |
| | S | | K | | U | | Æ | | U | N | N | E | N | D | A | | U | | L |
| S | T | A | G | L | N | Á | L | A | R | | U | | N | | S | A | F | A | R |
| | U | | E | | G | | I | | | S | M | Á | S | Ö | K | | É | | Á |
| S | N | E | R | T | I | K | R | A | F | T | | | L | | E | F | L | I | Ð |
| | G | | Ð | | | Æ | | F | | E | L | L | I | Æ | R | | A | | A |
| H | U | G | U | M | S | T | Ó | R | A | R | | | N | | M | | G | | R |
| | M | | M | | | I | | Ó | | A | T | H | U | G | A | S | A | M | A |

**LAUSNARORÐ** Vísbending f. lausnarorð: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúruperla. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 6. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „30. júní“.




FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Fyrir fallið** eftir **Noah Hawley** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Páll Helgason, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Völur agnsins freista meindýrsins (12)
**11** Boðar bæja bara og samkomustaða (9)
**12** Lágfóta að pissa á sig? Þessi hleypur hana uppi! (12)
**13** Öfugsnúið drasl gengur eins og smurt (5)
**14** Ganga þar saman drengir og dusilmenni (10)
**15** Þetta sport er mikið basl (5)
**16** Frostpinnar hinna fyrstu stingandi strába (7)
**17** Fjötruðu fis hinna óbundnu slóða (8)
**18** Vinkona varstu líf mitt langt (5)
**19** Innar í mínum ranni geymir hann glóð (5)
**20** Akkúrat, setjum gallharðan flokkshest innfyrir vörnina (12)
**21** Hví aflagar þú kraga? (5)
**23** Sakna spónaplötu úr aski hálfguðs (7)
**24** Bar á stakk og stóran fisk (8)
**29** Ja, úr öðru tímabili miðlífsaldar, segirðu? (4)
**31** Snemma fann ég fúasprek við ósa hennar (8)
**33** Meðan ég var að vefa notaði illvættur tímann til að elda (8)
**35** Litið legg og stígið svo skrefið til fulls (8)
**36** Legg tuskur tátu á diska dúkku (8)
**37** Tel bæði lút og leiði samrænast reglum (6)
**38** Bind vonir við lognmollu (8)
**39** Unnur fær áfall er hún heyrir söng aldanna (8)
**40** Sá illi setur skíðin úr skorðum (6)
**44** Vík ég þá sögu að nákvæmlega tilskornum flíkum (9)
**45** Hopaði sú hýra fyrir öðru um tíma? (8)
**46** Held að athygli sé mikilvæg á vakt (5)
**47** Þekki Zorró. Hann fílar nætur (9)

### LÓÐRÉTT

**1** Tel kraft frjálsrar veru lítinn sem engan (11)
**2** Krá ævi minnar er kráin þín; þar gleymi ég öllu streði (11)
**3** Veistu um innkaupalista Jónasar Hallgrímssonar? (11)
**4** Djúpur bassi boltans leitar sveppsins (11)
**5** Fela Kuti hitti ruglaðan Íra í gerðunum (12)
**6** Nesjaleiðslan kallar á tilvist tiltekinna tóla (11)
**7** Uppvakningspía elskar ærsl og eilífðina (12)
**8** Nýt þess að sjá tún verða græn – slík er einfeldni mín (10)
**9** Dreki sjóræningja frá Folafæti (10)
**10** Leita kústa óbreyttra en erfiðra manna (10)
**22** Eru gæflyndi og ógeð þá samheiti? (9)
**25** Óglöð yfirgefa þau þjóðveg 1 fyrir fullt og allt (10)
**26** Keyri þær kófdrukknar og síkjökrandi í kaf þéttra, dýrslegra hára (10)
**27** Heyrði slúður um gingöng (10)
**28** Þessi mynd heitir Tungutak (7)
**30** Hér segir af mátunum og þeim tímamótum mörkuð eru með þeim (9)
**31** Teljum víst að þá myndum við verða slompuð (9)
**32** Ungbarn sofnar undir mjúku nöldrinu (7)
**34** Þessi heit, karl minn, strengdi traustur gaur (8)
**41** Skessan hjólar í þræl (4)
**42** Drekk í mig söguna um hinn áttavillta Gosa (4)
**43** Þetta er einhver kveisa segir sá lati, léttruglaður (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | 7 | 3 | | 6 | |
| | | 5 | 4 | | 2 | 8 | 3 | 7 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | |
| | | | | 3 | | 6 | 5 | |
| 3 | | 9 | | 4 | | | 2 | |
| | 7 | | | | 4 | | | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | 7 | 1 |
| | 2 | 3 | | 9 | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 4 | 7 | | | | 1 | |
| | 5 | 1 | | 8 | | | | |
| 6 | | 7 | | | 4 | | | |
| | 7 | | | | 9 | | | 4 |
| | | 2 | | | 3 | 6 | 5 | |
| 4 | | 6 | | | | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 2 | | 3 | 8 | | | 1 | | |
| 5 | 4 | | | | | | | 7 |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 6 | 1 | | | | | |
| 9 | | | 2 | | 7 | | | |
| | | 2 | 9 | | 5 | 7 | | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| | | | | | | | | |
| | | | 5 | | 6 | | 9 | 8 |
| 1 | | | | | | | | 4 |
| 2 | 8 | | 7 | 1 | | | 6 | 3 |
| | | 7 | | | | | | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 |
| 9 | 4 | 2 | 1 | 5 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 2 | 6 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 6 | 1 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 5 | 3 | 4 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 6 | 2 | 3 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 5 | 2 | 4 | 9 | 8 | 7 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 9 | 1 | 7 | 8 | 4 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson



Melikov átti leik gegn Schachnasrov árið 1974.

**Hvítur á leik**

**1. Dxg8+!! Kxg8 2. Rf6+! Bxf6 3. Bxe6+ Kh7 4. g8D+ Kxh6 5. Bf5 Bg7 6. Dh7+ Kg5 7. Dg6+ Kf4 8. Rd5+ Kf3 9. Dg2# 1-0.**

Hannes Hlífar endaði í 2.-4. sæti á alþjóðlegu móti í Tékklandi sem lauk í gær.

**www.skak.is:** Ný alþjóðleg skákstig um helgina.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## MIKILVÆGUR GRÓÐI

Frændur okkar Norðmenn lönduðu sigri á Evrópumótinu í opnum flokki í borginni Ostende í Belgíu. Þeir enduðu með 417,25 stig en helstu keppinautar þeirra, Ísraelsmenn, enduðu með 415,34 stig. Stig Norðmanna jafngilda rúmlega 12,64 stigum í leik. Liðsmenn Noregs voru: Allan Livgard, Boye Brogeland, Espen Lindqvist, Nils Kare Kvangraven, Terje Aa og Ulf Haakon Tundal. Pólsku konurnar unnu sigur í kvennaflokki og Frakkar í heldri flokki (senior). Norðmenn mættu liði Þýskalands í opnum flokki í 32. umferð (af 33) og höfðu Norðmenn mikilvægan stóran sigur 17,17-2,83 (51-18 impar) í þeim leik. Norðmenn græddu vel á þessu spili í leiknum (15 impar). Suður gjafari og allir á hættu:

**Norður**
♠ 8
♥ 953
♦ 763
♣ ÁDG876

**Vestur**
♠ KG974
♥ ÁD876
♦ K10
♣ K

**Austur**
♠ D106
♥ KG10
♦ DG9852
♣ 9

**Suður**
♠ Á532
♥ 42
♦ 42
♣ 105432

Í opnum sal sigldu Brogeland og Lindqvist rólega upp í 4♠ (í AV) án afskipta andstæðinganna og unnu þá slétt. Norðmenn skiptu sér lukkulega af sögnum í lokuðum sal (Livgard og Aa). Eftir spaðaopnun Roy Vellands í vestur kom Livgard inn á 2♣ á norðurhöndina. Sabine Auken, í austur, gaf spaðastuðning með 2♠ og Aa stökk beint í 5♣ sem var einstök fórn. Sú sögn gekk yfir til Sabine sem leist ekki á að verjast í 5♣ og sagði 5♦. Þá sögn doblaði Aa og spilið fór 2 niður (500).


KRÓNAN
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
Nýtt!
GOURMET
GRÁÐAOSTA
BORGARAR
GOURMET
BEIKON
BORGARAR
NORÐLENSKA
CHILI-PIPAR
BORGARAR
NORÐLENSKA
100%
hamborgara-
búðin þín!
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.
NÝ AÐFERÐ
Betri hamborgari!
alltaf 2 stk. í pakka
Fylltir hamborgarar, 2x120 g
599 kr. pk.
VEGAN
vegan
Gestus
SOUR CREAM AND ONION CHIPS
COOKED SLOWLY
EXTRA CRISPY
SEASALT CHIPS
COOKED SLOWLY
IMPORT
FABRIKKU SMÁBORGARAR
12 stk. í pakka
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.
699 kr. pk.
Gestus snakk, 100 g
199 kr. pk.
12 smáborgarar og brauð,
Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 1. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRAKKAR



## Konráð og félagar á ferð og flugi

308

„Þetta finnst mér gaman, eldspýtnaþraut!“ sagði Lísaloppa og ljómaði öll. Ekki var Kata jafn ánægð. „Þú og þínar eldspýtnaþrautir,“ sagði hún önug. „Þér finnst þær bara skemmtilegar af því að þú ert betri í þeim en við,“ bætti hún við. „Sko,“ sagði Lísaloppa. „Hérna eru þrír jafn stórir ferhyrningar, getur þú fært til aðeins tvær eldspýtur svo úr verði klukkan 30 mínútur yfir fjögur?“ Róbert horfði vantrúaður á eldspýtnaþrautina. „Það er ekkert hægt að leysa þessa þraut,“ sagði hann fúll. „Svona nú,“ sagði Lísaloppa. „Þið getið nú reynt að leysa þessa þraut.“ „Nei,“ sagði Kata önug. „Ég neita að leysa fleiri eldspýtnaþrautir.“ „Þér gekk nú ekkert svo illa með þá síðustu var það nokkuð?“ sagði Lísaloppa. Kata hugsaði sig um smá stund. „Allt í lagi,“ sagði hún stundarhátt og það mátti heyra að keppnisskapið var komið í hana. „Upp með ermarnar, við leysum þetta.“

Getur þú leyst þessa eldspýtnaþraut?



Það má aðeins færa tvær eldspýtur til að mynda klukkuna 30 mínútur yfir fjögur. Ekki má brjóta né beygja neina eldspýtu.

## Brandarar

Tveir gamlir hittust í Hljómskálagarðinum og annar segir: Jæja, þá er maður búinn að fá sér heyrnartæki og nú heyri ég bókstaflega hvert einasta orð sem sagt er við mig.
Það er nú gott, segir hinn. Og hvað kostar nú svona tæki?
Korter yfir fjögur.

Lítill drengur settist í stólinn hjá tannlækninum og byrjaði um leið að öskra af miklum krafti.
Hvað er að þér drengur, ég hef ekki snert þig ennþá.
Þú stendur á tánni á mér.



Læknir, ég hrýt svo mikið á næturnar að ég held vöku fyrir sjálfum mér. Það er óskemmtilegt.
Hvað á ég að gera?
Reyndu að sofa í öðru herbergi.

## Lausn á gátunni

Takið efstu eldspýtuna á fyrsta kassanum og færið hana fyrir neðan hægri eldspýtuna, þá eru þið komin með töluna fjóra. Færið svo eldspýtuna sem er vinstra megin í miðkassanum og setjið hana þvert inn í kassann, þá eru þið komin með töluna þrjá.

## Lestrarhestur vikunnar

### Elmar Bjarki Agnarsson

**Hvað er skemmtilegast við bækur?** Þær geta bæði verið spennandi og fróðlegar.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún?** Ég las Kaptein ofurbrók, hún fjallar um vinina Georg og Harald sem búa hlið við hlið og eiga trékofa saman. Trékofinn er staðsettur á lóðarmörkunum og það er hægt að fara inn í hann báðum megin. Í trékofanum hittast vinirnir og búa til teiknimyndasögur saman. Í bókinni fóru þeir inn í tímavél þar sem þeir enduðu í öðrum heimi þar sem allt var öfugt við þeirra heim.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Syrpa.



Elmar Bjarki var alveg í skýjunum með bókina sem hann fékk.

**Hvernig bækur þykir þér skemmtilegastar?** Ævintýrabækur.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Vættaskóla-Borgir.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Ég fer reglulega.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Körfubolti, flugvélar og geimurinn.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs meðal barna. Á bókasafninu skrifa þau nafn á áhugaverðri bók sem þau hafa lesið á bókarkjöl ásamt nafni, aldri og símanúmeri. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.



Þórdís hefur klifrað í klettum, siglt á skútu og hleypt á stökk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Er í hraða hópnum á reiðnámskeiðinu

**Þórdís Sigtryggsdóttir hefur áhuga á mörgu, svo sem siglingum, hestamennsku, ballett, skautahlaupi og klifri. En er óákveðin með hvað hún vill verða.**

Þórdís Anna Sigtryggsdóttir er níu ára og er mætt í viðtal snemma dags. Fyrsta spurning sem hún fær er:

**Hvort ertu kvöldsvæf eða morgunsvæf?** Mér finnst gaman að vaka á kvöldin en ég get það ekki þegar ég þarf að fara snemma á fætur daginn eftir, eins og þegar ég er í skólanum. Í sumar hef ég dálítið verið á námskeiðum en þau byrja eftir hádegi.

**Hvaða námskeiðum?** Ég var fyrst á siglinganámskeiði í Nauthólsvíkinni og núna er ég á reiðnámskeiði uppi í Mosfellssveit.

**Ertu með góðan hest?** Já, ég er með sama hestinn alla vikuna, það er hryssa sem heitir Heiða, hún er orðin vinur minn.

**Hefurðu dottið af baki?** Nei, samt förum við stundum hratt. Það er mest gaman. Þá fara hestarnir heldur ekki eins mikið í grasið, þeir eru bara að hugsa um götuna.

**Ertu í stórum hóp?** Það er skipt í þrjá hópa á námskeiðinu, hæga hópinn, miðhópinn og hraða hópurinn. Ég er í hraða hópnum. Við erum fá í honum.

**Hefur þú verið áður á reiðnámskeiði?** Já, hestamennska er eitt af áhugamálunum mínum.

**MÉR FANNST GAMAN AÐ FARA ÚT Á SJÓ, SKEMMTILEGAST VAR AÐ SIGLA Á SEGLBÁT.**

**Heldurðu að þú fáir þér hest?** Mig langar til þess en þá þarf ég að eiga fleiri en einn því hestar eru svo félagslyndir, þeir eru hópdýr.

**Það er rétt. En hvernig var á siglinganámskeiðinu. Var ekki alltaf kalt?** Nei, nei. Stundum var rigning en það var allt í lagi. Mér fannst gaman að fara út á sjó, skemmtilegast var að sigla á seglbát. Svo lærðum við líka á árabáta og kajaka.

**Áttu fleiri áhugamál?** Já, það er til dæmis ballett, skautar og klifur. Ég er í ballettskóla sem heitir Plié, æfi í Skautahöllinni og klifra í Klifurhúsinu. Svo hef ég klifrað í alvöru klettum undir Akrafjallinu með pabba, hann er dálítið í klettaklifri.

**Ertu farin að spá í hvað þig langar að verða þegar þú verður stór?** Nei, ég er svolítið óákveðin með það.

**Hvað er það sérstakasta sem þú hefur upplifað.** Ég er ekki alveg viss. Kannski var það fyrsta langa ferðin mín á hestbaki, við förum mikið yfir ár og svolítið mikið á stökk líka.


ÚTSALAN ER HAFIN
30-70%
AFSLÁTTUR*
ÚRVALIÐ ER
Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Suðvestlæg átt. Rigning víða vestan til á landinu fram yfir hádegi en skúrir víða um land síðdegis, síst þó á Austfjörðum. Hiti 10 til 19 stig, hlýjast austanlands.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 23° | Oslo 22° | Stokkhólmur 18° | Gautaborg 24° | Helsinki 17° | Þórshöfn 10° | Nuuk 6° |
| London 25° | Amsterdam 24° | París 30° | Berlín 21° | Madríd 22° | Brussel 28° | Róm 33° |
| Boston 22° | New York 23° | Orlando 25° | Moskva 28° | Singapúr 27° | Tókýó 25° | Sydney 10° |




## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 9° ↑6 | 9° ↗5 | 9° ↖5 | 13° ↖6 | 12° ↘5 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↗10 | 7° ↗10 | 8° ↗4 | 13° ↗9 | 15° ↙4 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 12° →3 | 17° ↗12 | 12° →2 | 17° ↖1 | 17° ↓3 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 13° →5 | 20° ↓3 | 17° ↑4 | 20° ↓4 | 20° ↖4 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ↗4 | 10° ←2 | 10° ←3 | 16° ↖5 | 14° ↖5 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




FRÍSTUNDAHEIMILI
OG FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR
REYKJAVÍKURBORGAR
SVEINN
ÆTLAR
AÐ VERÐA
STÓRMEISTARI
LANGAR ÞIG AÐ VINNA
MEÐ FRAMTÍÐ LANDSINS?
Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar
óska eftir fólki til starfa
Við leitum að skapandi fólki með margvísleg áhugamál, reynslu og bakgrunn. Fólki sem hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum og unglingum og móta með þeim fjölbreytt og skemmtilegt frístundastarf. Frístundaheimilin eru starfrækt við alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Á frístundaheimilunum eru 6-9 ára börn.
Einnig vantar starfsfólk í sértækar félagsmiðstöðvar sem eru á fjórum stöðum í borginni. Þangað sækja 10-16 ára börn og unglingar frístundastarf eftir skóla.
Í boði eru hlutastörf með sveigjanlegum vinnutíma eftir hádegi.
Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/laus-storf/sfs
Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Rut og Björn með tónleika og fyrirlestraröð

**Þar sem áður var hlaða að Kvoslæk í Fljótshlíð er nú veglegur tónleikasalur. Þar heldur Rut Ingólfsdóttir tónleika og Björn Bjarnason hefur umsjón með fyrirlestraröð um fullveldi Íslands.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is





Rut og Björn hafa lagt sitt af mörkum til að auðga menningarlífið í Fljótshlíðinni síðustu árin og halda því ótrauð áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rut Ingólfsdóttir og Björn Bjarnason standa fyrir tónleikum og fyrirlestraröð að Kvoslæk í Fljótshlíð, sem er þeirra annað heimili en hitt er í Háuhlíð. Þau segjast reyna að skipta tíma sínum sem jafnast milli sveitar og borgar. „Að Kvoslæk erum við að gera það sama og í bænum. Björn skrifar í Morgunblaðið og á netið og slær á sumrin stóran garð hér í Háuhlíð og enn stærri þar. Ég æfi mig, þýði bækur úr frönsku og fer á sumrin út í garð að huga að blómum og reyta arfa á báðum stöðum,“ segir Rut.

Að Kvoslæk, þar sem áður var hlaða, er nú veglegur tónleikasalur. „Þegar við keyptum jörðina með öðrum á sínum tíma voru húsin ónýt og okkur sagt að við gætum hirt þau ef við vildum,“ segir Björn. „Við byrjuðum á því að gera íbúðarhúsið upp og ætluðum alltaf að gera upp gömlu útihúsin en fengum ekki smiði. Eitt haustið í vondu veðri fuku útihúsin út í móa og þá var auðséð að það var ekki hægt að gera við þau. Við vorum svo heppin að Sigurður Oddsson, sem þá var þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, hafði mælt og teiknað gömlu húsin þannig að hægt var að byggja þau á ný nákvæmlega eins og þau voru.“

„Mig langaði til að hafa þarna aðstöðu til að halda tónleika,“ segir Rut. „Hlaðan er niðurgrafin og djúp og því verður hátt til lofts og rýmið er mikið. Það er ótrúlega góður hljómburður í þessum sal.“

Björn segir miklar breytingar hafa orðið í Fljótshlíðinni frá því að þau Rut bjuggu þar um sig. „Ferðamannastraumurinn er mikill, hótel allt í kring og aðstaða fyrir húsbíla og sumarbústaðir verða stöðugt fleiri. Einhver sagði að það væri útihátíð um hverja helgi í Fljótshlíðinni.“

### Tónleikar með fólki úr sveitinni

Óhætt er að segja að þau hjón hafi lagt sitt af mörkum til að auðga menningarlífið í sveitinni. Rut hefur í nokkur ár haldið tónleika að Kvoslæk og Björn stendur þetta árið fyrir fyrirlestraröð um fullveldið. Fyrstu tónleikarnir að Kvoslæk voru haldnir árið 2011. „Þá héldum við Richard Simm píanóleikari fyrstu tónleikana. Síðan þá höfum við haldið á hverju ári nokkra tónleika. Oftast koma þá hljóðfæraleikarar frá Reykjavík en í fyrra kom einnig fram ungt fólk sem býr á þessu svæði,“ segir Rut.

Fernir tónleikar eru á dagskrá að Kvoslæk á þessu ári. Þeir fyrstu eru í kvöld, laugardagskvöldið 30. júní, klukkan 20.30 og á efnisskrá eru íslensk lög: Lindin, Vorgyðjan kemur, Gígjan og Dagný, svo nokkur séu nefnd. Flytjendur eru söngkonurnar Aðalheiður Margrét Gunnarsdóttir og Þóra Sigurborg Guðmannsdóttir. Glódís M. Guðmundsdóttir leikur með þeim á píanó. Eyrún Á. Gylfadóttir býður gesti velkomna með harmoníkuleik. Tónleikar verða síðan aftur að Kvoslæk 18. ágúst, en þar munu bræðurnir Bjarni og Einar Þór Guðmundssynir syngja við undirleik Guðjóns Halldórs Óskarssonar.

30. september munu Rut og vinir hennar leika verk eftir Mozart, Mendelssohn og Jón Ásgeirsson og 6. október syngur sönghópurinn Öðlingar þekkt lög undir stjórn Guðjóns Halldórs Óskarssonar.

Í fyrra fór Rut í mikið samstarf með rúmlega fjörutíu manns í kirkjukórum Breiðabólsstaðarprestakalls og Odda- og Þykkvabæjarkirkna og hélt hópurinn Bach-tónleika í þremur kirkjum. „Margir sem ég vann með þá koma fram á tónleikunum þetta árið, þrennir tónleikar af fernum eru eingöngu með fólki úr sveitinni,“ segir Rut.

> **ÞEIR LISTAMENN SEM KOMA FRAM Á TÓNLEIKUNUM VÖLDU EFNISSKRÁNA SJÁLFIR OG Í LJÓS KOM AÐ ÞEIR ERU ALLIR MEÐ ÍSLENSKT PRÓGRAMM.**

### Sjónum beint að fullveldinu

Um fyrirlestraröðina að Kvoslæk þar sem sjónum er beint að fullveldinu segir Björn: „Fullveldisnefnd auglýsti eftir umsóknum um verkefni og tekið var fram að æskilegt væri að þau dreifðust um landið. Ég hugsaði að skemmtilegt væri að vera með verkefni hér í Fljótshlíðinni og varð þá sérstaklega hugsað til þeirra Fjölnismanna Tómasar Sæmundssonar og Jónasar Hallgrímssonar en Tómas var prestur á Breiðabólsstað. Lárus Ágúst Bragason, sögukennari við Fjölbrautaskóla Suðurlands, er með mér í þessu verkefni og við fengum styrk úr fullveldissjóðnum, bjuggum til dagskrá og fengum prýðilega fyrirlesara til að koma hingað. Rangárþing eystra og Fljótshlíðin eru með þessum viðburðum tengd inn í þá heildarmynd sem nefndin var að sækjast eftir, að dagskrá væri víða um land.“

Fyrirlestrarnir að Kvoslæk eru fjórir og einn hefur þegar verið haldinn en þar talaði Sveinbjörn Rafnsson um upphaf sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og Finn Magnússon og Bjarna Thorarensen. Hinn 28. júlí mun Sveinn Yngvi Egilsson flytja erindi um félagslega þýðingu bókmennta í þjóðernislegu samhengi. Síðan kemur að Marion Lerner sem 25. ágúst ræðir um menntun og vísindi í þágu þjóðar og þá sérstaklega Tómas Sæmundsson og ferðabók hans. Marion er þýsk, kennir við Háskóla Íslands og talar prýðilega íslensku. Hún er að þýða ferðabók Tómasar yfir á þýsku og skrifar einnig skýringar. Það kemur síðan í hlut Gunnars Þórs Bjarnasonar að slá botninn í fyrirlestraröðina 8. september með erindi um Tómas Sæmundsson, sjálfstæðisbaráttuna og fullveldið 1918.

### Hugað að jólatónleikum

Rut segir fyrirlestraröðina um fullveldið og tónleikana að Kvoslæk tengjast á skemmtilegan hátt þótt ekki hafi verið sérstaklega hugað að því við undirbúninginn. „Fyrirlestrarnir tengjast árinu 1918, en það voru svo að segja engin tónskáld á Íslandi á þeim tíma. Þeir listamenn sem koma fram á tónleikunum völdu efnisskrána sjálfir og í ljós kom að þeir eru allir með íslenskt prógramm. Þarna eru alls konar perlur eftir menn eins og til dæmis Árna Thorsteinsson, Eyþór Stefánsson og Jón Ásgeirsson sem verður níræður í október. Þótt þessi lög séu samin eftir árið 1918 þá eru þau einstaklega þjóðleg. Í mínum huga tengjast þau fullveldisafmælinu á afar skemmtilegan hátt.“

Rut er þegar farin að huga að jólatónleikum. „Eftir vel heppnaða Bach-tónleika nú á föstunni með kórum úr þremur prestaköllum langar okkur til að endurtaka leikinn og halda jólatónleika með einsöngvurum sem búa á svæðinu og halda að nýju stóra tónleika á föstunni. Bach-tónleikarnir voru haldnir í þremur kirkjum og þessir verða í öðrum þremur.“

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA

# ÖFLUGUR LESTUR!




## HELGA INGÓLFSDÓTTIR (1942–2009)

„Söguleg bók sem segir frá semballeikaranum Helgu Ingólfsdóttur, sumartónleikum í Skálholtskirkju og sögu barokktónlistar á Íslandi.“

Bókinni fylgja sex hljómdiskar með leik Helgu.

VILDARVERÐ:
**13.599.-**
Verð:
16.999,-

Helguleikur




VILDARVERÐ:
**3.199.-**
Verð:
3.799.-

Kalak




VILDARVERÐ:
**3.399.-**
Verð:
3.999.-

Forystu-Flekkur
og fleiri sögur

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

| | | | |
|---|---|---|---|
